

**SKOÐUN** Halla Hrund Logadóttir skrifar um mikilvægi þess að berjast gegn loftslagsbreytingunum. 15



**MENNING** Hljómsveitin Maus stígur aftur á svið í lok mánaðarins eftir níu ára hlé. 30



**SPORT** Níu Evrópuþjóðir eru komnar með farseðilinn á HM í Brasilíu en hjá átta er umspilið fram undan. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**
16. október 2013
243. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## MARKAÐURINN



**Íslenskur bjór til átta landa**
Útflutningsverðmæti íslensks bjórs nam um 68 milljónum króna á fyrstu átta mánuðum þessa árs samanborið við 33 milljónir króna á sama tíma árið 2012. Sex bjórframleiðendur flytja út yfir 25 tegundir til átta landa.

## FRÉTTIR

**Endastöð við 76 ár** Ný lög útiloka að læknar starfi sjálfstætt eftir 76 ára aldur. Brot á mannréttindum segja læknar. 2

**Stressandi skólafrí** Grunnskólabörn í Reykjavík byrja í þriggja daga vetrarfrí á föstudag. Orlofsdagar foreldra eru mun færri en skólafrídagarnir. 4




14

| | | |
|---|---|---|
| Bolungarvík | 4° | NA 8 |
| Akureyri | 3° | NA 3 |
| Egilsstaðir | 4° | NA 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 6° | NA 6 |
| Reykjavík | 7° | NA 7 |

**NORÐAUSTAN** 5-13 m/s, hvassast NV-til og við S-ströndina. Skýjað norðaustan til og stöku él en annars yfirleitt bjart veður. Hiti 2-8 stig. 4

## 4 SÉRBLÖÐ

Markaður | Hugbúnaður og hugbúnaðargerð | Stöð 2 | Fólk






**SÖGULEG STUND Á ULLEVAAL** Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska landsliðsins, fer fyrir fagnaðarlátum strákanna í leikslok í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lars Lagerbäck segir engan hafa haft trú á möguleikum íslenska landsliðsins í undankeppni HM:

# Ísland tveimur leikjum frá HM í Brasilíu

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í fótbolta náði í gær sögulegum árangri þegar liðið tryggði sér sæti í umspili um laus sæti á HM í Brasilíu á næsta ári. Íslensku strákarnir fá að vita það á mánudaginn hverjir verða mótherjarnir í umspilinu í næsta mánuði en líklega verður það Króatía, Portúgal, Grikkland eða Svíþjóð.

„Þetta afrek er sérstakt. Á ferðalögum mínum í kjölfar þess að ég tók að mér starfið voru allir sem ég hitti eitt stórt spurningamerki. Hvers vegna hafði ég tekið þetta að mér? Hvers vegna að fara til Íslands? Þið eigið enga möguleika. Það gerir það enn þá yndislegra að eiga kost á tveimur leikjum í viðbót og geta komist til Brasilíu,“ sagði Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfari Íslands.

„Þetta er eitthvert ánægjulegasta móment sem ég hef upplifað á fótboltavellinum. Það er sérstaklega sætt þegar við erum svona lítið land að afreka þetta,“ sagði Kolbeinn Sigþórsson sem skoraði mark Íslands í 1-1 jafnteflinu við Norðmenn á Ullevaal í gær en hann skoraði þarna í fimmta landsleiknum í röð.

Kolbeinn skoraði eftir frábæra stoðendingu frá Gylfa Þór Sigurðssyni. Hann horfir bjartsýnn til umspilsleikjanna. „Það getur allt gerst í tveimur leikjum. Við getum átt frábæra leiki og lélega leiki líka. Við bíðum spenntir eftir nóvember,“ sagði Gylfi Þór Sigurðsson um umspilið. - óój, -ktd, sjá íþróttir síðu 24

# Karlar í lögreglunni vantreysta konunum

Karlkyns lögreglumenn viðurkenna oft ekki kvenkyns samstarfsmenn sem jafningja. Þetta er niðurstaða rannsóknar á stöðu kvenna innan lögreglunnar.

**JAFNRÉTTISMÁL** Algengt er að karlar sem sinna starfi lögreglumanna treysti ekki kvenkyns samstarfsmönnum sínum til jafns á við kynbræður sína og viðurkenni þær ekki sem jafningja í starfi.

Þetta er á meðal niðurstaðna rannsóknar sem Ríkislögreglustjóri lét vinna í samstarfi við kynjafræðideild Háskóla Íslands.

„Íhaldssömustu viðhorfin koma frá yngsta aldurshópnum, 20 til 29 ára. Þeirra viðhorf er mun íhaldssamara en þeirra sem eldri eru, sem er reyndar í takt við aðrar rannsóknir um jafnréttismál,“ segir Finnborg Salome Steinþórsdóttir, sem vann rannsóknina undir leiðsögn Gyðu Margrétar Pétursdóttur.

Staðan var kortlögð með gögnum frá lögregluembættum, spurningalisti var lagður fyrir alla lögreglumenn í maí og rætt við fyrrverandi lögreglukonur.

Innan við 13 prósent lögreglumanna í dag eru konur. Þær hafa verið á bilinu 11 til 13 prósent síðan 2006. Á sama tíma hafa konur hins vegar verið á bilinu 17 til 33 prósent brautskráðra nemenda frá Lögregluskólanum. Brotthvarf kvenna úr lögreglunni er því mikið. „Árið 2010, til dæmis, óskaði ein af hverjum tíu lögreglukonum eftir lausn frá embætti,“ segir Finnborg. - sh

### ➜ Verða fyrir áreitni

Rannsóknin leiðir meðal annars í ljós að margar konur í lögreglunni verða fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu karlkyns samstarfsmanna sinna. Þetta kemur fram í svörum þeirra við spurningalistanum sem lagður var fyrir alla lögreglumenn í maí.

Rannsókn doktorsnema:

## Erlend börn lögð í einelti

**SAMFÉLAGSMÁL** Börn af erlendum uppruna eru mun líklegri en íslensk til að verða fyrir einelti samkvæmt nýrri rannsókn. Börn af asískum uppruna virðast hafa það verst. - eh / sjá síðu 6










## SPURNING DAGSINS



Sveinbjörn, ertu ekki háspenntur fyrir línunum?

**„Nei, ég er mjög lágspenntur fyrir þeim.“**

Sveinbjörn Halldórsson, formaður Samtaka útivistarfélaga, segir að ný háspennulína yfir Sprengisand muni kljúfa hálendið í tvennt og eyðileggja stórmerkilega staði.

Agnes Heiða Skúladóttir sem sigraði í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins er í átján kvenna ljósmyndaklúbbi:

# Tók fyrstu myndina ellefu ára af vinkonum

**FÓLK** „Fyrsta myndin mín var örugglega af vinkonum mínum,“ segir Agnes Heiða Skúladóttir sem sigraði í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins. Þemað var útivist. Sigurmyndin, sem Agnes tók í réttum í Grýtubakkahreppi, birtist á forsíðu blaðsins föstudaginn 4. október.

Agnes segist hafa tekið myndir síðan hún var ellefu ára gömul og það voru vinkonur hennar sem hún festi fyrst á filmu.

Hún stofnaði ásamt vinkonum sínum ljósmyndaklúbbinn ÁLFkonur en hástafirnir standa fyrir „áhugaljósmyndarafélag“.

„Við erum átján í dag og erum búnar að halda ellefu til tólf samsýningar,“ segir Agnes.

Aðspurð hvers vegna vinkonurnar hafi stofnað sérstakan ljósmyndaklúbb fyrir konur, svarar Agnes: „Okkur fannst bara fáar konur virkar.“

Ljósmyndirnar eru svo birtar á Facebook-síðu hópsins sem ber sama nafn. Þess má geta að samkeppni Fréttablaðsins um bestu haustmyndina lýkur nú í kvöld. - vg



**AGNES SKÚLADÓTTIR** Ólafur Þ. Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, afhendir Agnesi verðlaun fyrir bestu útivistarmyndina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÍKFYLGD** Vörubíll flytur líkkistur flóttamannanna sem voru grafnir í gær í litlum kirkjugarði á Sikiley. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Versti flóttamannaharmleikur sögunnar við strendur Ítalíu:

# Fjöldagreftrun flóttamanna

**ÍTALÍA, AFP Fjöldi óþekktra flóttamanna lét lífið við strendur Ítalíu á dögunum þegar kviknaði í báti fullum af flóttamönnum frá Erítreu og Sómalíu með þeim afleiðingum að hann sökk.**

**Flóttamennirnir voru grafnir í gær í litlum kirkjugarði í bænum Piano Gatta, sem er nálægt borginni Agrigento á Sikiley, í nafnlausum gröfum. Ekki hafa verið borin kennsl á þá sem létust.**

**Forsætisráðherra Ítalíu, Enrico Letta, hafði lofað að halda opinbera athöfn fyrir flóttamennina en ekkert varð af því.** - fbj

Sjálfstæðismenn vilja nefnd:

# Rannsókn á Icesave-málinu

**ALÞINGI** Þingmenn Sjálfstæðisflokks hafa lagt fram þingsályktunartillögu um skipun nefndar sem rannsaka skuli embættisfærslur og ákvarðanir íslenskra stjórnvalda og samskipti við bresk og hollensk stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum Landsbanka Íslands.

Nefndin skuli skoða hvort ráðherrar eða embættismenn hafi fylgt lögum, brotið starfsskyldur eða gerst sekir um mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu fyrir íslenska ríkið og leggja mat á hverjir bera á þeim ábyrgð. - fbj

Skoðanakönnun um ESB:

# Meirihluti vill klára viðræður

**STJÓRNMÁL** Tæplega 52% Íslendinga vilja að Ísland haldi áfram aðildarviðræðum við Evrópusambandið að því er fram kemur í nýrri könnun sem rannsóknarfyrirtækið Maskína stóð fyrir.

Fleiri íbúar á höfuðborgarsvæðinu vilja halda viðræðunum áfram en þeir sem búa utan þess. Þá kemur fram að tveir af hverjum þremur kosningabærum Íslendingum vilja að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald aðildarviðræðna en um þriðjungur vill hana ekki. -eh



**NÆSTA KYNSLÓÐ** Eldri læknar gagnrýna að fjórða árs nemar fái lækningaleyfi en lög útiloki þá frá eigin rekstri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Læknar telja ný lög skerða mannréttindi

Ný lög um heilbrigðisstarfsmenn útiloka að læknar starfi sjálfstætt eftir 76 ára aldur. Slík aldursmörk þekkjast ekki á Norðurlöndunum, Bretlandi og í Þýskalandi. Landlæknir bendir á að læknar geti starfað áfram fyrir annan vinnuveitenda.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þessi grein nýju laganna skerðir mjög réttindi fólks til að starfa og þar með í raun mannréttindi,“ segir Sigurður Þorvaldsson, fyrrverandi formaður öldungadeildar Læknafélags Íslands. Ný lög greina að heilbrigðisstarfsmanni sé óheimilt að reka eigin stofu eftir sjötugt, nema að fenginni undanþágu frá landlækni en aldrei lengur en til 76 ára aldurs. Í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Bretlandi og Þýskalandi eru engin aldursmörk fyrir sjálfstætt starfandi lækna.

Sigurður segir að mótsagnir megi finna bæði í lögunum og í stöðunni sem komin er upp í samfélaginu vegna læknaskorts. Hann bendir á að einu rökin fyrir því að lækni er gert að hætta sé aldur hans. Þar tapist því mannauður og reynsla sem sé samfélaginu dýrmæt. Í lögunum sé hins vegar að finna grein þar sem fjórða árs nemum í læknisfræði er gefið leyfi til að starfa, þótt undir eftirliti sé. Ljóst sé að þar fái einstaklingar lækningaleyfi sem hafa ákaflega litla reynslu, segir Sigurður.

„Hins vegar er svo vitað að læknaskortur er að myndast í vissum sérgreinum. Það sem mun gerast við að heil kynslóð sérfræðinga kemur ekki heim er að leitað verður til eldri lækna um að halda áfram störfum, hafi þeir heilsu, getu og löngun til þess. En lögin útiloka þennan möguleika,“ segir Sigurður og bendir á að nokkuð stór hópur lækna sé að komast á þann aldur sem um ræðir; 70 til 76 ára.

Læknafélagið ályktaði á mánudag að sá hluti 26. greinarinnar lagtanna sem lýtur að því að læknir fái aðeins þrisvar undanþágu falli niður. Reynt verði að nálgast lögin eins og þau voru áður, en þá mátti læknir starfa á eigin stofu til 75 ára aldurs og sækja þá um leyfi til landlæknis til eins árs í senn. Gömlu lögin eru um margt lík löggjöf annarra landa hvað aldursmörk varðar.

svavar@frettabladid.is

### Læknar geta haldið áfram að vinna

Geir Gunnlaugsson landlæknir segir lögin endurspegla niðurstöðu löggjafans í löngu ferli og að hann hafi ekkert um málið að segja í þeim skilningi. „Hins vegar er mikilvægt að hafa hugfast að allir læknar halda sínu lækningaleyfi. Þeim er ekki bannað að vinna. Þeir geta tekið að sér verkefni fyrir annan vinnuveitanda á grunni síns lækningaleyfis. Við höfum bent læknum á að þetta er sú leið sem þeir hafa. En löggjafinn hefur ákveðið að þeir geti ekki haft sjálfstæðan samning við ríkið.“






Vilhjálmur Einarsson hlaut silfur á Ólympíuleikunum í Melbourne 1956:

# Myndi aldrei selja medalíuna

**VIÐSKIPTI** „Mér finnst fáránlegt að selja silfurmedalíuna,“ segir Ólympíumethafinn Vilhjálmur Einarsson sem vann til silfurverðlauna í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne árið 1956. Vilhjálmi finnst fráleitt að einn af silfurpeningum handboltalandsliðs Íslands frá Ólympíuleikunum í Peking 2008 hafi verið seldur.

„Menn geta vissulega verið í slíkum fjárhagsvandræðum að þeir þurfi að selja en það hlýtur að vera hreint neyðarúrræði,“ segir Vilhjálmur.

Vilhjálmur setti Ólympíumet þegar hann stökk 16,25 metra í öðru stökki í Melbourne. Metið átti hann í tvo klukkutíma en Brasilíumaðurinn Ferreira Da Silva bætti stökk Vilhjálms og stal gullinu með stökki upp á 16,35 metra.

Spurður hvort honum finnist verðmætara, Ólympíugullið eða sonur hans, útvarpsmaðurinn Simmi, svarar Vilhjálmur hlæjandi: „Bæði Simmi og silfurverðlaunin eru ómetanleg.“ -eh

➜ Hlýtur að vera hreint neyðarúrræði.



**VILHJÁLMUR EINARSSON** Silfurmaðurinn Vilhjálmur Einarsson geymir silfurmedalíuna sína í öruggum höndum á Íþróttasafninu á Akranesi.

OKKAR SJÚKDÓMATRYGGING XL

# Sjúkdóma-trygging

## sem hægt er að endurvekja



NÝJUNG
Á ÍSLANDI

**OKKAR Sjúkdómatrygging XL** er nýjung hér á landi. Trygginguna er hægt að endurvekja eftir að bætur hafa verið greiddar úr henni og þannig geta viðskiptavinir OKKAR tryggt sig aftur gegn sjúkdómum sem kunna að knýja dyra síðar meir.

### Fimm bótaflokkar

Tryggingunni er skipt upp í fimm bótaflokka eftir eðli sjúkdóma. Sé sótt um nýja tryggingu eftir greiðslu bóta er sá flokkur undanskilinn sem bætur hafa verið greiddar úr. Þannig er aðeins hægt að fá bætur einu sinni úr hverjum flokki.

**Karlar og konur greiða sama iðgjald** af Sjúkdómatryggingu XL, séu þau jafn gömul.

Kynntu þér málið á www.okkar.is eða hringdu í síma 540 1400.

**OKKAR líftryggingar – með þér alla ævi**

okkar
- til öryggis síðan 1966

www.okkar.is

## SVONA ERUM VIÐ



**288 félög eru innan vébanda Ungmennafélags Íslands og eru félagsmenn rúmlega 80.000 talsins.** UMFÍ samanstendur af nítján héraðssamböndum.

Ekki hafa verið fleiri konur en karlar í borgarstjórn Reykjavíkur frá árinu 1994:

# Konur eru nú í meirihluta í borgarstjórn

**JAFNRÉTTISMÁL** Konur eru nú í meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur en það hefur ekki gerst frá því á árinu 1994.

Af fimmtán borgarfulltrúum eru konur nú orðnar átta. Þessum áfanga var náð með innkomu Hildar Sverrisdóttur, nýs borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem tók við af Gísla Marteini Baldurssyni í byrjun október.

Af sex fulltrúum Sjálfstæðisflokksins eru nú þrír konur. Eini borgarfulltrúi Vinstri grænna er kona og tveir af þremur fulltrúum Samfylkingarinnar eru konur. Þá eru tveir af sex borgarfulltrúum Besta flokksins konur.

Hildur Sverrisdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir í samtali við Fréttablaðið að þetta sé vissulega mjög ánægjuleg þróun.

„Það skiptir máli að rödd kvenna sé sterk í þessu starfi, sem er ekki sjálfsagt miðað við söguna," segir Hildur sem vonar að þróunin hvetji konur til að láta til sín taka í stjórnmálum svo það líði ekki aftur tuttugu ár þar til þær verði í meirihluta.

- fbj



> **Það skiptir máli að rödd kvenna sé sterk í þessu starfi.**
> *Hildur Sverrisdóttir borgarfulltrúi.*

### ➜ Konurnar í borgarstjórn Reykjavíkur:

- Áslaug María Friðriksdóttir (D)
- Björk Vilhelmsdóttir (S)
- Elsa Hrafnhildur Yeoman (Æ)
- Eva Einarsdóttir (Æ)
- Hildur Sverrisdóttir (D)
- Oddný Sturludóttir (S)
- Sóley Tómasdóttir (V)
- Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir (D)



**VERSLUN** Notkun Íslendinga á kreditkortum í útlöndum eykst.
NORDICPHOTOS/GETTY

Tölur frá Seðlabanka:

## Kortavelta eykst

**VIÐSKIPTI** Heildarvelta debet- og kreditkorta í september jókst milli ára. Í nýbirtum tölum Seðlabankans kemur fram að heildarvelta debetkorta hafi numið 33,2 milljörðum króna. Samdráttur frá ágúst er 11,1 prósent.

Velta debetkorta erlendis nam um 1,1 milljarði, sem er 43,8 prósenta samdráttur frá í ágúst og 16,8 prósenta samdráttur frá fyrra ári. Velta kreditkorta erlendis var 5,8 milljarðar og jókst um 7,5 prósent frá fyrra mánuði og um 9,8 prósent milli ára. - óká

Lagaákvæði gagnrýnd:

## Órökstudd upplýsingasöfnun

**LÖGGJÖF** Persónuvernd telur ekki enn kominn fram rökstuðning stjórnvalda fyrir nauðsyn upplýsingasöfnunar vegna nýrra laga þar sem kveðið er á um heimild til öflunar persónugreinanlegra fjárhagsupplýsinga.

Með ákvæðinu verður Hagstofunni heimiluð víðtæk söfnun upplýsinga um útlán til einstaklinga vegna hagskýrslugerðar og til að nota við mótun aðgerða í þágu skuldugra heimila. Komið var til móts við aðrar athugasemdir. Nýju ákvæðin eru orðin að lögum. - fbj

# Skólafrí barna valda streitu

**Grunnskólabörn í Reykjavík byrja í þriggja daga vetrarfríi á föstudag. Orlofsdagar foreldra eru mun færri en skólafrídagar grunnskólabarna. Formaður Félags grunnskólakennara segir fríin ekki fyrir kennara og framkvæmdastjóri Heimilis og skóla segir atvinnurekendur þurfa að taka tillit til skólakerfisins og foreldra.**

**MENNTAMÁL** „Vetrarfrí eru ekki fyrir kennara. Ég er viss um að fjölmargir kennarar myndu vilja skoða það að breyta vetrarfríunum," segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara. Á föstudag hefst þriggja daga vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkur.

Ólafur segir skóla- og frístundasvið hafa tekið ákvörðun um miðlægt vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkur. Skólastjórnendur hafi ekkert um fríið að segja og hafi ekki val um hvort eða hvenær fríið er tekið.

„Það er lögbundið að börnin eigi að vera í skóla 170 til 180 daga á ári. Kennsludögum hefur ekki fækkað heldur lengja fríin skólaárið. Ef við slepptum vetrarfrídögum færu börnin fyrr í sumarfrí."

Ólafur segir að vissulega komi fyrirspurnir frá foreldrum um frídaga á skólaárinu sem stundum valdi streitu á heimilinu. Ástæðan er að almennt geta foreldrar ekki tekið frí frá vinnu á þessum dögum.

„Vetrarfrí ganga vel í nágrannalöndunum því þar er hefð fyrir að fjölskyldan fari í frí saman. Hér á Íslandi fær maður stundum á tilfinninguna að þetta sé spurning um hver eigi heilsuhraustustu ömmuna upp á pössun," segir Ólafur.

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, tekur undir orð Ólafs og segir að þrátt fyrir að börnin hafi gott af því að fá frí frá náminu virðist íslenskt samfélag ekki vera búið undir vetrarfrí.

„Auðvitað langar foreldra til að taka vetrarfrí með börnunum sínum og eiga dásamlegan tíma en því miður hafa ekki allir tök á því. Flestir foreldrar eru útivinnandi og verðmætir starfskraftar og mögulega ekki vel séð að þeir taki frí ef þeir eiga þá rétt á því. Skólakerfið og atvinnulífið tala ekki nógu vel saman. Ég myndi vilja sjá atvinnulífið þróast í takt við skólana og koma til móts við foreldra," segir Hrefna.



**HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR**

Hrefna segir umræðuna um vetrarfrí og fjölda starfsdaga koma upp ár eftir ár. „Það er löngu tímabært að þetta vetrarleyfi þjóni tilgangi sínum, að það verði góður tími fyrir fjölskylduna. Við þurfum að horfa til Norðurlanda, þar sem það þykir sjálfsagt og eðlilegt að taka frí með börnunum, og sjá hvernig þetta er skipulagt," segir Hrefna.

Á meðfylgjandi töflu eru frídagar grunnskólabarna teknir saman ásamt orlofsdögum foreldis. Þetta eru ekki lögbundnir frídagar eða svokallaðir rauðir dagar heldur frí á virkum dögum þegar foreldrar eiga almennt ekki frí frá vinnu.

erlabjorg@365.is

### FJÖLDI VIRKRA DAGA Í FRÍ Á ÁRI






**SKÓLAFRÍ** Grunnskólabörn eru rúma tuttugu daga á ári í fríi fyrir utan sumarfrí og lögbundin frí.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM GUNNARSSON



> **Maður fær stundum á tilfinninguna að þetta sé spurning um hver eigi heilsuhraustustu ömmuna upp á pössun."**
> *Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara.*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**GOTT HAUSTVEÐUR** Hæg austlæg eða breytileg átt næstu dag og þurrt að mestu. Kólnar á morgun og víða næturfrost inn til landsins.




**Á morgun**
3-10 m/s, hvassast syðst.




**Föstudagur**
Hæg austlæg eða breytileg átt.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 29° | Billund | 14° | Gautaborg | 13° | London | 17° | Orlando | 30° | San Francisco | 22° |
| Basel | 17° | Frankfurt | 13° | Kaupmannahöfn | 13° | Mallorca | 29° | Ósló | 9° | Stokkhólmur | 7° |
| Berlín | 12° | Friedrichshafen | 16° | Las Palmas | 26° | New York | 21° | París | 16° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

ENNEMM / SÍA / NM59456




### Frjálsir punktar sem þú notar að vild

Með nýja American Express kortinu safna viðskiptavinir í Vildarþjónustu Íslandsbanka punktum að lágmarki tvöfalt hraðar en á öðrum kortum bankans. Kortinu fylgja líka víðtækar ferðatryggingar og sértilboð til korthafa American Express.

Í Vildarþjónustu Íslandsbanka safnar þú punktum fyrir kortanotkun, sparnað, bílalán og aðra bankaþjónustu. Þessir punktar eru frjálsir og þú getur notað þá eins og þér hentar í hvað sem þú vilt.

**Kynntu þér Íslandsbankapunktana og nýja American Express kortið á islandsbanki.is**



### Þú getur breytt punktunum í:

- Peninga
- Vildarpunkta Icelandair
- Ferðaávísun
- Sparnað
- Framlag til góðgerðarmála

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða fyrirtæki þrefaldar á næsta ári framleiðslugetu sína á íslensku eldsneyti?
**2.** Hversu margir erlendir blaðamenn koma á Iceland Airwaves í ár?
**3.** Hvaða fuglar verða mögulega skotnir til að verja akra bænda?

**SVÖR:**
**3.** Svanir.
**1.** Carbon Recycling International. **2.** 300.

Þátttaka á vinnumarkaði í löndum OECD er 1,4 prósentustigum frá því sem var fyrir kreppu:

# Atvinnuþátttaka hvergi meiri en hér á landi

**EFNAHAGSMÁL** Þátttaka á vinnumarkaði jókst um 0,1 prósentustig í löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar milli fyrsta og annars fjórðungs þessa árs, samkvæmt nýbirtum tölum stofnunarinnar. Atvinnustigið, eða hlutfall fólks á aldrinum 15 til 64 ára sem er við störf, var 65,1 prósent á öðrum fjórðungi. Hlutfallið er 1,4 prósentustigum undir því sem var fyrir hrun, á öðrum fjórðungi 2008.

Þróun atvinnustigsins er þó æði misjöfn eftir löndum og markaðssvæðum. Þannig er mest aukning milli fjórðunga 0,8 prósentustig í Ungverjalandi og á Íslandi. Næstmest aukning er í Tékklandi, eða 0,5 prósentustig.

Þá er hlutfall fólks á vinnualdri sem er við störf hvergi hærra en hér á landi samkvæmt þessari nýjustu samantekt OECD, eða 80,8 prósent.

Ísland er þó lengra frá því en OECD-löndin í heild að ná sama atvinnustigi og var fyrir hrun. Á öðrum fjórðungi 2008 var atvinnustigið 84,4 prósent hér á landi. Þar munar 3,6 prósentustigum. Í löndum evrunnar varð 0,1 prósentustigs samdráttur í atvinnustigi milli fyrsta og annars ársfjórðungs í ár. Þróunin er þó misjöfn þar eftir löndum, féll til dæmis um 0,5 prósentustig í Ítalíu en jókst um 0,2 prósentustig í Þýskalandi. - óká

➜ Hlutfall fólks á vinnualdri sem er við störf er hæst á Íslandi af löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

### ➜ Vinnandi í OECD*

| Land | Atvinnuþátttaka % |
|---|---|
| Ísland | 80,8 |
| Sviss | 79,4 |
| Noregur | 75,4 |
| Holland | 74,4 |
| Svíþjóð | 74,2 |
| Þýskaland | 73,3 |
| Danmörk | 72,8 |
| Nýja-Sjáland | 72,8 |
| Kanada | 72,6 |
| Austurríki | 72,4 |
| Meðaltal OECD | 65,1 |

*Hlutfall 15 til 64 ára sem taka þátt á vinnumarkaði.*

Borgarstjórn sammála:

## Sýrlensk börn fá neyðaraðstoð

**HJÁLPARSTARF** Borgarstjórn samþykkti samhljóða að veita sem svarar 100 krónum á hvert barn í Reykjavík til hjálparstarfs vegna yfirstandandi hörmunga í Sýrlandi. Unicef er falið að ráðstafa stuðningi Reykjavíkurborgar.

Í flóttamannabúðunum Zatari í Jórdaníu sem myndast hafa vegna stríðsins eru 130.000 flóttamenn. Yfir 70.000 eru börn og 30.000 eru fjögurra ára eða yngri. - jme



**HANDRITIN** Sýningu lokað.

Elín Hirst ósátt við lokun:

## Handritin ekki lengur til sýnis

**ALÞINGI** Sýningu á íslenskum handritum í Þjóðmenningarhúsinu hefur verið lokað þar sem ekki voru tryggðir fjármunir í sólarhringsgæslu.

„Þetta er svipað og ef Grikkir ákveddu að breiða yfir Akrópólis og Egyptar lokuðu leiðinni að pýramídunum,“ sagði Elín Hirst, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, um málið á Alþingi í gær.

Nú er haldið upp á 350 ára afmæli Árna Magnússonar sem safnaði hluta handritanna. „Á sama tíma er hvergi hægt að skoða þessa mestu dýrgripi íslensku þjóðarinnar,“ sagði Elín. - fbj

# Börn af erlendum uppruna líklegri fórnarlömb eineltis

Ný rannsókn sýnir að börn af erlendum uppruna eru líklegri til að vera þolendur og jafnframt gerendur eineltis en íslensk börn. Mikill munur er þar á. Erlend börn standa verr félagslega og eiga erfiðara með að eignast vini.

**SAMFÉLAGSMÁL** Börn af erlendum uppruna eru mun líklegri en íslensk til að verða fyrir einelti. Þetta sýnir ný doktorsrannsókn sem fjallar um vina- og félagasamskipti barna af íslenskum og erlendum uppruna.

Rannsóknin er hluti af doktorsrannsókn Eyrúnar Maríu Rúnarsdóttur við Leiden-háskóla í Hollandi. Hún hlaut á dögunum styrk frá styrktarsjóði Margaret og Bent Scheving Magnússonar en Háskóli Íslands sér um úthlutunina.

„Hluti af mínu verkefni er að skoða einelti í þessum hópi sérstaklega. Því miður kemur fram að töluvert algengara er að börn af erlendu bergi brotin séu þolendur og jafnframt eru þau gerendur eineltis í meiri mæli en íslensk. Það er hærra hlutfall þeirra í öllum hópum sem rannsakaðir voru,“ segir Eyrún.

Í fyrstu niðurstöðum rannsóknarinnar voru fjórir hópar aðgreindir eftir því hvort tungumálið á heimilinu var íslenska, pólska, asískt mál (víetnamska, filippseysk mál og taílenska) eða vesturevrópskt mál.

Eyrún segir rannsóknina ekki lokið en hún er meðal annars að skrifa um einelti, auk þess sem hún kannar þætti eins og líðan í skólanum, lífsánægju, vanlíðan og hvernig hópurinn upplifir stuðning frá foreldrum og vinum að ógleymdu einelti.

„Niðurstöðurnar benda til þess að asísku börnin standi verst að vígi þegar litið er til þessara þátta. Auk þess er hæsta hlutfall þeirra sem eru bæði þolendur og gerendur í einelti asísk börn eða fjórtán prósent,“ segir Eyrún.

Um það bil tvö prósent íslenskra barna sögðust leggja önnur börn í einelti en rúmlega ellefu prósent pólskra barna greindu frá að þau væru gerendur.

Rannsóknin sýnir einnig að minni stuðnings gætir frá vinum og foreldrum og upplifun á bekkjarbrag er neikvæðari hjá börnum af erlendum uppruna en íslenskum. Reyndist upplifun asískra barna þar vera verst.

„Það virðist margt benda til þess að börn sem eru af erlendu bergi brotin standi auk þess verr að vígi en þau íslensku í félagasamskiptum og eigi jafnframt erfitt með að eignast íslenska vini,“ segir Eyrún María.

elimar@frettabladid.is



**EINELTI** Um fimm prósent íslenskra barna segjast hafa orðið þolendur eineltis. MYND/AP

### ALGENGI EINELTIS EFTIR MÓÐURMÁLI






HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-2781

# WOW

FLUGFÉLAG **FÓLKSINS**




# WOW WERÐ

## KÖBEN EÐA PARÍS

## Á

# 9.900 KR.*

**TILBOÐIÐ GILDIR TIL HÁDEGIS 17. OKT**

**FERÐATÍMABIL: 20. OKT – 15. DES OG 10. JAN – 15. MARS**

**BÓKAÐU NÚNA Á WOW.IS**

*Flug aðra leið með sköttum, bókunar- og töskugjald ekki innifalið.

LÆGRA VERÐ · STUNDVÍSI · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ

LOFORÐ WOW

**Við fljúgum til** >> London >> Kaupmannahafnar >> Parísar >> Berlínar >> **í allan vetur**

wow.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wow@wow.is

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.
Hulduborgir 1 - 4ra herbergja endaíbúð
OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00






Glæsileg 104,4 fm. endaíbúð á efstu hæð (sér inngangur) með glæsilegu sjávarútsýni og fallegu óbyggðu svæði til suðurs. Fallegar vandaðar samstæðar innréttingar (kirsuberjaviður og eik) gegnheilar eikarhurðir í öllu. Þrjú herbergi, öll með skápum. Þvottaherbergi innan íbúðar. Svalir tl suðurs.
Mjög björt og falleg íbúð með glugga á þrjá vegu.
**Verð 28,5 millj. Íbúð merkt 0301. Steinunn á bjöllu.**
**Verið velkomin.**

Bað og sturta!
MÚRBÚÐARVERÐ




Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



**EKKI FEIMNIR** Stefán Blackburn, Stefán Logi Sívarsson, Hinrik Geir Helgason og Gísli Þór Gunnarsson huldu ekki andlit sín fyrir ljósmyndurum í héraðsdómi í gær. Það gerði aftur á móti Davíð Freyr Magnússon, sem sat ekki við hlið hinna fjögurra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Neita pyntingum og tveimur mannránum

Fimmmenningarnir í svokölluðu Stokkseyrarmáli segjast allir saklausir af tveimur mannránum og pyntingum. Fórnarlömbin krefjast samtals um 14 milljóna í bætur.

**DÓMSMÁL** Fimmmenningarnir sem ákærðir eru í svokölluðu Stokkseyrarmáli, sem snýst um tvær hrottafengnar líkamsárásir og langvinnar pyntingar í sumar, neituðu allir sök við þingfestingu þess í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. „Ég er saklaus,“ sögðu þeir hver á fætur öðrum þegar sakarefnið var borið undir þá.

Ráða má af ákærunni að tveir menn séu höfuðpaurarnir í málinu, nafnarnir Stefán Logi Sívarsson og Stefán Blackburn. Sá fyrrnefndi er einnig ákærður fyrir árás á þáverandi kærustu sína í fyrra.

Hinir mennirnir þrír, Davíð Freyr Magnússon, Gísli Þór Gunnarsson og Hinrik Geir Helgason, eru allir ákærðir fyrir að koma að árásunum, sem áttu rætur að rekja til þess að annað fórnarlambið hafði átt í kynferðislegu sambandi við fyrrverandi kærustu Stefáns Loga.

Athygli vakti að Davíð Freyr sat ekki við hlið meðákærðu í dómsalnum í gær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur hann auk þess verið vistaður í Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg síðan hann kom til landsins frá Danmörku um miðjan ágúst. Til tals hefur komið að flytja hann á Litla-Hraun, þar sem Stefán Logi, Stefán Blackburn og Gísli Þór dvelja allir, en það hefur ekki þótt ráðlegt.

Fimmmenningarnir höfnuðu einnig bótakröfum þolendanna tveggja. Fram hafði komið að annar þeirra krefst rúmlega sex milljóna í bætur. Farið var með hann til Stokkseyrar og hann skilinn þar eftir bundinn og keflaður í kjallara klukkustundum saman eftir að hann hafði sætt misþyrmingum heila nótt.

Í gær var lögð fram framhaldsákæra með bótakröfu hins mannsins, sem einnig sætti pyntingum í tæpan hálfan sólarhring, samkvæmt ákærunni. Hann krefst 7,7 milljóna í bætur.

Aðalmeðferð í málinu er áætluð 9. til 11. desember. stigur@frettabladid.is

## Olli rifbeinsbroti með glæfraakstri

Tvær ákærur voru sameinaðar málinu við þingfestinguna í gær, önnur á hendur Stefáni Loga og hin á hendur Stefáni Blackburn.

Stefán Blackburn er ákærður fyrir að hafa skallað mann fyrir utan skemmtistaðinn Faktorý í sumar og nefbrotið hann og auk þess fyrir líkamsárás af gáleysi með því að aka Bústaðaveginn á ofsahraða, undir áhrifum fíkniefna, og lenda í árekstri sem varð til þess að hinn bíllinn valt og ökumaður hans hlaut mörg rifbeinsbrot og áverka á lunga. Hann tók sér frest til að taka afstöðu til ákærunnar í gær.

Stefán Logi er ákærður fyrir að skalla og bíta fyrrverandi tengdaföður sinn í mars síðastliðnum og dælda bíl hans.

www.volkswagen.is




*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskiptur.
Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Volkswagen Caddy
Góður vinnufélagi
Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.
Caddy* kostar aðeins frá
3.090.000 kr.
(2.462.151 kr. án vsk)
Atvinnubílar
Fæst einnig fjórhjóladrifinn
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

sabrino

# Ítölsk hágæða sófasett




## LAGERHREINSUN Á ARINELDSTÆÐUM







EINUNGIS 3 VERÐ!

**19.900,-**
**29.900,-**
**39.900,-**

## Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!



**20-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

FAGLEG
RÁÐGJÖF OG
**FRÍ LEGU-**
**GREINING**

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

## SÉRHÆFUM OKKUR Í SMÍÐI Á HEILSURÚMUM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

SUBARU
Confidence in Motion

SPARNEYTNIR OG TRAUSTIR

Gerðu örugg bílakaup – veldu Subaru

NÝR DÍSIL SJÁLFSKIPTUR




Subaru Outback 2.0TD, sjálfskiptur, dísil
Verð: 6.990.000 kr.
6,4 l / 100 km
í blönduðum akstri




Subaru Forester PREMIUM, sjálfskiptur
Verð: 5.790.000 kr.
6,5 l / 100 km
í blönduðum akstri



Subaru XV 2.0i, sjálfskiptur
Verð: 5.390.000 kr.
6,6 l / 100 km
í blönduðum akstri

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkst. Austurlands / Egilsst. / 470 5070
IB ehf. / Selfossi / 480 8080



# Hundadeilum í fjölbýlishúsum fjölgað

**Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis segja að deilum vegna hundahalds í fjölbýlishúsum hafi fjölgað eftir að lögum var breytt. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur segir ákveðna óvissu uppi með lögin um dýrahald.**

**STJÓRNSÝSLA** Deilumálum vegna hundahalds hefur fjölgað eftir að lögum um dýrahald í fjöleignum var breytt samkvæmt Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

„Það virðist vera ákveðinn stígandi í kvörtunum," segir Páll Stefánsson, staðgengill framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitsins. Kvartanir á síðasta ári vegna hundahalds á Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðinu voru 115, þar af langflestar vegna lausagöngu hunda. „Það er óhætt að segja að nokkrir tugir kvartana séu vegna dýrahalds í fjölbýlishúsum," segir Páll.

Rúmlega tvö þúsund hundar eru á skrá á svæðinu og hefur þeim fækkað lítillega á þessu ári. Kvörtunum hefur einnig fækkað nokkuð á síðustu árum.

Samkvæmt fundargerðum heilbrigðiseftirlitsins á síðustu mánuðum hafa nokkur mál komið til kasta nefndarinnar. Í ágúst síðastliðnum komu tvö mál til meðferðar; annars vegar var farið fram á að hundur yrði fjarlægður úr fjölbýlishúsi á Norðurbakka og hins vegar var kvartað vegna skráningar hunds í Engihjalla í Kópavogi. Þá var lagt fram erindi húsfélags að Furugrund í Kópavogi þar sem kvartað var yfir áratugalöngu ónæði af kattahaldi í einni íbúð hússins.

„Þetta er frekar núningur en deilur," útskýrir Páll sem vill ekki taka afstöðu til þess hvort lögin séu slæm. „Það tekur alltaf tíma að aðlagast nýjum lögum," bætir hann við.

Lögum um katta- og hundahald í fjölbýlum var breytt árið 2011. Áður fyrr þurftu allir í fjölbýlishúsinu að veita samþykki sitt fyrir dýrahaldi í húsinu. Nú þarf gæludýraeigandi aðeins samþykki tveggja þriðjuhluta íbúa. Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur hefur tilkynningum ekki fjölgað.



**FJÖLBÝLISHÚS** Nokkuð hefur verið deilt um dýrahald undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HUNDAR** Heilbrigðiseftirlitið segir kvörtunum vegna hundahalds hafa fjölgað. Myndin tengist ekki fréttinni beint.

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri eftirlitsins, sagði í samtali við Fréttablaðið að það væri hins vegar ákveðin óvissa uppi með lögin. Benti hún á úrskurð Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, en þar vildi íbúi í fjölbýlishúsi meina að allir hlutaðeigandi eigendur ættu óskoraðan rétt á að eiga og taka þátt í öllum ákvörðunum er varða sameignina, bæði innan húss og utan, og sameiginleg málefni sem snerta hana beint og óbeint. Því stæðust lögin ekki. Málinu var vísað frá þar sem kærufrestur var runninn út. Þar af leiðandi fékkst engin eiginleg niðurstaða í málið.

valur@frettabladid.is

Frábærar McCain franskar á 5 mínútum




Franskar kartöflur í sérflokki sem þú töfrar fram á augabragði. Einföld og fljótleg matreiðsla og algjör sæla fyrir bragðlaukana. Prófaðu núna!

McCain



**SJÚKRAHÚSIÐ ÍSAFIRÐI** Vestfirðingar vilja ekki heilsugæslu undir eina stjórn.

Hagræðing í heilbrigðiskerfi:

## Sameini ekki á Vestfjörðum

**SVEITARSTJÓRNIR** „Eins og samgöngum er háttað í dag gætu Patreksfjörður og Ísafjörður allt eins verið hvor í sínum landsfjórðungnum níu mánuði ársins,“ segir bæjarráð Ísafjarðar sem leggst eindregið gegn sameiningu heilbrigðisstofnana á þessum stöðum.

„Ekki er hægt að sjá að fjarstýring heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði frá Ísafirði leiði til styrkari stjórnar, aukins sjálfstæðis eða betri, öruggari og sveigjanlegri þjónustu við íbúana,“ segir bæjarráðið. - gar



**LOÐNA** Hrygningarstofninn er áætlaður 560 þúsund tonn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Aflamark fyrir loðnuveiði:

## Leggja til 160 þúsund tonn

**SJÁVARÚTVEGUR** Hafrannsóknastofnun Íslands leggur til að heildaraflamark á loðnu á komandi vertíð verði 160 þúsund tonn.

Gert er ráð fyrir að hrygningarstofninn verði 560 þúsund tonn og samkvæmt haustmælingum sem gerðar voru á rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni er ástand loðnunnar nálægt langtímameðaltali.

Magn ársgamallar loðnu mældist nokkuð hærra en meðaltal síðustu ára. - skó

Landbúnaður í Danmörku:

## Bændur lifa á bankalánum

**DANMÖRK** Fjórðungur bænda í Danmörku, eða 2.900 bændur, verður að taka lán til þess að geta greitt reikningana. Staðan er verst hjá mjólkurframleiðendum, samkvæmt frétt á vef Jyllands-Posten.

Ekkert þykir benda til að bankarnir grípi til aðgerða sem hafi í för með sér bylgju nauðungaruppboða. Markaðurinn þoli ekki verðfall á landbúnaðarfyrirtækjum. - ibs

Grensásdeild fær gjöf:

## Þjálfunartæki frá fiskþurrkun

**HEILBRIGÐISMÁL** Forsvarsmenn fiskþurrkunarfyrirtækisins Klofnings á Suðureyri hafa fært sjúkraþjálfun Landspítala á Grensásdeild nýtt þjálfunartæki að gjöf.

Tildrögin voru þau að Jón Víðir Njálsson verkstjóri og Sigurður Ólafsson, fyrrverandi framleiðslustjóri Klofnings, hafa báðir verið í endurhæfingu á Grensásdeildinni.

Tækið er alhliða þjálfunartæki fyrir handleggi og fætur og nýtist bæði fyrir styrktar- og þolþjálfun. Það þykir henta fötluðum vel. - jme

Róttæk hugmynd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til þess að draga úr skuldum í Evrópulöndum:

# Tíu prósenta skattur á nettóeign heimila

**SKATTUR** Hagfræðingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa reiknað út að til þess að skuldir Evrópu lækki og verði jafnháar og þær voru í lok ársins 2007 þurfi 10 prósenta eins skiptis skatt á nettóeign heimila. Frá þessu er greint á viðskiptavef Svenska Dagbladet.

Þar segir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn vísi til þess að hagfræðingurinn Joseph Schumpeter hafi áður stutt slíka hugmynd og að samsvarandi aðgerð hafi verið innleidd í Evrópu eftir fyrri heimsstyrjöldina og í Japan og Þýskalandi eftir seinni heimsstyrjöldina. Árangur hafi þó orðið lítill þar sem einstaklingar gátu komið peningum sínum undan áður en ákvæðið tók gildi.

Meðal annarra hugmynda Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er að auka skattlagningu á ríka sem hafi bara orðið ríkari í mörgum löndum, ekki síst í Bandaríkjunum.

Svenska Dagbladet segir það mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að ef skattar á auðmenn yrðu jafnháir og þeir voru 1980 fengi ríkissjóður Bandaríkjanna 150 milljarða dali á ári. - ibs





**CHRISTINE LAGARDE** Framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur reiknað út hvað til þarf svo skuldir heimila verði þær sömu og fyrir hrun.







# Vatnaskil í veðurfari á næstu áratugum

Verði ekkert dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda verða köldustu árin í Reykjavík að meðaltali hlýrri eftir árið 2066 en heitustu árin til þessa. Hlýnun jarðar verður hröðust í hitabeltinu og færist svo smám saman út frá miðbaug.

**UMHVERFI** Árið 2066 má búast við því að meðaltalshiti í Reykjavík verði kominn upp fyrir hæstu ársmeðaltöl áranna 1860-2005. Eftir það verða köldustu árin orðin hlýrri en heitustu árin sem við höfum upplifað hingað til.

Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem skýrt er frá í nýjasta hefti vísindatímaritsins Nature. Það eru vísindamenn við Havaíháskóla sem hafa unnið þessa rannsókn.

Þessi tímamót í hlýnun verða ekki samtímis alls staðar á jörðinni heldur gerast þau fyrst í hitabeltinu og færast síðan út frá miðbaug.

Þannig má búast við því að strax árið 2020, eða eftir aðeins sjö ár, verði köldustu árin í Manokwari á Indónesíu orðin heitari en íbúar þar hafa kynnst til þessa.

Þessi þáttaskil í loftslagsþróuninni verða árið 2047 í New York og árið 2056 í London. Íslendingar verða í hópi síðustu jarðarbúa til þess að upplifa þessi tímamót, því breytingarnar verða með hægasta móti í hafinu suður af Íslandi.

Allt er þetta reyndar miðað við að útblástur gróðurhúsalofttegunda verði áfram óbreyttur frá því sem nú er. Mikil vinna hefur verið lögð í að undirbúa samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda en sú vinna hefur ekki skilað miklum árangri hingað til.

Takist hins vegar nægilega vel til við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þá má fresta þessum þáttaskilum um 20 til 25 ár eða svo.

Skekkjumörkin í þessum útreikningum nema allmörgum árum en byggt er á veðurfari á 54 þúsund stöðum á jörðinni og notast við 39 mismunandi loftslagslíkön við útreikninginn.

Áhrifin af þessum loftslagsbreytingum ná til allra þátta lífs á jörðinni, þar á meðal mannlífsins. Harðast úti verða íbúar í fátækari ríkjum jarðar, sem flest eru á hitabeltissvæðum þar sem breytingarnar verða hraðastar.

„Ég er viss um að þetta mun hafa gríðarlegar líffræðilegar og félagslegar afleiðingar,“ er haft eftir Carillo Mora á vefsíðu bandaríska dagblaðsins New York Times, en Mora er einn höfunda rannsóknarinnar. „Ég get þó ekkert sagt um það nánar,“ bætti hann við.

gudsteinn@frettabladid.is



**HLÝNUN JARÐAR** Innan fárra áratuga verður gerbreyting á veðurfari jarðar.
NORDICPHOTOS/AFP

## Tímamótaár loftslagsbreytinga

Þáttaskil verða í hlýnun jarðar þegar meðaltalshiti hvers árs fer yfir hæstu ársmeðaltöl sem mældust á tímabilinu 1860-2005. Verði ekkert dregið úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda gætu þessi þáttaskil orðið árið 2047.




Heimildir: Nature, MoralLab, Havaí-Háskóli
© GRAPHIC NEWS




HÚS
BERNHÖRÐU
ALBA
Sígilt verk Lorca í kraftmikilli nálgun
okkar fremstu listakvenna
Ólgandi ástríður, þrá eftir frelsi og betra lífi
Frumsýnt 18. október
í Gamla bíói
Forsala í fullum gangi
fim. 17/10 kl. 20 Forsýning
fös. 18/10 kl. 20 UPPSELT
sun. 20/10 kl. 20 örfá sæti
lau. 26/10 kl. 20 örfá sæti
sun. 27/10 kl. 20 örfá sæti
sun. 3/11 kl. 20 örfá sæti
lau. 9/11 kl. 20 örfá sæti
sun. 10/11 kl. 20 örfá sæti
lau. 16/11 kl. 20 örfá sæti
sun. 17/11 kl. 20 örfá sæti
Höfundur: Federico García Lorca | Leikstjórn: Kristín Jóhannesdóttir | Kór: Vox Feminae
Leikmynd: Brynja Björnsdóttir | Búningar: Þórunn María Jónsdóttir | Tónlist: Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir
Kórstjórn: Margrét J. Pálmadóttir | Leikarar: Charlotte Bøving, Esther Thalía Casey, Hanna María Karlsdóttir Harpa Arnardóttir, Hildur Berglind Arndal Lovísa Ósk Gunnarsdóttir, Maríanna Clara Lúthersdóttir, Nína Dögg Filippusdóttir, Sigrún Edda Björnsdóttir Unnur Ösp Stefánsdóttir, Þröstur Leó Gunnarsson o.fl
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

Sumir foreldrar hafna bólusetningum fyrir börn sín:

# Bólusett fyrir staðreyndum?

Fréttablaðið sagði í síðustu viku frá skýrslu sóttvarnalæknis, sem bendir til að ótrúlega algengt sé að foreldrar mæti ekki með börn sín til bólusetningar fyrir hættulegum sjúkdómum. Embætti landlæknis hyggst kanna málið betur; vanskráning eða forföll gætu skýrt tölurnar. Dæmi eru þó um að fólk sem mætir með börn sín í reglubundna læknisskoðun hafni því hreinlega að láta bólusetja þau.

Í nágrannalöndunum hefur færzt í vöxt að fólk láti ekki bólusetja börn sín. Rannsóknir benda til að annars vegar sé þar um trassaskap að ræða, sérstaklega hjá foreldrum með takmarkaða menntun, en hins vegar meðvitaða ákvörðun, gjarnan hjá menntafólki með ágætar tekjur.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Það er þversagnakennt, en í báðum tilvikum er hluti skýringarinnar líklega hversu vel hefur gengið að útrýma smitsjúkdómum með bólusetningum. Í Fréttablaðinu í gær birtist yfirlit um þá helztu, til dæmis stífkrampa, kíghósta, barnaveiki, mænusótt og heilahimnubólgu. Dánartíðni vegna þessara sjúkdóma er frá einum af hverjum 200 sem fá þá og upp í tíu af hverjum 200.

Nú orðið þekkja foreldrar ekki alvarlegar afleiðingar þessara sjúkdóma. Þess vegna trassa fleiri að mæta með börnin í bólusetningu og aðrir telja sjálfum sér trú um að aukaverkanir af bólusetningunni geti verið hættulegri en sjúkdómurinn sem bólusett er við, enda séu börnin þeirra í lítilli hættu.

Fréttablaðið ræddi við íslenzkan föður í síðarnefnda hópnum sem sagði: „Við notuðum heilbrigða skynsemi og mátum hverjar áhætturnar væru með hvoru tveggja, því það er margt sem bendir til að það sé áhættusamt að bólusetja, og mátum það sem svo að bólusetningar væru meiri áhætta en að sleppa þeim."

Því miður er þetta mat ekki byggt á staðreyndum, heldur miklu frekar flökkusögum og óábyrgum fréttum af mögulegum aukaverkunum bóluefna. Allar vísindarannsóknir benda til hins gagnstæða; að gagnið af bólusetningum sé miklu meira en áhættan. Allir helztu vísindamenn heims á sviði smitsjúkdóma og faraldsfræði mæla með að börn séu bólusett.

Á vef landlæknisembættisins er bent á að að varasamar aukaverkanir séu hugsanlegar hjá einum af hverjum 500 þúsund til milljón bólusettum. Þegar þær tölur eru bornar saman við dánartíðni vegna sjúkdóma sem bólusett er fyrir, er ekki með nokkru móti hægt að halda því fram að heilbrigð skynsemi komi við sögu í ákvörðunum um að hafna bólusetningu.

Einhver kann að spyrja hvort það sé ekki réttur foreldra að hafna bólusetningu. Það er það í rauninni ekki. Enginn getur leikið sér að því að stefna barninu sínu í hættu. Á því máli er líka önnur hlið; ef hlutfall bólusettra fer niður fyrir tiltekin mörk er ekki lengur hægt að mynda svokallað hjarðónæmi fyrir smitsjúkdómum, sem felur í sér að hægt er að koma í veg fyrir faraldur, jafnvel þótt einstök tilfelli komi upp.

Það er þess vegna rétt sem Margrét Guðnadóttir, fyrrverandi prófessor, sagði í Fréttablaðinu í gær; að þeir sem mæta ekki með börnin sín í bólusetningu bera ábyrgð á því ef sjúkdómar breiðast út. Við eigum öll að axla ábyrgð á að koma í veg fyrir það.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871



Ert þú með verki?

**Stoðkerfislausnir**

henta þeim sem eru með einkenni frá stoðkerfi, vilja læra á sjálfan sig og finna sín mörk í hreyfingu.

- Hefst **21. október**
- **Mán., mið. og fös. kl. 15:00** eða **16:30**
- Mat og ráðgjöf sjúkraþjálfara
- Þjálfari: **María Kristín, sjúkraþjálfari**
- **Verð kr. 39.800.** (19.900 kr. á mánuði)

Skráning í síma 560 1010
eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Reykjavík með augum Ólafs Thors

Ólafur Thors var Jóni Gnarr borgarstjóra hugleikinn í umræðum um fjölgun útilistaverka í borgarstjórn í gær. Umræðurnar voru að frumkvæði sjálfstæðismanna en borgarstjórinn eyddi um það bil þremur ræðum í að tala um Ólaf Thors. Hann hvatti fólk til þess að verða sér úti um geisladisk með úrvali af ræðum Ólafs, sem fengist eflaust í Valhöll, og stakk upp á að búið yrði til námsefni um forsætisráðherrann fyrrverandi, til dæmis litabækur. Svo lagði hann til að ráðist yrði í fræðsluátak sem fæli í sér að styttan af Ólafi Thors við Ráðherrabústaðinn yrði flutt um borgina og að jafnvel yrði komið fyrir vefmyndavélum í augum styttunnar sem hægt yrði að stýra með Ipad. „Sjáðu Reykjavík með augum Ólafs Thors," er vinnuheiti átaksins. Að þessu var dátt hlegið í sal borgarstjórnar og við því brást Jón með þessum orðum: „Ég vil biðja borgarfulltrúa að vera ekki með líkamshljóð."



### Lengur en nokkur annar

Jón hafði líka þetta að segja um styttur, sem gefur kannski vísbendingu um fyrirætlanir hans í kosningunum næsta vor: „Það er ekkert ólíklegt að þegar ég verð búinn að vera borgarstjóri lengur en nokkur annar, að það verði gerð stytta af mér."

### Kakastan og Benidorm

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra átti erfitt með að koma frá sér nafni landsins Kasakstans í ræðustól Alþingis í gær. Áður hafði hann böglað út úr sér nafninu Kakastan. Ráðherrann fékk þó hjálp úr þingsal, meðal annars frá Helga Hjörvar, sem kallaði þó ekki til hans nafn Kasakstans, heldur Benidorm. Þangað sagðist Gunnar Bragi allra helst vilja fara, þegar vefurinn Skagafjörður.com tók hann í yfirheyrslu í vor.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR





# Örlæti Ólafs

SAMFÉLAG



**Sóley Tómasdóttir**
borgarfulltrúi

Við Ólafur Stephensen erum sammála um að skattgreiðendur eigi að hlaupa undir bagga með þeim sem ekki geta framfleytt sér sjálfir. Að sjálfsögðu. Flestum öðrum skoðunum Ólafs úr leiðara gærdagsins er ég ósammála.

Fjárhagsaðstoð er ekki eina skylda sveitarfélaganna. Samfélagsleg ábyrgð þeirra felst meðal annars í að fjölga tækifærum fólks, veita grunnmenntun og hvatningu til frekara náms, bjóða upp á frístunda- og félagsstarf sem styrkir sjálfstraust, spennandi störf, virkni- og þátttökuverkefni í þeim tilgangi að stuðla að farsælu lífi allra íbúa. Raunverulegri virkni verður aldrei náð með skilyrðingum eða hótunum.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga á að tryggja að fólk sem ekki fær greiðslur annars staðar frá geti lifað mannsæmandi lífi. Það gerir hún því miður ekki í Reykjavík. Við vitum öll að 170 þúsund krónur á mánuði duga skammt fyrir einstakling í samfélagi nútímans. Það er upphæðin sem Sjálfstæðisflokknum þykir ofrausn.

Fjárhagsaðstoðin er ekki greidd út sem laun. Það er ekki ætlast til neins á móti. Og þannig á það að vera. Það á einmitt að vera sjálfsagt að þiggja fjárhagsaðstoð ef aðrir möguleikar eru ekki í boði. Aðstæður fólks sem fær greidda fjárhagsaðstoð eru margvíslegar og ástæðurnar sömuleiðis en ég efast ekki um að hvert og eitt þeirra myndi vilja afla sér tekna með öðrum hætti.

**➜ Fjárhagsaðstoð snýst ekki um örlæti. Hún snýst um samfélagslega ábyrgð í velferðarsamfélagi og gegnir þar mikilvægu hlutverki, sérstaklega þar sem misskiptingin vex og tækifærin eru ójöfn.**

Lægstu laun í samfélaginu eru of lág. Þau eru í mörgum tilfellum greidd fyrir erfiða vinnu og duga varla til framfærslu. Það er óþolandi – en tengist fjárhagsaðstoðinni nákvæmlega ekki neitt. Hún á eftir sem áður að duga fyrir framfærslu.

Fjárhagsaðstoð snýst ekki um örlæti. Hún snýst um samfélagslega ábyrgð í velferðarsamfélagi og gegnir þar mikilvægu hlutverki, sérstaklega þar sem misskiptingin vex og tækifærin eru ójöfn. Hana á að greiða þegar allt annað hefur verið fullreynt. Hún á að vera fyrir okkur öll, rétt eins og heilbrigðis- og menntakerfið. Ef við viljum lækka útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar eigum við að vinna gegn misskiptingu og jafna tækifæri fólks til menntunar, vinnu og heilsu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Símakrókur, húsbónda-herbergi, bílastæði

Það er orðin alvarleg og aðkallandi krafa að ódýrara húsnæði fáist fyrir fólk í Reykjavík. Hið opinbera ætti hið snarasta að skoða hvaða leiðir það getur farið til að gera umhverfi húsnæðismarkaðarins mannsæmandi. Ein leið væri til að mynda að byrja á að endurskoða byggingareglugerðir með það í huga að það er fólkið en ekki kerfið sem á að fá að ráða því hvernig húsnæði er úr garði gert.

Eitt af því sem hleypir upp kostnaði við íbúðarhúsnæði er krafa um bílastæði. Ef til dæmis á að byggja fjölbýlishús með bílakjallara kostar hvert og eitt bílastæði í þeim kjallara að meðaltali um fimm milljónir króna, sem bætast þá við útselt verð húsnæðisins. Íbúð sem í grunninn ætti að kosta 20 milljónir kostar þá 25 milljónir ef henni fylgir slíkt bílastæði. Þetta hefur viðgengist í nýbyggingum í Reykjavík og til að dulkóða þennan aukakostnað hefur mögulega í einhverjum tilvikum verið skellt inn Philippe Starck-baðkari og íbúðin svo kölluð lúxusíbúð til að réttlæta verðið. Það er mikilvægt að vita að það eru ekki baðkerin sem ýta upp verðinu, það eru bílastæðin. Fyrir marga er þessi aukakostnaður óþarfi og þá segir sig sjálft að það munar um minna fyrir þá sem eru til að mynda að fjárfesta í sinni fyrstu íbúð.

Kröfur til húsnæðis breytast. Breytt tækni þýðir að íbúðir eru ekki lengur hannaðar með „símakrók". Með breytingum á kynhlutverkum hurfu „húsbóndaherbergin" líka af teikningunum. Og það er ekki sjálfgefið að allir vilji búa í íbúð með bílastæði – af því að margir kjósa að eiga ekki bíl. Fólk á að minnsta kosti að eiga þann kost að kaupa ódýrari, bílastæðislausa íbúð. Þeir sem vilja íbúð með bílastæði væru áfram vel settir, af því að víðast hvar í borginni er gengið út frá ríflegu hlutfalli bílastæða. Þannig ætti borgin að þróast þannig að fólk eigi fleiri valkosti.

SKIPULAG



**Hildur Sverrisdóttir**
borgarfulltrúi

**➜ Það er mikilvægt að vita að það eru ekki baðkerin sem ýta upp verðinu, það eru bílastæðin.**

### Hagsmuna gætt

Íbúar í nágrenni við nýbyggingar með lágu bílastæðahlutfalli geta hins vegar orðið uggandi um að fólk spari sér bílastæðakostnaðinn en leggi svo bara við hús nágrannans. Við þeim möguleika eiga borgaryfirvöld að bregðast um leið, með því að tryggja að þeir sem keyptu íbúðirnar sínar með þeim kostnaði sem fylgir bílastæðum og gatnagerðargjöldum njóti þeirra réttinda áfram, til dæmis með íbúakortum. Það er vond lenska að borgin haldi þar að sér höndum og bíði eftir að íbúar kvarti þegar vandamál eru orðin að veruleika. Borgin á að líta á það sem sjálfsagt hlutverk sitt að girða strax fyrir þá fyrirsjáanlegu ósanngirni að íbúar missi réttmæt réttindi sín vegna ódýrara húsnæðis með færri bílastæðum í nágrenninu.

Á dögunum var í borgarstjórn Reykjavíkur samþykkt samhljóða deiliskipulag þar sem samþykktar voru stúdentaíbúðir sem brýn þörf er á að byggja. Íbúðirnar eru ódýrari þar sem gert er ráð fyrir færri bílastæðum en almennt hefur tíðkast. Nágrannar í hverfinu voru því uggandi yfir að bílastæðin þeirra yrðu nýtt af stúdentunum og því var samþykkt tillaga okkar sjálfstæðismanna að borgin færi strax í að skoða leiðir til að passa upp á hagsmuni íbúanna.

Með slíkri meðvitund fyrir mismunandi hagsmunum og aðgerðum til að tryggja þá ætti þróun borgarinnar að geta boðið upp á fjölbreytilegri kosti fyrir fólk með ólíkan lífsstíl, án þess að þær heillavænu nýjungar verði til þess að gengið sé á rétt annarra.

# Arctic Circle og tækifærin í endurnýjanlegri orku

Um síðastliðna helgi fór fram ráðstefna um málefni norðurslóða í Reykjavík undir heitinu Arctic Circle. Ráðstefnan var eins konar samskiptatorg um norðurslóðamál í víðu samhengi þar sem saman komu um 1.000 manns af vettvangi stjórnmála, frá félagasamtökum, háskólum og fyrirtækjum frá yfir 40 þjóðlöndum. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, er einn af forsvarsmönnum ráðstefnunnar og voru þátttakendur hvaðanæva sammála um að hún hefði verið mjög gagnlegur og þarfur vettvangur um þessi málefni.

ORKUMÁL



**Halla Hrund Logadóttir**
framkvæmdastjóri Iceland School of Energy við Háskólann í Reykjavík, ráðgjafi fyrir Harvard-háskóla

**➜ Ísland hefur á síðustu áratugum aflað sér mikillar reynslu og þekkingar í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. [...] Vinnum saman og leggjum enn meiri áherslu á að flytja þekkingu Íslendinga út á þessu sviði í gegnum menntun, ráðgjöf og verkefni – Singapúr, Íslandi og heiminum öllum til góða.**

Rauði þráðurinn í upphafsstefi Arctic Circle var mikilvægi þess að berjast gegn loftslagsbreytingunum. Hröð hlýnun jarðar hefur sífellt meiri áhrif á lífríki, ekki bara á norðurslóðum heldur alls staðar í heiminum. Lögmaður Færeyja nefndi til dæmis áhrif hlýnunar á fiskistofna og fulltrúar frá ríkjum Asíu fjölluðu um afleiðingarnar fyrir Himalaja-svæðið. Einna áhrifamest var þó innlegg fulltrúa Singapúr sem útskýrði að hækkun sjávarborðs vegna bráðnunar íss um einungis 1,2 metra þýddi að bróðurpartur landsins færi undir sjávarmál.

Þessi áhrif aukins magns gróðurhúsaloftegunda í andrúmsloftinu skýrir meðal annars hvers vegna ríki alls staðar í heiminum, svo sem Singapúr, taka þátt í umræðunni um áhrif bráðnunar íss á norðurslóðum og leggja sífellt meiri áherslu á endurnýjanlega orkugjafa.

### Hvatning fyrir aðrar þjóðir

Ísland hefur á síðustu áratugum aflað sér mikillar reynslu og þekkingar í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Þekking Íslendinga nær ekki bara til notkunar tækninnar á þessu sviði heldur er Ísland dæmi um hvernig heil þjóð getur breytt áherslum sínum frá kolum og olíu yfir í endurnýjanlegri orkugjafa á tiltölulega skömmum tíma. Á meðan Íslendingar eru lánsamir hvað varðar aðgengi að slíkri orku er umbreyting okkar engu að síður mikilvægt dæmi og hvatning fyrir aðrar þjóðir að læra af.

Augljóst er að eftirspurn er eftir þekkingu á þessu sviði, enda skiptir hún máli fyrir loftslagsbreytingar og áhrif þeirra. Nýlegur risasamningur Reykjavik Geothermal um uppbygginguu jarðvarmavirkjana í Eþíópíu og fjöldi erlendra nemenda sem sækja nám við Iceland School of Energy við HR til að læra um orkumál eru dæmi um hvernig Ísland er að leggja þessari baráttu lið með beinum hætti.

Vinnum saman og leggjum enn meiri áherslu á að flytja þekkingu Íslendinga út á þessu sviði í gegnum menntun, ráðgjöf og verkefni – Singapúr, Íslandi og heiminum öllum til góða.




ISUZU D-MAX ER EINN HAGKVÆMASTI
OG STERKASTI PALLBÍLL SEM UM GETUR

EYÐSLA AÐEINS 7,4 L/100 KM*

Verð frá: **6.890 þús. kr. sjálfsk.**

- Stærri en áður
- Eyðslugrennri en áður
- ESC skriðvörn
- TCS spólvörn
- Hátt og lágt drif
- Hæðarstilling á ökumannssæti
- Handfrjáls Bluetooth símabúnaður
- USB og AUX tengi
- Og margt fleira



DRÁTTARGETA:
3000 KG

Það þarf ekki að segja þeim sem til þekkja neitt um endingu og áreiðanleika Isuzu D-Max. D-Max pallbílarnir eru hagkvæmir og áreiðanlegir í rekstri vegna lágrar bilanatíðni og lítillar eldsneytiseyðslu. Isuzu D-Max er í sérflokki hvað varðar dráttargetu því hann getur dregið allt að 3000 kg.

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

ENNEMM / SÍA / NM59357 – *Miðast við beinskiptan bíl í blönduðum akstri.

# Emil á svið í nýrri útgáfu

Freyvangsleikhúsið frumsýnir fjölskylduleikritið Emil í Kattholti eftir Astrid Lindgren á föstudaginn, 18. október, í tilefni þess að 50 ár eru frá því fyrsta bókin um Emil kom út.

„Þetta er fjölmenn sýning með mörgum og skemmtilegum söngvum, fimm manna hljómsveit og sextán leikurum," segir Saga Jónsdóttir um fjölskyldusýninguna Emil í Kattholti sem hún leikstýrir hjá Freyvangsleikhúsinu og verður frumsýnd á föstudaginn. Tilefnið er að Emil kom fyrst fram á sjónarsviðið með sín strákapör fyrir fimmtíu árum í bók eftir Astrid Lindgren.

Sýningin á föstudag verður að sjálfsögðu í Freyvangi í Eyjafjarðarsveit. Þar er um að ræða leikgerð sem ekki hefur verið sýnd áður hér á landi, eftir Sören Dahl og Anders Baggesen og tónlistin er eftir Sören Dahl og Georg Rydell. Guðjón Ólafsson hefur þýtt leiktextann en Hallmundur Kristinsson söngtextana og leikmyndin er líka eftir hann.

Saga leikstýrði Emil í Kattholti í Þórshöfn í Færeyjum fyrir nokkrum árum og kveðst þá hafa kynnst þessari leikgerð sem hafi slegið rækilega í gegn. „Ég hreifst af þessari útgáfu. Það er enn meiri músík í henni en þeirri sem Þjóðleikhúsið sýndi en hún snýst um sömu atriðin, þeim er bara öðruvísi raðað upp," útskýrir hún.

Í hlutverki Emils hjá Freyvangsleikhúsinu er Sigurður Bogi Ólafsson, ellefu ára, og Ídu litlu systur hans leikur Steingerður Snorradóttir, átta ára. Tónlistarstjóri sýningarinnar er Linda Guðmundsdóttir.

gun@frettabladid.is



**ÍDA OG EMIL** Steingerður Snorradóttir og Sigurður Bogi Ólafsson í hlutverkum sínum.
MYND/GUNNLAUG E. FRIÐRIKSDÓTTIR

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**EINARS VILHJÁLMSSONAR**
**rafeindavirkja,**
**Marbakkabraut 18, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks LSH deild 11E og Karitas heimahjúkrunar.

**Ester Jónsdóttir**
**Jón Þór Einarsson** **Þóra Elísabet Kjeld**
**Eyjólfur Einarsson** **Jóna Einarsdóttir**
**Vilhjálmur Einarsson** **Ester Sif Harðardóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Móðir okkar og tengdamóðir,

**FANNEY MAGNÚSDÓTTIR**
**Norðurbrún 1,**

sem lést föstudaginn 4. október verður jarðsungin frá kapellu Fossvogskirkju föstudaginn 18. október kl. 15.00.

**Halldór Viðar Halldórsson** **Auður Gísladóttir**
**Birgir Viðar Halldórsson** **Sigurbjörg A. Símonardóttir**
**Konráð Viðar Halldórsson**
**ömmu-, langömmu- og langalangömmubörn.**

---

✝



Elskulegur bróðir minn og mágur,

**GEIR JÓNSSON**
**skipstjóri,**
**Seyðisfirði,**

fæddur 20. september 1919, andaðist 13. október síðastliðinn í Seattle í Washington þar sem hann bjó og starfaði í 70 ár.

**Arnbjörg Jónsdóttir Waage**
**Ingunn Stefánsdóttir**

---

✝



Elskulegur bróðir okkar,

**HANNES VIGFÚSSON**
**frá Litla-Árskógi,**

lést á Dvalarheimilinu Hornbrekku 13. október. Útför hans fer fram frá Stærra-Árskógskirkju laugardaginn 19. október klukkan 14.00.

**Georg Vigfússon**
**Jón Vigfússon**
**Guðrún Vigfúsdóttir**
**Jóhanna Gíslína Vigfúsdóttir**

---

✝



Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURBJÖRG KRISTÍN SVEINSDÓTTIR**

lést 10. október síðastliðinn á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útförin verður auglýst síðar.

**Kolbrún Jónsdóttir** **Guðmundur Andrésson**
**Sveinn Jónsson** **Margrét Elsa Sigurðardóttir**
**Helga Jónsdóttir** **Páll Kristinsson**
**Jóhann Jónsson** **Anna Magnúsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar og amma,

**SIGURJÓNA JAKOBSDÓTTIR**
**Grænuhlíð 4,**

lést fimmtudaginn 3. október síðastliðinn. Útför fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 17. október kl. 15.00.

**Anna María Jónsdóttir**
**Þorsteinn M. Jónsson** **Ingibjörg Egilsdóttir**
**Hallgerður Jónsdóttir**
**Benedikt Páll Jónsson**
**Magnús Þór, Sigrún, Anton Ísak, Sara Margrét, Agnes Ýr, Katrín Birta, Anna María og Jón Metúsalem**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞÓRMAR GUÐJÓNSSON**
**Vallarbraut 6, Njarðvík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 13. október. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 18. október kl. 14.00.

**Elías Þórmarsson** **Anna Eyjólfsdóttir**
**Jóhanna Þórmarsdóttir** **Björn Kristinsson**
**Árni Geir Þórmarsson** **Linda Stefánsdóttir**
**Adda Þórunn Þórmarsdóttir** **Frederick H. Plott**
**Gunnar Þór Þórmarsson** **Jenný Olga Eggertsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur faðir minn,

**ÁRNI HELGASON**
**fæddur 29. júní 1926,**
**Suðurgötu 85, Hafnarfirði,**

lést 8. október síðastliðinn. Hann verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði klukkan 13.00 17. október.

**Ragnar Gísli Árnason**
**og fjölskylda.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ÁGÚSTA GUÐFINNA MARÍA ÁGÚSTSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Suðurtúni 19, Álftanesi,**

lést á Droplaugarstöðum laugardaginn 12. október. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 18. október kl. 15.00. Blóm og kransar er vinsamlegast afþakkað en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Droplaugarstaða.

**Svava Jóhannesdóttir**
**Alda Lára Jóhannesdóttir** **Halldór Klemenzson**
**Jóhanna María, Þórunn Ágústa, Ella og Anna Lilly**

---

✝



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**RAGNHEIÐAR TORFADÓTTUR**
**Kambavaði 1, Reykjavík.**

**Sigurður Kr. Finnsson**
**Stefán Torfi Sigurðsson** **Sigurey Valdís Eiríksdóttir**
**Finnur Sigurðsson** **Hildigunnur Friðriksdóttir**
**Ármann Viðar Sigurðsson** **Elín Sigríður Friðriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**KATRÍN SKAPTADÓTTIR**
**Seljahlíð,**
**áður Eskihlíð 18a,**

lést á heimili sínu miðvikudaginn 9. október. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 18. október kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Pálína Ágústa Jónsdóttir** **Kristinn J.R. Kristinsson**
**Sveinborg Jónsdóttir** **Reynir Þormar Þórisson**
**Jens Ágúst Jónsson** **Lilja Leifsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

**Legsteinar og fylgihlutir**

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

**Mikið úrval - Gerið verðsamanburð**



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

**Haustútsalan**
**er hafin hjá** Graníthöllinni

Mikið úrval fallegra legsteina
sjá nánar á granithollin.is



Graníthöllin legsteinar
Bæjarhrauni 26 - Hafnarfirði
Sími 555 38 88

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 16. október 2013 | 28. tölublað | 9. árgangur
Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

VIÐ ELSKUM UMHVERFIÐ!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



## ÚTFLUTNINGUR Á ÍSLENSKUM BJÓR HEFUR TVÖFALDAST

- → Umfjöllun um aukinn útflutning íslenskra bjórframleiðenda.
- → Sex innlendir framleiðendur flytja út yfir 25 tegundir af bjór.
- → Verðmæti útflutningsins meira en tvöfaldaðist á fyrstu átta mánuðum ársins. SÍÐA 4

## Afgangur aldrei verið meiri

Mismunur á veltu greiðslukorta Íslendinga í útlöndum og korta útlendinga á Íslandi var jákvæður um 1,3 milljarða króna í septembermánuði. Greining Íslandsbanka segir um að ræða langmesta afgang sem verið hafi á kortaveltujöfnuði í september. „Í raun hefur kortaveltujöfnuður aðeins tvisvar sinnum áður komið út með jákvæðum formerkjum í september,“ segir í umfjöllun Greiningar. Rifjað er upp að í fyrra hafi verið afgangur upp á 163 milljónir króna og árið 2009, þegar utanlandsferðir Íslendinga voru í lágmarki eftir hrun, hafi afgangurinn verið 392 milljónir króna. „Vart þarf að nefna að fyrir hrun var kortaveltujöfnuður ávallt í halla hvern einasta mánuð ársins.“

- óká

## Aukin velta í dagvöruverslun

Velta í dagvöruverslun hér á landi jókst um 2,2 prósent á föstu verðlagi í september síðastliðnum miðað við sama tíma í fyrra. Veltan jókst um sjö prósent á breytilegu verðlagi.

Þetta kemur fram í tölum frá Rannsóknarsetri verslunarinnar sem birtar voru í gær. Þar segir að sala áfengis hafi dregist saman um 3,4 prósent á föstu verðlagi í septembermánuði og fataverslun um 8,5 prósent.

Tölurnar sem Rannsóknarsetrið birti sýna einnig að verð á dagvöru hækkaði um 4,8 prósent á síðastliðnum tólf mánuðum.

- hg

## Stefna að aukinni framleiðslu

Norðurál og vélaverkstæðið VHE hafa samið um að síðarnefnda fyrirtækið taki að sér að sérhanna búnað og vélar fyrir skautsmiðju álversins á Grundartanga.

Samningurinn er sagður fyrsti liðurinn í fimm ára fjárfestingarverkefni Norðuráls sem stefnir meðal annars að því að auka framleiðslugetu álversins á Grundartanga um 50 þúsund tonn á ári.

Í tilkynningu frá Norðuráli segir að heildarkostnaður við fjárfestingarverkefnið verði á annan tug milljarða íslenskra króna.

- hg



## Fróðleiksmolinn

### Gistinætur og gestakomur á hótelum
**Fjöldi erlendra gesta um Leifsstöð**




http://data.is/1gHLl4W

Frá árinu 2002 hefur gistinóttum fjölgað á háannatímanum og þær voru flestar nú í sumar eða 286.000. Á sama tímabili hefur fjöldi erlendra gesta um Leifsstöð fjölgað um háannatímann og hafa aldrei fleiri gestir komið til landsins en í júlímánuði 2013.

### Erlend greiðslukortavelta innanlands




http://data.is/1gHMXLR

Hagstofa Íslands tekur saman gögn um erlenda kortaveltu á innanlandsmarkaði eftir mánuðum. Á myndinni hér að ofan má sjá erlenda greiðslukortaveltu hér innanlands í hverjum mánuði. Hún hefur aldrei verið hærri en í síðastliðnum júlímánuði, þegar veltan er mæld á verðlagi hvers mánaðar.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 16. október**
- Fiskafli í september 2013

**Fimmtudagur 17. október**
- Samræmd vísitala neysluverðs í september 2013
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

**Föstudagur 18. október**
- Verðmæti sjávarafla janúar-júlí
- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Útboð ríkisbréfa

**Mánudagur 21. október**
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir nóvember 2013

**Þriðjudagur 22. október**
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í september 2013
- Greiðslujöfnunarvísitala í nóvember 2013
- Vísitala kaupmáttar launa í september 2013
- Mánaðarleg launavísitala í september 2013

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*



**Í ATVINNULEIT** Úr gögnum Vinnumálastofnunar má lesa að 1.187 hafi í síðasta mánuði verið í námi, á námskeiðum, grunnúrræðum eða í atvinnutengdum úrræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Atvinnuástandið enn verst á Suðurnesjum

***Í september dró lítillega úr atvinnuleysi og mældist það 3,8 prósent. Mest er atvinnuleysi á Suðurnesjum og minnst á Norðurlandi vestra. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi aukist á ný í október.***

**EFNAHAGSMÁL**
Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Skráð atvinnuleysi dróst saman um 0,2 prósentustig milli ágúst og september samkvæmt nýbirtum tölum Vinnumálastofnunar. Atvinnuleysið var 4,0 prósent í ágúst en mældist 3,8 prósent í september. Líkur eru á að atvinnuleysi aukist aftur í þessum mánuði.

Fram kemur að atvinnuleysi hafi verið 4,3 prósent á höfuðborgarsvæðinu. „Á landsbyggðinni var atvinnuleysið 2,8 prósent. Mest var atvinnuleysið á Suðurnesjum, 5,4 prósent. Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra, 0,8 prósent,“ segir í umfjöllun Vinnumálastofnunar.

„Í september fækkaði körlum um 171 að meðaltali á atvinnuleysisskrá en konum um 423 og var atvinnuleysið 3,2 prósent meðal karla og 4,4 prósent meðal kvenna. Atvinnulausum fækkaði að meðaltali um 493 á höfuðborgarsvæðinu en um 101 að meðaltali á landsbyggðinni.“

Alls voru 6.480 manns skráðir atvinnulausir í lok september en þeir sem voru atvinnulausir að fullu eru sagðir hafa verið 5.779. „Fjöldi þeirra sem hafa verið atvinnulausir lengur en sex mánuði samfellt er nú 3.491, fækkar um 403 frá ágúst og eru um 54 prósent þeirra sem voru á atvinnuleysisskrá í september.“

**1.940** höfðu í september verið án vinnu í eitt ár eða lengur, 132 færri en í ágúst.

Fólk sem hefur verið atvinnulaust í meira en eitt ár samfellt var 1.940 talsins í septemberlok, en 2.072 í ágústlok. Í þeim hópi hafði því fækkað um 132 milli mánaða.

Fjórtán prósent allra atvinnulausra voru á aldrinum 16 til 24 ára. Heldur hefur þó fækkað í þessum hópi. Núna voru í honum 913 en voru 1.089 í september í fyrra.

Þá voru í lok síðasta mánaðar 1.211 erlendir ríkisborgarar án atvinnu, þar af 643 Pólverjar, eða 53 prósent útlendinga á skrá.

Vinnumálastofnun segir atvinnuleysi yfirleitt aukast á milli september og október. „Í fyrra jókst atvinnuleysið úr 4,9 prósentum í september í 5,2 prósent í október,“ segir í samantekt stofnunarinnar, sem gerir ráð fyrir því að þróunin í ár verði ekki ólík þróuninni í fyrra. Gert er ráð fyrir að skráð atvinnuleysi í október aukist og verði á bilinu 3,9 til 4,2 prósent.

Skráð atvinnuleysi er mælt þannig að fjöldi atvinnuleysisdaga er umreiknaður í meðalfjölda einstaklinga, þar sem allir dagar í hverjum mánuði eru taldir nema laugardagar og sunnudagar og útkomunni deilt í áætlaðan mannafla á vinnumarkaði í hverjum mánuði.

Fram kemur að alls hafi verið 313 laus störf í almennri vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í lok september, flest ósérhæfð eða 135 og 82 þjónustu-, sölu og afgreiðslustörf. „Auk lausra starfa hjá Vinnumálastofnun voru 57 störf laus á Starfatorgi í lok september, sem ekki er sérstaklega miðlað af Vinnumálastofnun, flest sérfræðistörf eða 38.“

Af atvinnuleitendum voru 1.187 í námi, á námskeiðum, í grunnúrræðum eða í atvinnutengdum úrræðum í september, samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar.






**KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJU VOLVO 60 LÍNUNA Í BRIMBORG Í DAG.**
**UPPLIFÐU NÝJAN VOLVO XC60, VOLVO S60 OG VOLVO V60.**
**OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 163 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,8 l/100 km. $CO_2$ 179 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

## Löndin átta þar sem íslenskur bjór er fáanlegur




# Útflutningur á bjór hefur tvöfaldast

*Sex innlendir bjórframleiðendur flytja út yfir 25 tegundir af íslenskum bjór til átta landa í þremur heimsálfum. Verðmæti útflutningsins meira en tvöfaldaðist á fyrstu átta mánuðum þessa árs miðað við sama tíma í fyrra.*

**MATVÆLAIÐNAÐUR**

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Útflutningsverðmæti íslensks bjórs nam um 68 milljónum króna á fyrstu átta mánuðum þessa árs samanborið við 33 milljónir króna á sama tíma árið 2012.

Sex innlendir bjórframleiðendur selja í dag hluta af framleiðsluvörum sínum til útlanda. Þar er um að ræða tvo stærri framleiðendur, Vífilfell og Ölgerð Egils Skallagrímssonar, og fjögur minni brugghús, svokölluð örbrugghús.

Þessir sex framleiðendur selja samanlagt yfir 25 mismunandi tegundir af íslenskum bjór til átta landa í þremur heimsálfum.

### Aukið útflutning um 45 prósent

Vífilfell hefur staðið í útflutningi á bjór frá árinu 2004. Útflutningurinn hefur að sögn Jóns Hauks Baldvinssonar, útflutningsstjóra fyrirtækisins, tvöfaldast á fyrstu níu mánuðum þessa árs samanborið við sama tíma í fyrra. Fyrirtækið selur í dag sjö mismunandi tegundir til sex landa.

„Við höfum selt Víking bjórinn til fyrirtækja á austurströnd Bandaríkjanna. Hann var um tíma fáanlegur í verslunum Whole Foods í Washington D.C og nú stendur til að auka útflutning á vörumerkinu,“ segir Jón.

Jón segir að fyrirtækið sé einnig farið að selja bjórinn til Ástralíu. „Í fyrra sendum við tvo gáma af honum til Ástralíu og aðilinn sem keypti þá af okkur náði góðri dreifingu á honum. Þar er bjórinn seldur í sérmerktum umbúðum sem eru skreyttar myndum úr íslensku goðafræðinni,“ segir Jón og sýnir blaðamanni flösku með mynd af guðinum Óðni í hásæti sínu. „Við höfum einnig selt Thule til Kanada þar sem bjórinn hefur vakið mikla lukku á Íslendingasvæðum eins og Gimli og Manitoba,“ segir Jón.

Útflutningur Vífilfells jókst mikið árið 2008 þegar þrír Bandaríkjamenn, búsettir í Kaliforníu, gerðu samning við fyrirtækið um bruggun á bjórnum Einstök. Bandaríkjamennirnir þrír sinna að sögn Jóns öllu markaðs- og sölustarfi frá skrifstofu þeirra í Kaliforníu en bjórinn er bruggaður á Akureyri.

„Útflutningur á vörumerkinu Einstök er í dag stærsti þátturinn í okkar útflutningi. Þar er um að ræða fjórar mismunandi tegundir og við erum að þróa fimmtu tegundina þessa dagana sem mun fara í framleiðslu fyrir útflutning á næsta ári.“

Vörumerkið er að sögn Jóns að mestu flutt út til Bandaríkjanna en einnig til Bretlands. „Bjórinn fer aðallega til Kaliforníu en er einnig fáanlegur í mörgum öðrum fylkjum Bandaríkjanna. Kassarnir sem við sendum út eru farnir að skipta tugum þúsunda og aukningin frá 2012 er um 45 prósent,“ segir Jón.

### Sex tegundir fara frá Ölgerðinni

Ölgerð Egils Skallagrímssonar flytur þessa dagana út sex tegundir af bjór til fimm landa. Þar af eru þrjár tegundir sem eru seldar undir nafni Ölgerðarinnar; Gull, Boli, og Lite. Fyrirtækið á einnig og rekur örbrugghúsið Borg og þar framleiðir það meðal annars þrjár tegundir, sem fara að einhverju eða öllu leyti til útlanda. Tegundirnar sem um ræðir eru Bríó, Snorri og nýjasti bjór Borgar, Garún, sem var eingöngu framleiddur til útflutnings.

Árni Ingi Pjetursson, útflutningsstjóri Ölgerðarinnar, segir útflutning fyrirtækisins í stöðugum vexti og að áhugi erlendra aðila á íslenskum bjór hafi aukist undanfarin ár.

„Það er mikill uppgangur hér heimafyrir og framsækni í bjórgerð hefur einnig komið okkur á kortið. Að auki njótum við væntanlega góðs af þeim mikla áhuga sem heimsbyggðin virðist hafa á landinu um þessar mundir,“ segir Árni.

Hann segir fyrirtækið hafa átt fullt í fangi með að sinna heimamarkaði. „Þrátt fyrir það höfum við selt bjór til Bandaríkjanna, Kanada, Svíþjóðar, Danmerkur og Færeyja. Magnið sem fer út hverju sinni er misjafnt eftir mörkuðum, frá fáum brettum upp í nokkra gáma. Við stefnum á frekari vöxt á þessum mörkuðum og ætlum hægt og rólega að skoða nýja markaði,“ segir Árni.

### Helmingurinn í útflutning

Ölvisholt Brugghús, sem er á bóndabænum Ölvisholti í Flóahreppi á Suðurlandi, hefur flutt út bjór frá árinu 2008. Brugghúsið selur um sjö tegundir til útlanda, bæði í flöskum og hefðbundnum bjórkútum.

„Við erum að flytja út fjórar kjarnategundir sem eru í sölu allt árið. Þær eru Lava, Skjálfti, Móri og Freyja. Síðan erum við einnig að flytja út árstíðabundnar bjórtegundir og þar á meðal er íslenskur jólabjór sem við framleiðum fyrir sænska markaðinn,“ segir Örn Héðinsson, framkvæmdastjóri Ölvisholts.

Útflutningur til Bandaríkjanna og Svíþjóðar vegur þyngst hjá Ölvisholti að sögn Arnar. „Þar á eftir koma Danmörk og Kanada og við stefnum að því að fikra okkur inn á restina af Norðurlöndunum á næsta ári.“

Spurður um hvernig það kom til að Ölvisholt hóf útflutning á bjór til Bandaríkjanna segir Örn að á bak við þá ákvörðun sé skemmtileg saga.

„Árni Long, bruggmeistari okkar, starfaði við brugghús úti í Noregi áður en hann hóf störf hjá okkur. Hann var mikill aðdáandi Lava og tók nokkrar flöskur af bjórnum með sér til Noregs. Þar hitti hann fyrir tilviljun mann sem heitir Don Feinberg, sem er í dag dreifingaraðili okkar í Bandaríkjunum, og hann féll fyrir bjórnum og hafði samband og lagði inn pöntun.“

Örn segir að Ölvisholt hugi nú að stækkun á húsnæði brugghússins, en það er rekið í gamalli hlöðu á bóndabænum.

„Staðan í dag er þannig að helmingur af okkar framleiðslu fer í útflutning og það er fyrirséð að hann verði stærri en heimamarkaðurinn,“ segir Örn að lokum.

### Fyrsta brettið fór í síðustu viku

„Við erum búin að fikta við útflutning frá því í sumar og ég sendi í síðustu viku fyrsta brettið til Danmerkur. Það fer í sölu hjá manni sem rekur bar á suðurhluta Jótlands,“ segir Dagbjartur Arelíusson, eigandi Brugghúss Steðja.



**Í ÚTRÁS** Íslenskir bjórframleiðendur horfa í auknum mæli til útflutnings. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Dagbjartur opnaði brugghúsið fyrir rúmu ári á bóndabæ í Borgarfirði og hefur á þeim tiltölulega stutta tíma verið í sambandi við nokkra aðila í mismunandi löndum sem hafa áhuga á að kaupa íslenskan bjór.

„Ég hef fengið svolítið af ferðamönnum hingað í sumar og þar á meðal var þessi bareigandi frá Danmörku. Hann endaði á að panta tvær tegundir frá okkur, Jólabjór Steðja og Steðja Reyktan,“ segir Dagbjartur.

Hann segist einnig hafa fengið fyrirspurnir frá Svíþjóð, Bretlandi og Þýskalandi.

„Í Bretlandi er um að ræða fólk sem ætlar að opna bar í Brighton, rétt hjá Portsmouth. Þau vilja vera með íslenskt þema á barnum og leituðu því til okkar. Hinar fyrirspurnirnar eru í skoðun og því aldrei að vita hvernig þetta þróast hjá okkur,“ segir Dagbjartur.

### Fengið fyrirspurn frá Síle

Eigendur Gæðings Öls í Skagafirði tóku sín fyrstu skref í útflutningi síðastliðinn mánudag þegar þeir sendu þrjátíu bjórkassa til Danmerkur. Sendingin innihélt þrjár tegundir, Gæðing Pale Ale, Gæðing Stout og Gæðing Tuma Humal IPA.

Árni Hafstað, eigandi brugghússins, segir að sendingin hafi líklega farið til sama danska smásala og keypti bjór af Brugghúsi Steðja.

Hann segist einnig vera með pöntun frá Eistlandi upp á 63 kassa af bjór. Árni getur ekki afgreitt þá pöntun fyrr en um miðjan nóvember því framleiðsla brugghússins annar að hans sögn ekki eftirspurn.

„Íslenskur bjór er greinilega að verða spennandi vara í augum útlendinga og sem dæmi um það hef ég einnig fengið fyrirspurnir frá fjarlægum löndum eins og Síle. Fjarlægðin við aðra markaði er hins vegar stærsta hindrunin en ef menn eru tilbúnir til að borga meira fyrir íslenskan bjór þá er það í sjálfu sér engin hindrun.“



## ENDURBÆTUR Í FLUGSTÖÐINNI

**Talsverðar endurbætur hafa verið gerðar í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli að undanförnu. Svæðum í suðurbyggingu sem ekki voru áður hluti af almennu farþegarými var breytt í biðsvæði farþega og glæsilega snyrtiaðstöðu og verslunarsvæði stækkað og endurbætt.**


Jólaútsaumur

**Amma mús – handavinnuhús**
Laugavegur 18, 101 Reykjavík
Opið mán – fös 11-20 lau 11-17 -sun 12-17
sími 511 3399

Ármúla 18, 108 Reykjavik
Opið mán – fös 9-18 og lau 11-15
sími 511 3388

Amma mús -handavinnuhús

Lionssalurinn Lundur

- Jólahlaðborð
- Árshátíðir
- Þorrablót

Brúðkaupsveislur.is
Fermingarveislur.is
Cocktail.is
Veisluþjónusta

**Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994**

15% AFSLÁTTUR AF YFIRHÖFNUM

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770







Öflug vörn gegn sveppasýkingum

„Ég mæli með Bio Kult Candéa fyrir skjólstæðinga mína. Síðustu ár hef ég lagt mikla áherslu á að vera í jafnvægi, með góða orku og einbeitningu í lífi og starfi. Ég hef lagt áherslu á að taka inn góða gerla til að viðhalda jafnvægi og orku og hef prófað þá allra bestu hér á markaðinum hverju sinni," segir Sigríður Jónsdóttir, ADHD markþjálfi og fíkniráðgjafi.

„Mér finnst Bio Kult Candéa vera skjótvirkasta varan sem ég hef prófað. Ég mæli með henni fyrir skjólstæðinga mína sem gjarnan eru að glíma við ójafnvægi í lífi sínu."

Bio-Kult Candéa




MYND/VALLI

# MINNI VERKIR OG AUKIN LÍKAMSVITUND

**HEILSUBORG KYNNIR** *Stoðkerfislausnir er námskeið sem hefst 21. október í Heilsuborg en það hentar vel þeim sem eru með verki í baki eða herðum.*

Stoðkerfislausnir henta sérstaklega vel þeim sem eru með verki, til dæmis í baki, herðum eða hnjám, og þurfa að fara varlega," segir María Kristín Valgeirsdóttir, sjúkraþjálfari í Heilsuborg. „Þegar við tölum um stoðkerfið er átt við vöðva, bein og liði. Við reynum að hafa nálgunina einstaklingsmiðaða þó svo að þjálfunin fari fram í hópi. Hver og einn fer í upphafsviðtal hjá sjúkraþjálfara en það er auðveldara að vita hvaða æfingar ber að varast og eins hvaða vöðvahópa þarf að styrkja sérstaklega."

„Þjálfunin felst í að bæta líkamsstöðu hvers og eins og gera alla meðvitaða um sína líkamsbeitingu," segir María Kristín. „Tilgangurinn er að fólki líði betur og finni minna fyrir verkjum. Það hentar mörgum að hafa sjúkraþjálfara til staðar, geta spurt hann þegar þarf og fengið aðstoð varðandi einstakar æfingar. Alltaf er hægt að finna aðrar útfærslur af æfingum ef viðkomandi finnur til eða vill gera æfinguna á annan hátt. Svo má auðvitað ekki gleyma að hafa svolítið gaman af svo maður gleymi sér nú við æfingarnar. Það eru margir sem velja að koma á framhaldsnámskeið en svo eru aðrir sem finna að þeir eru búnir að læra að beita sér rétt og treysta sér þá til að fara á önnur námskeið," segir María Kristín enn fremur.

„Árangur þeirra sem hafa sótt námskeiðið felst að mestu í aukinni líkamsvitund og auknum styrk. Þeir hafa líka lært að gera æfingar sem henta þeim og vita hvað ber að varast," segir María Kristín og hvetur þá sem hafa áhuga á námskeiðinu að hafa samband við Heilsuborg en nýtt námskeið er að hefjast.

**FLOTT NÁMSKEIÐ**
María Kristín Valgeirsdóttir, sjúkraþjálfari í Heilsuborg, er að fara af stað með námskeið sem styrkir fólk með stoðkerfisvandamál.

**BETRI LÍKAMSSTAÐA**
***Næsta námskeið í Stoðkerfislausnum hefst 21. október. Síminn er 560 1010. Sjá einnig á heilsuborg.is***


Við bjóðum frábært verð

Umfelgun á fólksbíl 5490.-
Umfelgun á smájeppa 6490.-



Til eldri borgara:

Umfelgun á fólksbíl 4990.-
Umfelgun á smájeppa 5990.-

VDO Borgardekk

Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

**2 FYRIR 1**

*af Hreindýra-borgara með frönskum gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.490 kr.*

*Gildir út nóvember 2013. Texasborgarar.is s: 517-3130*




# ÍTALSKUR ÍS OG EÐALBORGARAR

**TEXASBORGARAR KYNNA**

Á matseðli Texasborgara við Grandagarð eru ýmsar útgáfur af klassískum hamborgurum og fleira girnilegt, eins og kjúklingaréttir, BLT-samloka og fiskur og franskar. En nú er tími villibráðarinnar og þá eru hreindýraborgarar steiktir í gríð og erg. „Hreindýraborgararnir mæltust svo vel fyrir í fyrrahaust að við ákváðum að hafa þá alveg eins í ár,“ segir Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður. „Þetta eru 140 gramma borgarar og við berum þá fram í hamborgarabrauði með kryddsósu, týtuberjarjómaosti, jöklasalati, rauðlauk, tómötum og djúpsteiktum lauk – og franskar fylgja að sjálfsögðu með. Þetta er ekta villibráð í girnilegum búningi og kostar ekki nema 1.490 kr.“ Nýlega var settur upp ekta ítalskur ísbar á Texasborgurum. Gestir afgreiða sig sjálfir og greiða svo eftir vigt. „Við viljum fá til okkar alla aldurshópa og erum því með flott fjölskyldutilboð á hamborgurum og 12 ára og yngri fá fríann ís eftir matinn,“ segir Magnús Ingi. Nánar á texasborgarar.is og Facebook.

# MIKIL STEMNING FYRIR NOREGSLEIKINN

**FÓTBOLTAÆVINTÝRI** *Fjöldi Íslendinga hélt til Noregs í gær til að verða vitni að einum mikilvægasta leik íslenskrar knattspyrnusögu.*

Mikilvægasti leikur í sögu íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu fór fram í gærkvöldi. Þá sótti liðið það norska heim á Ullevaal-leikvanginn í Ósló. Leikurinn var lokaleikur beggja liða í E-riðli en fyrir leikinn hafði Sviss tryggt sér þátttökuréttinn í lokakeppnina í Brasilíu. Íslendingar voru í harðri baráttu við Slóveníu um að komast í umspil átta liða um fjögur laus sæti í lokakeppninni.

Fjöldi Íslendinga hélt til Noregs í gærmorgun til að horfa á leikinn, þar á meðal 130 manna hópur frá ÍT-ferðum. Fararstjóri hópsins, Hannibal Hauksson, sagði frábæra stemningu hafa verið í hópnum. „Hér er fólk á öllum aldri og það var mikið sungið og trallað, alveg frá því að flugið hófst og þar til rútan keyrði okkur á áfangastað. Stuðningsmannafélag íslenska landsliðsins, Tólfan, var með okkur og það var lítið um ferðatöskur í þessu flugi. Farangurinn samanstóð að mestu leyti af trommum og varningi til að selja á leiknum.“

Fyrir leikinn hittust fjölmargir Íslendingar á Horgans Bar & Restaurant í miðbæ Óslóar og hituðu upp, þar á meðal Íslendingafélagið í Noregi og hópar frá fleiri ferðaskrifstofum. Áður en leikurinn hófst var haldinn töflufundur með íþróttafréttamanninum Guðmundi Benediktssyni og gamla landsliðsfyrirliðanum Guðna Bergssyni. Þar fóru þeir yfir leikinn og greindu möguleika íslenska liðsins.

Nokkur bjartsýni ríkti hjá Íslendingunum fyrir leikinn og bjuggust þeir Norðmenn sem Hannibal hitti fyrir leikinn frekar við sigri íslenska liðsins.

Mikill fjöldi Íslendinga sótti leikinn og greindi norska blaðið Verdens Gang í gær frá því að 2.500 miðar hefðu verið seldir Íslendingum. „Ég hitti meðal annars tvo Íslendinga í gær, búsetta í Stavanger og Bergen, sem flugu hingað til Ósló eingöngu til að sjá leikinn enda einn sögulegasti leikur í íslenskri knattspyrnu.“



**ÚRSLITALEIKUR** Fyrri leik liðanna lauk með 2-0 sigri í Reykjavík. MYND/VILHELM

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. | Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447



# HUGBÚNAÐUR &HUGBÚNAÐARGERÐ

**Kynningarblað** TM Software, Sprettur, Hugsmiðjan, Wise og Tölvusmiðjan.




Pétur Ágústsson er rekstrarstjóri Tempo hjá TM Software. Hann segir viðskiptavini Tempo nú yfir 4.000 talsins í fleiri en 90 löndum. MYND/GVA

**Viðskiptavinir Tempo eru nú yfir fjögur þúsund talsins, staðsettir í fleiri en níutíu löndum, víðs vegar um heiminn. Má þar nefna stórfyrirtækin Dell, Samsung, Ebay, Amazon, Intel, Deutsche Bank og mörg fleiri.**

# Tempo Timesheet verðlaunað sem söluhæsta viðbót Atlassian

**TM Software** hefur undanfarin fimm ár þróað Tempo-vörurnar sem viðbætur fyrir JIRA-hugbúnaðinn frá Atlassian. Atlassian er notað víða um heim og til að mynda nota 85 af hverjum hundrað fyrirtækjum á Fortune 100-listanum vörur frá Atlassian.

Markmið Tempo er að auðvelda notendum að vinna á skilvirkari og auðveldari máta. Tempo-vörurnar bjóða upp á heildarlausnir fyrir verkbókhald, verkefnastjórnun, auðlindastjórnun og viðskiptagreiningu, ásamt ýmsu fleiru," útskýrir Pétur Ágústsson, rekstrarstjóri Tempo hjá TM Software.

Vinsældir Tempo-varanna eru miklar og nýlega hlaut Tempo Timesheets-varan mikinn heiður þegar hún vann til verðlauna fyrir að vera söluhæsta viðbótin innan Atlassian-vistkerfisins.

„Tempo hefur vaxið gríðarlega hratt innan TM Software á síðustu árum, allt frá því að vera sproti með örfáa starfsmenn yfir í að vera útbreiddur hugbúnaður með 26 starfsmenn," upplýsir Pétur og stefnt er að því að gera enn betur á næsta ári þegar áætlaður starfsmannafjöldi fer upp í fjörutíu manns.

„Þá hafa vinsældir Tempo orðið til þess að gífurlegur vöxtur hefur orðið í erlendum tekjum innan TM Software og sala á Tempo-leyfum tvöfaldast á milli ára á síðustu þremur árum," segir Pétur.



Tempo hefur vaxið gríðarlega hratt innan TM Software á síðustu árum og starfa nú 26 manns við hugbúnaðinn. MYND/GVA



Tempo Timesheet fékk nú snemma í október verðlaun sem söluhæsta viðbótin innan Atlassian-vistkerfisins. Hér tekur starfsfólkið við verðlaununum í San Francisco.

## Heimskunn stórfyrirtæki á meðal viðskiptavina

Viðskiptavinir Tempo eru nú yfir fjögur þúsund talsins, staðsettir í fleiri en níutíu löndum, víðs vegar um heiminn. Má þar nefna stórfyrirtækin Dell, Samsung, Ebay, Amazon, Intel, Deutsche Bank og mörg fleiri.

„Tempo-vörurnar eru nú þrjár talsins og mynda saman öfluga heildarlausn," segir Pétur.

„Fyrst ber að nefna Tempo Timesheet, sem hentar stórum sem smáum fyrirtækjum og hjálpar til við verkefna- og auðlindastjórnun ásamt því að hafa sveigjanlegt tímaskráningar- og verkbókhaldskerfi. Önnur Tempo-vara er Tempo Plannerviðbótin við JIRA sem þróuð var til þess að hjálpa vinnuhópum við að gera betri áætlanir og stjórna verkefnum á sveigjanlegan hátt. Rannsóknir hafa enda sýnt að samskipti og gagnsæi séu lykill að velgengni hvers fyrirtækis. Sú þriðja er Tempo Books sem býður upp á sveigjanlegar kostnaðar- og fjárhagsáætlanir fyrir JIRA-verkefni þar sem til dæmis er hægt að fá nákvæmt yfirlit yfir helstu kostnaðarliði fyrirtækja og sundurliðaðar skýrslur yfir útgjöld til innheimtu, ásamt ýmsu öðru," útskýrir Pétur.

Allar Tempo-viðbætur má nota hverja í sínu lagi eða blanda saman.

**TM Software er í Borgartúni 37. Sjá www.tmsoftware.is. Nánari upplýsingar um Tempo má nálgast á www.tempoplugin.com.**

# Hugbúnaður lykillinn að samkeppnisforskoti

Ari Jóhannesson, tæknistjóri hjá **hugbúnaðarfyrirtækinu Spretti,** segir stafræna upplifun viðskiptavina lykilinn að forskoti fyrirtækja í viðskiptaumhverfi nútímans. Skýra sýn þurfi að hafa á hvernig fyrirtæki aðgreinir sig frá samkeppnisaðilum og verður einstakt í huga viðskiptavina.

Margir halda að Sprettur sé ráðgjafafyrirtæki þar sem við erum þekkt fyrir að halda ráðstefnur og námskeið en við erum fyrst og fremst hugbúnaðarfyrirtæki," segir Ari Jóhannesson, tæknistjóri hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Spretti á Laugavegi.

„Við vinnum fyrir meðalstór og stærri fyrirtæki hér á landi og einbeitum okkur að því að nýta hugbúnað með fólki sem trúir því að hugbúnaðarþróun sé lykilatriði í viðskiptaþróun fyrirtækja í dag. Heimurinn er að breytast svo hratt hvað þetta varðar. Okkar viðskiptavinir eru með það á hreinu að hugbúnaður er lykilatriði til að ná forskoti. Skýrasta dæmið um það er hvernig fólk er beinlínis farið að velja fyrirtæki út frá stafrænni upplifun," segir Ari og útskýrir nánar.

„Þetta á við um öll viðskipti en við sjáum það til dæmis vel hjá bankastofnunum. Fólk velur sér banka eftir því hvernig viðmótið í heimabankanum er og að hann sé aðgengilegur í símanum og svo framvegis. Í flutningabransanum vill fólk til dæmis geta sent flutningsbeiðni rafrænt og fylgst svo með hvar sendingin er stödd í ferlinu hverju sinni."

### Hugbúnaðarþróun er kjarninn

„Það er stundum talað um að fyrirtæki eigi að einbeita sér að kjarnarekstri fyrirtækisins og láta aðra um annað en við lítum svo á að hugbúnaðarþróun sé orðin kjarninn í flestum rekstri og vinnum við því mjög náið með okkar viðskiptavinum að þróun kjarnaferla þeirra. Fyrirtækin verða að vinna með fólkinu og eftir því sem fólk vill. Fyrirtækin verða einfaldlega að að vera góð í því sem kúnnarnir eru að velja viðkomandi fyrirtæki fyrir.

Til að ná þessu forskoti þarf að einblína á notendaupplifun og að viðskiptavinurinn hafi netaðgang að öllu. Okkar viðskiptavinir eru að leita að hágæða hugbúnaðarþróun og það er það sem við hjá Spretti gerum. Bransanum er gjarnan skipt í vefþróun og enterprise-þróun en við hjá Spretti tökum hlutina alla leið."



Ari Jóhannesson, tæknistjóri hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Spretti, segir stafræna upplifun viðskiptavina aðgreina fyrirtæki frá samkeppnisaðilum. MYND/GVA

# WiseFish sjávarútvegsráðstefna í Turninum

**Wise** býður viðskiptavinum sínum og velunnurum á sérstaka sjávarútvegsráðstefnu þann 17. október næstkomandi í Turninum í Kópavogi, þar sem ný útgáfa af WiseFish 2013 verður forsýnd.

WiseFish 2013 er enn í þróun og er spennandi að sjá hvernig viðbrögð viðskiptavina okkar verða við lausninni. Stefnt er að því að WiseFish 2013 verði tilbúið á markað von bráðar og mun það leysa af hólmi okkar eldri útgáfur. Mikil eftirspurn er nú þegar eftir lausninni bæði innanlands og ekki síður á erlendum mörkuðum og má þá helst nefna á Nýja-Sjálandi þar sem við höfum verið að vinna mikið undanfarið," segir Hallgerður Jóna Elvarsdóttir, sölustjóri WiseFish-lausna, en hún verður fundarstjóri ráðstefnunnar.

WiseFish 2013 er samræmd nýrri útgáfu af Dynamics NAV 2013 sem kom út fyrr á þessu ári og eru helstu kostir hennar aukinn sveigjanleiki sem veitir viðskiptavinum betri kosti á að laga kerfið að sínu hlutverki. Auknir möguleikar eru í tengingum við vefþjónustur, spjaldtölvur, handtölvur og snjallsíma sem og Wise Peripherals sem talar við vogir, vinnslulínur og önnur jaðartæki. Útgáfan er nútímalegri og viðmótið meira í samræmi við það sem þekkist frá Microsoft Wise, sem hefur verið leiðandi í þróun hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg um árabil og þjónustar fjölda fyrirtækja innanlands sem utan. Hjá fyrirtækinu starfa sérfræðingar með víðtæka þekkingu og reynslu af þjónustu og hugbúnaðarþróun fyrir sjávarútveginn.



Hallgerður Jóna Elvarsdóttir sölustjóri.

> **Mikil eftirspurn er nú þegar eftir lausninni.**

**Lausnir Wise spanna alla virðiskeðju sjávarútvegsins frá fiskeldi og veiðum til sölu og dreifingar. Nánari upplýsingar veitir: Hallgerður Jóna Elvarsdóttir, sölustjóri Wise-Fish-lausna, sími: 867 1111, hje@wise.is**



MIÐVIKUDAGUR 16. OKTÓBER 2013
20. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2





**HEIMSÓKN**
Sindri heimsækir Agnesi M. Sigurðardóttur í kvöld.



**ÍSLAND GOT TALENT**
Frábær þátttaka í áheyrnarprufum.




**LIÐIÐ MITT**
Nýr körfuboltaþáttur með Sverri Bergmann.

# ÆTLAR EKKI Í TÁRADALINN

## SPJALLÞÁTTURINN KOLLA MEÐ KOLBRÚNU BJÖRNSDÓTTUR HEFST Í KVÖLD

krakkar | GULL | BÍÓ | SPORT | SPORT 2 | 3

## 2 ÓMISSANDI Í VIKUNNI



**GREY'S ANATOMY**
Miðvikudag kl. 21.00



**SÆLKERAFERÐIN**
Fimmtudag kl. 20.05




**LOGI Í BEINNI**
Föstudag kl. 19.45



**SPAUGSTOFAN**
Laugardag kl. 19.30



**HOMELAND**
Sunnudag kl. 21.05



**UM LAND ALLT**
Mánudag kl. 20.05



**BONES**
Þriðjudag kl. 21.15

# HEIMSÓKN Í BISKUPSGARÐ

**HEIMSÓKN**
**Kl. 20.10 miðvikudaga**

**Sindri Sindrason heimsækir biskup Íslands, frú Agnesi M. Sigurðardóttur, í þætti kvöldsins. Agnes býr í Biskupsgarði við Bergstaðastræti, gömlu og fallegu húsi sem lengi hefur tilheyrt biskupsembættinu.**

**„Það var mjög gaman að heimsækja Agnesi. Þegar maður gekk inn í húsið var það eins og að koma inn í danskan, gamaldags glamúr. Það er allt óbreytt frá fyrstu tíð, ótrúlega fallegt og vel við haldið. Greinilegt að það hefur verið vandað til í upphafi," segir Sindri.**

**„Agnes kom mér skemmtilega á óvart, hún er blátt áfram og alúðleg. Hún tók mjög vel á móti mér. Hún er móðir og amma. Þegar ég spurði hvort barnabarnið fengi að valsa um, svaraði hún því til að hann sæti yfirleitt rólegur með iPad ömmunnar."**

**Biskupsgarður á mikla sögu sem Agnes segir frá en ríkið keypti húsið árið 1967.**

**Í næsta þætti fer Sindri til Elísabetar Ásberg listakonu. Þau fara saman í heitan pott með kampavín í glasi. „Ég reyni að hafa þættina fjölbreytta og ólíkt fólk sem ég heimsæki. Í þarnæsta þætti heimsæki ég síðan skátahöfðingja Íslands, Braga Björnsson," segir Sindri.**



Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, tók vel á móti Sindra þegar hann bankaði upp á.

# BYRJAÐI SNEMMA AÐ VERA FYRIR Í ELDHÚSINU

Matreiðsluþættirnir **Í eldhúsinu hennar Evu** hefja göngu sína á Stöð 3 á mánudag. Þar mun Eva Laufey Kjaran þreyta frumraun sína í sjónvarpi en hún hefur getið sér gott orð fyrir girnilegt matarblogg sem fjöldi manns skoðar á degi hverjum.

**3 Í ELDHÚSINU HENNAR EVU**
**Kl. 20.45 mánudaga**

Matreiðsluþættirnir verða átta talsins og verða á dagskrá í hverri viku fram að jólum. „Ég legg áherslu á einfaldan heimilismat sem ég ólst upp við og verð ýmist með forrétt, aðalrétt, eftirrétt eða bakstur. Í sumum þáttunum geri ég einn rétt en í öðrum fleiri," segir Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir. Réttina er flesta að finna í fyrstu matreiðslubókinni hennar, Matargleði Evu, sem kemur út í næsta mánuði.

Eva Laufey stundar nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands en hefur lengi haft brennandi áhuga á matargerð. „Skólinn fær að fljóta með," segir hún og hlær. Eva Laufey segir móður sína og móðurömmu hafa smitað sig af matargerðaráhuganum. „Þær eru báðar listakokkar og ég byrjaði snemma að vera fyrir þeim í eldhúsinu," segir Eva, en þættirnir eru einmitt teknir upp í eldhúsi móður Evu á Akranesi sem gefur þeim heimilislegt yfirbragð.

Í fyrsta þættinum verður ítalskt þema og fylgjast áhorfendur með Evu töfra fram dýrindis ítalskar kjötbollur. Hér fylgir uppskrift að eplapæ.

## EPLAPÆ

*Fyrir 6–8*

**200 g smjör**
**200 g sykur**
**175 g hveiti**
**100 g haframjöl**
**100 g dökkt súkkulaði**
**Kanill**
**5–6 græn epli**

Hnoðið saman hveiti, sykur, haframjöl og smjör. Skrælið eplin, skerið í litla bita og setjið í skál. Stráið kanil yfir og blandið vel saman. Smyrjið eldfast mót og raðið eplum í það. Saxið súkkulaði og stráið yfir. Myljið hveitiblönduna yfir. Bakið við 200°C í 30-35 mínútur. Berið fram með þeyttum rjóma, ís og karamellusósu.



Eva Laufey hefur haldið úti matarblogginu www.evalaufeykjaran.com um nokkurra ára skeið og nýtur það sífellt meiri vinsælda.



# BONES KRYFUR FLEIRI BEIN

**BONES**
**Kl. 21.15 á þriðjudögum**

Fyrsti þáttur í áttundu þáttaröðinni af Bones verður sýndur næstkomandi þriðjudag. Í þessum stórskemmtilegu þáttum er sem fyrr fylgst með störfum dr. Temperance (Bones) Brennan réttarmeinafræðings, sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum FBI. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglumanninum Seeley Booth og fella þau hugi saman þrátt fyrir afar mismunandi gildi. Brennan stendur fyrir vísindi, sannanir og trúleysi en Booth fyrir trú, guð og hið ósannaða.

Þættirnir eru lauslega byggðir á lífi rithöfundarins og réttarmeinafræðingsins Kathy Reichs sem einnig framleiðir þættina. Raunar byggist persóna Temperance Brennan á söguhetju úr glæpasögum Reichs. Í þáttunum skrifar dr. Brennan síðan glæpasögur um réttarmeinafræðing að nafni Kathy Reichs.

Aðdáendur þáttanna geta hlakkað til því níunda serían hefur þegar verið mynduð og fyrsti þátturinn var frumsýndur í Bandaríkjunum í september.



# VALA FER TIL SUÐUREYRAR

**SÆLKERAFERÐIN**
**Kl. 20.05 fimmtudag**

Valgerður Matthíasdóttir heldur áfram Sælkeraferð sinni um landið þar sem hún leitar uppi faldar matarperlur. Annað kvöld heimsækir hún Suðureyri við Súgandafjörð og Snæfellsnesið og bragðar meðal annars bestu fiskisósu sem hún hefur fengið. „Við fáum dásamlegan glænýjan steinbít í ævintýralega góðri koníakssósu. Svo fylgjumst við með matarsmökkunarferð um þorpið og lærum að gera svokallað „ceviche", sem er hrár fiskur með kryddi. Einnig förum við á Snæfellsnes í krúttlega pínulitla Fjöruhúsið sem er alveg niðri við sjóinn í ótrúlegri náttúrufegurð og þar fáum við dýrindis skyrtertu á pallinum í fjörunni," segir Vala.

Það er mikil gróska í matargerðinni um allt land og í þáttunum eru bæði veitingastaðir og litlir framleiðendur heimsóttir.

„Við heimsækjum margt ungt fólk sem hefur leitað aftur í heimahagana eftir að hafa búið í Reykjavík eða erlendis árum saman og sækir aftur í þetta ferska hráefni sem við eigum hér á Íslandi. Við skoðum staðina og kynnumst viðmælendum sem síðan búa til dásamlegan rétt í lok þáttar. Þannig fáum við alls konar hugmyndir og lærum ný trikk í eldhúsinu, sem mér finnst alltaf svo æðislega gaman," sagði Vala í viðtali við Stöðvar 2 blaðið fyrir stuttu.



Sofía Vergara hefur verið tilnefnd til þriggja Golden Globe-verðlauna og fernra Emmy-verðlauna fyrir leik sinn í Modern Family.

**MODERN FAMILY**
**Kl. 20.05 þriðjudag**

# KYNÞOKKAFULL Í NÚTÍMA-FJÖLSKYLDU

Leikkonan Sofía Vergara fer með hlutverk Gloríu í hinum geysivinsælu og verðlaunuðu þáttum Modern Family. Fyrir hlutverk sitt hefur hún verið tilnefnd til þrennra Golden Globe-verðlauna og fernra Emmy.

Sofía Vergara er 41 árs, fædd 10. júlí 1972 í Barranquilla í Kólumbíu. Hún vakti fyrst athygli í spænsku sjónvarpi árið 1990. Fyrsta hlutverk hennar á ensku var í myndinni Chasing Papi árið 2003. Þar á eftir lék hún í kvikmyndunum Tyler Perry, Meet the Browns og Madea Goes to Jail. Líklega er hún þó frægust fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Modern Family.

## Dramatík í einkalífi

Hún ólst upp með fimm bræðrum og einni systur og var fjölskyldulífið fjörugt, enda hittist stórfjölskyldan oft eins og tíðkast hjá spænskumælandi ættum. Sofía gekk í hjónaband 18 ára en skildi tveimur árum síðar. Hún hætti undirbúningsnámi fyrir tannlækningar eftir þrjú ár í háskólanum í Kólumbíu til að starfa við fyrirsætustörf. Fljótlega eftir það ákvað hún að flytja til Miami í Bandaríkjunum vegna óróa í heimalandinu. Eldri bróðir hennar var myrtur eftir að honum hafði verið rænt í Kólumbíu árið 1998. Með henni fluttu sonur hennar, Manolo, sem er fæddur 1992, móðir hennar og systir, Sandra, sem einnig er leikkona.

Árið 2000 var Sofía greind með krabbamein í skjaldkirtli sem var fjarlægður í kjölfarið. Hún náði fullum bata. Á síðasta ári var tilkynnt um trúlofun hennar og kaupsýslumannsins Nicks Loeb.

## Flókin fjölskylda

Þættirnir Modern Family voru frumsýndir 2009 og hafa náð miklum vinsældum um allan heim. Þeir fjalla á gamansaman hátt um þrjár tengdar fjölskyldur. Þar leikur Sofía Vergara ástríðufulla eiginkonu Jays Pritchett. Hann á tvö fullorðin börn frá fyrra hjónabandi, Claire og Mitchell, en einnig ungan son, Fulgencio með núverandi konu sem kom með son sinn Manny, 14 ára, í sambandið. Claire er gift og þriggja barna móðir. Bróðir hennar, Mitchell, er samkynhneigður og hefur ásamt manni sínum ættleitt barn, Lily, frá Víetnam. Þetta er því sannkölluð nútímafjölskylda.




© Inter IKEA Systems B.V. 2013


Snjallara svefnherbergi
Með UPPLEVA línunni og BESTÅ hirslum sameinar þú sjónvarp, hljóðkerfi og húsgagn. Útkoman er heildarlausn sem gerir stofuna stílhreinni með földum snúrum, þráðlausu bassaboxi og öllu er stjórnað með einni fjarstýringu. Upplifðu UPPLEVA í versluninni og kynntu þér tæknina á www.IKEA.is
IKEA®



Mikill fjöldi Reykvíkinga mætti í Fjölbrautarskólann í Breiðholti um helgina til að sýna listir sínar og freista þess að komast í þáttinn. Frestur til að senda dvd-disk með atriði rennur út 25. október.

# MÖRG FRÁBÆR ATRIÐI

**Áheyrnarprufum fyrir Ísland Got Talent lauk um helgina þegar Reykvíkingar léku listir sínar. Þar með lauk hringferðinni um landið og brátt liggur fyrir hvaða atriði komast í þáttinn. Prufurnar hafa gengið mjög vel og ljóst er að margt hæfileikafólk leynist um land allt.**

**Vegna fjölda fyrirspurna hefur verið tekin ákvörðun um það að þeim sem sáu sér ekki fært að koma í áheyrnarprufurnar og hafa áhuga á að taka þátt gefst kostur á að senda mynddisk með atriðinu sínu fyrir föstudaginn 25. október.**

**Stjórnandi þáttanna verður hinn góðkunni Auðunn Blöndal, sem er sjálfur mikill áhugamaður um hæfileikakeppni.**

**Dómarar verða Bubbi Morthens, Þorgerður Katrín, Þórunn Antonía og Jón Jónsson.**

**Þeir sem hyggjast senda inn atriði þurfa að láta nafn, aldur, símanúmer og netfang fylgja. Umslagið skal merkja svona:**

***365 c/o Ísland Got Talent***
***Skaftahlíð 24***
***105 Reykjavík***

**ÁHORFANDINN**

**Elma Stefanía Ágústsdóttir leikkona er aðdáandi Ástríðar númer eitt**



# HEILLANDI MISHEPPNUÐ

„Þættirnir um Ástríði eru æðislegir. Ilmur er frábær leikkona og þættirnir eru svo vel skrifaðir, fyndnir og vel gerðir. Það er alltaf gleðilegt þegar svona vel tekst til,“ segir Elma Stefanía Ágústsdóttir leikkona. Hún er eldheitur aðdáandi þáttanna um hina seinheppnu Ástríði sem sýndir eru á Stöð 2.

Hún segir þá sem láta þættina fram hjá sér fara missa af miklu.

„Þetta er svo gaman. Ástríður sjálf er minn uppáhaldskarakter í þáttunum og samband hennar við frænda hennar, sem hún býr með, finnst mér ótrúlega skemmtilegt. Það sem er mest heillandi við Ástríði er einmitt hvað hún er óheillandi. Hún getur verið svo leiðinleg og misheppnuð og allir þessir ótrúlegu hlutir sem hún gerir þegar hún panikkerar eru brilljant. Eins og að leggjast í gólfið og þykjast vera sofandi þegar fyrrverandi kærastinn kemur í heimsókn frá Danmörku! Algerlega absúrd en brilljant um leið.“

Elma Stefanía sá ekki fyrstu seríu þáttanna um Ástríði og á því ómælda skemmtun inni.

„Ég var bara að uppgötva þennan fjársjóð sem Ástríður er en ég verð að komast yfir fyrstu seríuna, ekki spurning. Ég mun gera það um leið og ég hef tíma og leggst þá í Ástríðarmaraþon.“

# SÖGUR OG SIGRAR

**Margir hafa miklar mætur á Kolbrúnu Björnsdóttur eftir að hafa vaknað við þægilega rödd hennar í Bítinu á Bylgjunni í sex ár. Nú kemur hún áhorfendum á óvart í spjallþættinum Kollu.**

**KOLLA**
**Kl. 20.25 í kvöld**

„Ég er alveg nógu sterk á taugum til að fjalla um viðkvæm málefni en ætla mér ekki ofan í táradalinn til að dvelja við eymd, sorg og dramatík,“ segir Kolla um spjallþáttinn sem hún segir verða notalegan, fræðandi, mannlegan og smekklegan.

„Ég vil frekar tala um sigur og lausnir og vil að áhorfendur geti speglað sig í viðmælendum mínum án vorkunnsemi. Þeir eiga miklu frekar að dást að gestum mínum og finna frá þeim hvatningu,“ segir Kolla full tilhlökkunar.

„Áhorfendur eiga von á fróðlegum þáttum sem skilja eitthvað eftir og hugsanlega geta þeir lært eitthvað af þeim. Efnistök einstakra þátta verða þematengd og eiga sameiginlegt að vera sammannleg og varða manneskjuna í heild, með tilheyrandi reynslusögum og viðtölum við fagaðila,“ útskýrir Kolla sem þessa dagana er á kafi í áskorunum um efni sem fólki er hugleikið.

„Sem stjórnmálafræðingur sný ég nú baki við pólitísku argaþrasi og ríð á vaðið með málefni stjúpmæðra. Gestir mínir í kvöld eru Valgerður Halldórsdóttir, formaður Félags stjúpfjölskyldna, og Sigríður Dögg Auðunsdóttir, ritstjóri Fréttatímans, sem fengið hefur mikil viðbrögð við pistlum sínum um stjúpmóðurhlutverkið. Í næstu viku beini ég spjótunum að meðvirkni sem margir kannast við en vita ekki alltaf hvernig á að tækla,“ upplýsir Kolla.

Hún segir þátt sinn vafalaust hafa verið flokkaðan sem kvennaþátt fyrir tuttugu árum og hún gerir ráð fyrir að fleiri konur en karlar muni horfa.

„Karlmenn hafa þó alltaf verið forvitnir um það sem konur tala um og viljað fylgjast með enda eru þeir einnig stjúpforeldrar, meðvirkir og hafa sínar sögur að segja.“

Kollu hefur reynst auðvelt að fá viðmælendur í þáttinn þótt umræðuefnið geti verið viðkvæmt.

„Ég er afar þakklát og mér er mikils virði að fólk treysti mér til að fjalla um persónulega reynslu sína og viðkvæm málefni. Ég bý vitaskuld að ómetanlegri reynslu eftir sex ár í morgunútvarpinu þar sem ég kynntist ótal mörgum og fólk komst að raun um fyrir hvað ég stend,“ segir Kolla sem nú stendur á þeim krossgötum sem skilja að útvarp og sjónvarp.

„Sjónvarp væri hinn fullkomni miðill ef hægt væri að vinna með grímu. Mér þótti notalegt þegar fólk þekkti bara röddina mína og því skelfir sviðsljósið mig dálítið með allri sinni opinberun, en ég læt mig bara hafa það,“ segir Kolla og brosir sínu sólskinsbrosi.





STEFÁN HILMARSSON

SPURT&SVARAÐ



Stefán Hilmarsson og Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, árið 2002.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# ARSENAL ER LIÐIÐ MITT

**Stefán Hilmarsson söngvari hefur haldið með Arsenal alla tíð og farið á nokkra leiki með félaginu undanfarin ár. Dennis Bergkamp er besti leikmaðurinn sem leikið hefur með liðinu að hans mati.**

**Hvenær byrjaðir þú að halda með Arsenal?**

Líklega var það veturinn 1971-1972. Mig minnir að móðir mín hafi fært mér búning frá London. Það var hending að sá var búningur Arsenal. Nafn liðsins var gleymt þegar heim var komið og búningurinn ómerktur, fyrir utan lítið fallbyssumerki í hjartastað. Það tók mig nokkurn tíma að komast að því hvert liðið væri, því á þessum tíma var lítið sýnt frá enska boltanum.



Dennis Bergkamp er uppáhaldsleikmaður Stefáns Hilmarssonar hjá Arsenal. Hann lék með liðinu frá 1995 til 2006.
MYND/AFP

**Hvaða tímabil í sögu liðsins eru eftirminnilegust?**

Eftir að maður komst til vits og byrjaði að sprikla í fótbolta var Arsenal liðið mitt, þökk sé búningnum góða, sem þá var reyndar orðinn of lítill. Það var erfitt framan af því Liverpool var þá yfirburðalið. Eftirminnilegasta tímabilið var löngu síðar, auðvitað 2003-2004, þegar Arsenal tapaði ekki leik í deildinni.

**Hverjir hafa verið uppáhaldsleikmenn þínir hjá félaginu?**

Ég held alltaf mikið upp á hörkutól og baráttumenn eins og Adams, Keown, Winterburn, Vieira og Parlour. En auðvitað hefur maður hrifist af fimari mönnum á borð við Brady, Rix, Sansom, Merson, Fabregas, Wright, Henry, Wilshere, Pires og Bergkamp, sem mér finnst sá besti sem leikið hefur með liðinu, að meðtöldum John Jensen.

**Hefur þú farið á leiki með liðinu?**

Ég hef farið á nokkra leiki, bæði á Highbury og Emirates. Einnig sá ég úrslitaleiki í Evrópukeppnum árin 2000 og 2006. Sá eftirminnilegasti er þó síðasti heimaleikurinn 2002, hvar liðið kjöldró Everton og hampaði bikarnum að leik loknum. Fyrir þennan leik hitti ég, fyrir atbeina vinar míns, Kjartans Björnssonar hárskera frá Selfossi og stofnanda Arsenalklúbbsins á Íslandi, þá Arsene Wenger knattspyrnustjóra og Robert Pires.

**Hvernig líst þér á liðið í vetur?**

Mér líst satt að segja illa á veturinn, óttast að þetta verði svipað basl og undanfarin tímabil. Ég er þeirrar skoðunar að kominn sé tími á stjóraskipti. Ég skil ekki hvað er í gangi hjá klúbbnum og deili þeirri tilfinningu með mörgum stuðningsmönnum. Leikmannakaup undanfarinna ára endurspegla ekki mikinn metnað og það virðist ekki vera að breytast.

# MYND HELGARINNAR



**TAKEN 2**
**Kl. 22.25 Laugardag**

Stórgóð spennumynd með Liam Neeson í hlutverki fyrrverandi leyniþjónustumanns sem lendir í baráttu upp á líf og dauða við hættulega mannræningja.

**THE YOUNG VICTORIA**
**Kl. 20.40 Laugardag**




Dramatísk mynd um Viktoríu Englandsdrottningu, leið hennar á valdastól og ekki síst farsælt ástarsamband hennar við Albert Prins. Aðalhlutverkin leika Emily Blunt, Rupert Friend og Paul Bettany.




**WALLANDER – FIFTH WOMAN**
**Kl. 20.40 Laugardag**

Spennandi sakamálamynd þar sem Kenneth Branagh fer með hlutverk rannsóknarlögreglumannsins Kurts Wallander.




**BATTLESHIP**
**Kl. 22.35 Föstudag**

Spennu- og hasarmynd frá 2012 með Taylor Kitch, Alexander Skarsgård, Rihanna, Brooklyn Decker og Liam Neeson í aðalhlutverkum.

## 10 BÍÓ Á BÍÓ STÖÐINNI

**TOPPMYNDIR**
**Kl. 22.00 alla daga**




FIMMTUDAG
**CONTAGION**




MÁNUDAG
**WATER FOR ELEPHANTS**




LAUGARDAG
**HUNGER GAMES**










ÞRIÐJUDAG
**ARN – THE KNIGHT TEMPLAR**

FÖSTUDAG
**KICK ASS**

SUNNUDAG
**X-MEN: FIRST CLASS**




2 SPORT
**LIÐIÐ MITT**
**Kl. 19.30 föstudaga**

Liðið mitt er þáttaröð um íslenskan körfuknattleik í umsjón Sverris Bergmanns.

# NÝ ÞÁTTARÖÐ UM ÍSLENSKAN KÖRFUBOLTA

Sverrir Bergmann gerir víðreist í vetur í nýrri þáttaröð á Stöð 2 Sport sem ber heitið Liðið mitt. Þar heimsækir hann öll liðin í Dominos-deild karla í körfubolta en Stöð 2 Sport mun einnig sýna tíu leiki frá deildarkeppninni í beinni útsendingu í vetur. Sverrir heimsækir öll tólf liðin og fylgist með leikmönnum á æfingum, heimsækir leikmenn í vinnuna, tekur stuðningsmenn tali og sprellar með leikmönnum á æfingum. Fyrsti þátturinn var sýndur í síðustu viku en þá heimsótti Sverrir lið KR-inga. Næsta föstudag heimsækir hann bítlabæinn Keflavík en lið heimamanna hefur verið afar sigursælt undanfarna tvo áratugi.

„Þetta verða mjög skemmtilegir og léttir þættir. Markmiðið er að kynnast félögunum og leikmönnum á skemmtilegan hátt. Yfirleitt er einn leikmaður í hverju liði í aðalhlutverki og í Keflavík verður það gamla kempan og fyrirliðinn Magnús Gunnarsson. Hann fer meðal annars í þriggja stiga keppni, tekur Asna við Guðjón Skúlason og keppir í einn á einn við kærustu sína, Pálínu Gunnlaugsdóttur, leikmann Grindavíkur. Við heimsækjum líka ungan heimamann, Hafliða Má Brynjarsson, en hann er sonur körfuboltakempunnar Önnu Maríu Sveinsdóttur úr Keflavík.“

Í þættinum þar á eftir verður lið Stjörnunnar úr Garðabæ heimsótt en sex fyrstu þættirnir verða sýndir fyrir jól. Eftir áramót verða hinir sex þættirnir sýndir. Sverrir á von á skemmtilegum vetri, ekki síst vegna þeirra breytinga á reglum að nú má bara einn erlendur leikmaður vera inni á í einu. „Þetta þýðir að liðin stóla enn meira á íslenska leikmenn en áður. Ungir leikmenn fá frekari tækifæri enda tala þeir mikið um breytingarnar og sjá strax muninn frá síðasta vetri. Það er því verið að búa til nýjar íslenskar körfuboltahetjur.“

# Í LEIKHÚS MEÐ STÖÐ 2 VILD

Nú býðst áskrifendum Stöðvar 2 sem skráðir eru í Stöð 2 Vild að skella sér í Borgarleikhúsið á góðum kjörum.

Stöð 2 Vild verður í samstarfi við Borgarleikhúsið í vetur og býður góðan afslátt af ýmsum sýningum og tilboð á gjafakortum.

Fyrsta sýningin er Mýs og menn sem var sett á svið aftur eftir sumarfrí þann 11. október. Þeir sem skráðir eru í Stöð 2 Vild geta fengið 25 prósenta afslátt af miðum á fyrstu tíu sýningar verksins. Afsláttarverðið er 3.500 krónur en fullt verð er 4.750 krónur.

Barnafjölskyldur geta einnig tekið gleði sína þar sem áskrifendur í Stöð 2 Vild fá góðan afslátt af sýningum Skoppu og Skrítlu á Nýja sviðinu. Leikrit þeirra stallsystra verður frumsýnt þann 16. nóvember.

Þungarokksleikhús hljómsveitarinnar Skálmaldar verður frumflutt á Stóra sviði Borgarleikhússins 27. mars á næsta ári. Áskrifendur í Stöð 2 Vild fá ríflega 25 prósenta afslátt af miðum á fyrstu fimm sýningar verksins. Afsláttarverðið er 3.500 krónur.

Stöð 2 Vild gerir áskrifendum sínum einnig kleift að gleðja aðra. Þannig er veittur 2.000 króna afsláttur, eða ríflega tuttugu prósent, af almennum gjafakortum fyrir tvo í nóvember og desember. Afsláttarverð er 7.500 krónur.

Nánari upplýsingar um verkin er að finna á www.borgarleikhus.is.



Sýningin Mýs og menn hefur hlotið afar góða dóma.



Hjá Hugsmiðjunni starfa saman sérfræðingar í vefhönnun og viðmótsforritun. MYND/VALLI

# Spennandi tímar fram undan

Hjá **Hugsmiðjunni** starfar hópur sérfræðinga í vefhönnun og viðmótsforritun. Mörg ný og spennandi verkefni eru fram undan hjá fyrirtækinu og mikill metnaður ríkir á meðal starfsmanna þess. Hugsmiðjan hefur unnið til fjölmargra vefverðlauna undanfarin ár.

Hugbúnaðarfyrirtækið Hugsmiðjan var stofnað árið 2001 og er í dag eitt stærsta fyrirtæki sinnar tegundar á Íslandi. Fyrirtækið hefur stækkað hægt og rólega undanfarin ár og í dag starfa þar 32 manns. Að sögn Ragnheiðar H. Magnúsdóttur, framkvæmdastjóra Hugsmiðjunnar, er fyrirtækið samansafn sérfræðinga í vefhönnun og viðmótsforritun auk þess sem það hefur líka þróað margar sérforritaðar lausnir. „Við höfum skýran fókus í rekstri okkar en hann er algjörlega á vefmál frá a til ö. Við höfum unnið til fjölmargra vefverðlauna og mikill metnaður ríkir innanhúss."

## Nýjungar fram undan

Meðal nýjunga í greininni að sögn Ragnheiðar má nefna auglýsingar í veflægum miðlum. Starfsmenn Hugsmiðjunnar sjá fram á að auglýsingar munu þróast heilmikið á næstunni og þá mun vefforritun hafa enn stærra hlutverk en áður. „Allir vefir hafa gríðarlegt auglýsingagildi í dag en á sama tíma erum við að sjá fleiri miðla sem bjóða upp á gagnvirkar auglýsingar sem þarfnast forritunar. Þar komum við sterk inn með þá þekkingu sem þarf. Við getum einnig boðið upp á eftirfylgni eftir auglýsingarnar og mælingar. Þannig er auglýsingin nýtt til að fá niðurstöðu strax um hvort hún hafi „virkað" og hægt er að nota mælingarnar til að gera betur næst þegar auglýst er."

Um leið eru líka hefðbundnir fréttamiðlar að breytast og færast æ meira inn í snjallsíma og spjaldtölvur. „Í þessum breytingum felast heilmikil tækifæri fyrir fyrirtæki eins og okkar. Þannig er til dæmis hægt að bjóða upp á gagnvirkar auglýsingar þar sem notandinn framkvæmir ýmsar aðgerðir inni í auglýsingunni. Við höfum séð ýmis fyrirtæki stíga fyrstu skref sín í þessa átt á undanförnum mánuðum. Landslagið er því að breytast hratt og markaðinn vantar oft fólk í slík verkefni, sem snúa meira að vef- og viðmótsforritun. Þar komum við auðvitað sterk inn enda erum við alla daga í vefhönnun og vefforritun."



„Við höfum skýran fókus í rekstri okkar en hann er algjörlega á vefmál frá a til ö," segir Ragnheiður H. Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Hugsmiðjunnar. MYND/VALLI

## Hvað skiptir mestu máli?

Þegar fyrirtæki undirbúa nýjan vef skiptir máli að þekkja viðskiptavini sína. „Fyrirtæki þurfa að gera sér grein fyrir því hvað þau vilja að viðskiptavinir þeirra geri á vefnum. Lengi vel var tilhneigingin sú að hlaða sem mestu inn á vefinn. Nú hefur það breyst og vefir eru margir orðnir einfaldari. Mörgum þykir betra að komast á leiðarenda með 2-3 smellum í stað þess að finna ekki það sem leitað var að."

Einnig þarf að hafa í huga að notendum snjallsíma og spjaldtölva hefur fjölgað mjög mikið á skömmum tíma. „Fyrirtæki geta því ekki hrúgað efni inn á vefinn því það gerir notendum erfitt fyrir sem skoða hann í símanum eða spjaldtölvunni. Skilaboðin er því skýr; hönnunin þarf að vera hrein, einföld og innihalda skýr skilaboð."

## App eða ekki app?

Ráðgjafar Hugsmiðjunnar standa oft frammi fyrir þeirra spurningu viðskiptavina hvort þeir eigi að smíða smáforrit (app) frekar en nýjan vef. Ragnheiður segir öppin vissulega eiga rétt á sér en að þau eigi ekki endilega alltaf við. „Ég get tekið dæmi um Mílu, einn viðskiptavina okkar. Fyrirtækið er að þjónusta aðila sem sjá um að tengja internet og síma víðs vegar um bæinn. Þeir töldu sig í fyrstu þurfa app til að þessir aðilar gætu sótt upplýsingar sem þeir þurftu. Eftir nokkra greiningu með þeim kom í ljós að snjallvefur var miklu hentugri lausn því viðskiptavinir þeirra eru að nýta fjölmargar tegundir snjallsíma og spjaldtölva og dýrt er að þróa smáforrit sem gera ráð fyrir öllum tegundum síma og tölva. Snjallvefir hins vegar aðlagast öllum snjallsímum og spjaldtölvum og hægt að spara sér þó nokkra þróunarvinnu. Lausn okkar fyrir Mílu lukkaðist einstaklega vel og höfum við fengið mikið hrós fyrir hana." En varðandi það hvort velja eigi app eða ekki þá er að mörgu að huga. „Ef um er að ræða markhóp sem þarf að nota appið sjaldan, til dæmis á nokkurra vikna fresti, eru miklar líkur á að fólk hendi því úr símunum sínum. Í þessum tilvikum væri skynsamlegra að vera með góðan vef. Auk þess má nefna að textinn sem er í öppum finnast ekki í leitarvélum en vefurinn finnst hins vegar alltaf á Google."

# Nokkur snjöll smáforrit

Smáforritum eða öppum hefur skotið upp eins og gorkúlum síðustu ár. Talið er að í ár muni fólk hlaða niður um 102 milljörðum appa. Þar af verður 91 prósent þeirra ókeypis. Hér eru nefnd nokkur algeng smáforrit sem gagnast Íslendingum í dagsins önn. Flest kosta þau ekkert.



Með smáforritum, eða öppum, er hægt að gera hina ótrúlegustu hluti og nálgast ótakmarkað magn upplýsinga, hvar og hvenær sem er. NORDICPHOTOS/GETTY

### JÁ.IS

**Með því** að ná í þetta app í símann leitar það á já.is í hvert sinn sem einhver hringir. Þannig veit fólk alltaf hver er að hringja þótt viðkomandi sé ekki skráður í símaskrá símans. Að símtali loknu er hægt að vista númerið í eigin símaskrá.

### FACEBOOK

**Varla er** til sá Íslendingur sem á tölvu og er ekki skráður á Facebook. Með Facebook-appinu er hægt að komast í samband við vini sína með einum hnappi.

### GOOGLE TRANSLATE

**Þetta app** kemur sér vel á ferðalögum. Með Google Translate er hægt að þýða texta á milli fimmtíu mismunandi tungumála.

### STRÆTÓ APPIÐ

**Strætó appið** sýnir hvenær næsti strætó kemur og hvert hann fer. Auk þess má finna bestu leiðina þangað sem ferðinni er heitið og leita uppi næstu biðstöð á rauntímakorti.

### VEÐRIÐ Á YR.NO

**Vel þekkt** norskt veðurforrit sem þykir með þeim betri. Með því að slá inn leitarorð, á borð við Reykjavík eða Akureyri, má fá greinargóða lýsingu á veðrinu þar næstu daga.

### YOUTUBE

**Forrit þar** sem hægt er að deila, skoða og setja inn myndbönd.



### GOOGLE EARTH

**Google Earth** byggir á gervihnattamyndum, kortaupplýsingum og Google-leitarvél. Um er að ræða þrívíddarumhverfi sem gefur notendum kost á að ferðast um heiminn og skoða jörðina eins og hún lítur raunverulega út.

### LEGGJA.IS

**Nú þarf** ekki lengur að leita dyrum og dyngjum að klinki. Með þessu appi er hægt að borga í stöðumæli í gegnum símann.

### SKYPE

**Ókeypis hugbúnaður** sem gerir notendum kleift að hringja símtöl í gegnum internetið. Símtöl til annarra Skype-notenda eru ókeypis en einnig er hægt að hringa í heimasíma og farsíma gegn gjaldi. Hægt er að hringja myndsímtöl í aðra Skype-notendur.

### ÍSLENDINGABÓK

**ÍslendingaApp gerir** notendum kleift að leita að einstaklingum og kanna skyldleikann.

### FJÖLMIÐLAR Í SÍMANUM

**Ýmsir fjölmiðlar** hafa látið útbúa app. Þeirra á meðal eru Fréttablaðið, Morgunblaðið, Keldan, Skástrik og Kjarninn. Þá má nefna Útvappið þar sem hlusta má á allar útvarpsstöðvar 365 og OZ þar sem horfa má á íslenskar stöðvar og safna sínu uppáhaldssjónvarpsefni.

# Heildarlausn í mannauðsmálum

**Tölvumiðlun** er eitt elsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins, stofnað 1985. Þar eru gæði, metnaður og góð þjónusta í fyrirrúmi. Hjá Tölvumiðlun starfar samhentur hópur sérfræðinga sem meðal annars skapaði hugbúnaðarkerfið H3 utan um allt sem viðkemur mannauðsmálum.




Art Schalk er sviðsstjóri sölu- og markaðssviðs hjá Tölvumiðlun. MYND/VALLI

H3 er öflugt verkfæri til að halda utan um laun og dagpeninga, mannauð, ráðningar, fræðslu, áætlanir, almennt eftirlit og fleira,“ útskýrir Art Schalk, sviðsstjóri sölu- og markaðssviðs hjá Tölvumiðlun.

H3 tekur á öllum þáttum mannauðsstjórnunar; allt frá starfsumsókn til starfsloka.

Að sögn Arts er H3-lausnin stöðluð og hentar óbreytt öllum fyrirtækjum á íslenskum markaði, jafnt stórum sem smáum.

„H3-lausnin samanstendur af kerfiseiningum og viðbótum sem viðskiptavinir raða saman eftir umfangi og þörfum hverju sinni. Allar kerfiseiningar eru samþættar og þannig komið í veg fyrir tvískráningar sömu upplýsinga. Það þarf einungis að skrá breytingar á einn stað í kerfinu og gögn flæða á milli kerfiseininga. Notendur fá svo mismunandi sýn á sömu gögnin,“ segir Art.

Eftirspurn eykst nú stöðugt eftir öflugum mannauðslausnum, tólum og tækjum fyrir mannauðsstjóra og stjórnendur.

„Sífellt fleiri fyrirtæki ráða til sín mannauðsstjóra sem hlotið hafa viðeigandi háskólamenntun og eru með mikla reynslu af stjórnun mannauðsmála. Þessir og aðrir stjórnendur þurfa greiðan aðgang að mannauðsgögnum og tölfræði sem þeim tengist. Við þann starfa er kerfi eins og H3 ómissandi. Stjórnendur eru til dæmis að óska eftir aðgangi að mannauðsgögnum, starfsþróun, skírteinum, ráðningarsamningum, áminningum, starfsþróunarviðtölum og til að sjá hvaða hluti starfsfólk þeirra er með í vörslu frá fyrirtækinu, svo sem tölvur og aðgangskort,“ upplýsir Art.

Eftirspurn hefur líka aukist frá öðrum kerfum sem nota þurfa gögn úr mannauðskerfinu.

„Dæmi um slíkt eru birting starfsmannalista á netinu, afmælislistar á innri vef og jafnvel sjálfvirk stofnun á netfangi eða aðgangskorti fyrir nýja starfsmenn. Til þess má nota vefþjónustur og samþættingar,“ útskýrir Art.

Framtíðin er blómstrandi og björt fyrir Tölvumiðlun og H3-heildarlausn í mannauðsmálum.

„Tölvumiðlun heldur ótrauð áfram að vera leiðandi á sviði mannauðslausna og eftirspurn eftir H3, og þjónustu tengdri kerfinu, er mikil. Við höldum þrotlaust áfram að þróa virkni og möguleika H3 sem heildarlausn. H3 er traustur, íslenskur hugbúnaður og við munum auka enn á viðskiptagreind, skýrslugerðarmöguleika og sjálfsafgreiðslu stjórnenda og starfsmanna. Fyrst og fremst leggjum við þó áherslu á notendavænt viðmót, framúrskarandi þjónustu, ánægða notendur og sanngjarnt verð,“ segir Art.

Tölvumiðlun er til húsa á Bæjarhálsi 1. Sjá nánar á www.tolvumidlun.is.



Tölvumiðlun hefur á að skipa samhentum hópi sérfræðinga. MYND/VALLI

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



BMW M6 E63 3/2006 ek.14þús. 514 hestöfl.Sjálfskiptur. Gullfallegur bíll!! Ökutæki er í sal. Ásett verð 9.900.000.-



M.Benz GLK 220 CDI 4Matic Diesel 1/2012 ek.25þús. Sjálfskiptur. Leður. Ökutæki er í sal. Ásett verð 6.980.000.-



Honda Jazz Comfort 7/2010 ek.69þús. Sjálfskiptur. Ásett verð 2.290.000.- Rnr.285841.



Peugeot 206+ 6/2012 ek.55þús. Beinskiptur. TILBOÐSVERÐ 1.690.000.- Rnr.286210.

www.bilarydvorn.is
S. 587 1390

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

588 0700 Bílabankinn.is



**MIKIÐ ÚRVAL NÝLEGRA BÍLA !!**

Allt að 100% lán. VW Polo trendline og comfortline . Árgerð 2012, ekinr frá 54 Þ.KM, bensín, 5 gírar.og Sjálfskiptir Verð Frá 2.090.000. Rnr.107402.Sjá myndir bilabankinn.is 588-0700



**MIKIÐ ÚRVAL NÝLEGRA BÍLA !!**

Allt að 100% lán CHEVROLET Cruze beinsk.og Sjálfskiptir . Árgerð 2012, eknir frá 69 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð frá 1.990.000. .Sjá myndir bilbankinn 588-0700



**MIKIÐ ÚRVAL NÝLEGRA BÍLA !!**

CHEVROLET Captiva disel 7 manna. Árgerð 2013, eknir frá 21 þús km dísel, sjálfskiptur. Verð frá 5.290.000.- -5.490.000.- Sjá myndir bilabankinn. is 588-0700



**MIKIÐ ÚRVAL NÝLEGRA BÍLA !!**

ALLT AÐ 100% LÁN CHEVROLET Spark . Árgerð 2012, eknir frá 55 þús km Verð Frá 1.450.000.-, bensín, 5 gírar. Verð - Sjá myndir Bilabankinn. is 588-0700

**Bílabankinn**
**Eirhöfði 11, 110 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið á laugardögum 12-16**
**www.bilabankinn.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sorento ex luxury 197 hö. Árgerð 2013, ekinn 2 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.690.000. Rnr.140765. 7 ára verksmiðjuábyrgð. Heilsársdekk.



VOLVO Xc90 v8. Árgerð 2005, ekinn 148 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.590.000. Rnr.990478.



MERCEDES BENZ 220. Árgerð 1952, ekinn 65 Þ.KM, bensín, 4 gírar. Verð 5.300.000. Rnr.140778.



MERCEDES BENZ Viano cdi 2.2 4matic. Árgerð 2007, ekinn 63 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.800.000. Rnr.140786.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bíll.is
bestir í bílum...



**GÆÐA EINTAK.**

Nissan Patrol árg.2008 ek.106 þús Ný 35" dekk 35" hækkun. Ný yfirfarinn af umboði. Þjónustubók Leður, Lúga, Krókur, 7 manna #221452 sími 775-1333.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

HEKLA
REYKJANESBÆ



**TILBOÐSBÍLL**

MMC Pajero. Árgerð 2009, ekinn 75 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.Ásett verð 5.950.000. TILBOÐSVERÐ 5.350.000 Rnr.100308.

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



**LAND ROVER Range rover sport hse "dísel". Árgerð 2007, ekinn 98 Þ.KM, dísel, sjálf-skiptur. GULLMOLI Verð 7.990.000. Rnr.219288.**



**TOYOTA Land cruiser 100 vx. Árgerð 2006, ekinn 118 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.219300.**



**TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2008, ekinn 96 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.430.000. Rnr.219253.**



**VW Polo comfortline. Árgerð 2012, ekinn 35 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.450.000. Rnr.113635.**



**M.BENZ E 350 4matic. Árgerð 2007, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.272406.**



**TOYOTA Land cruiser 120 vx metanbreyttur. Árgerð 2008, ekinn 84 Þ.KM, metan, sjálf-skiptur. Verð 6.590.000. Rnr.113631.**



**TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgerð 2005, ekinn 129 Þ.KM, dísel, sjálf-skiptur. Verð 4.790.000. Rnr.219218.**



**MMC L200 d-cab cr gls at. Árgerð 2006, ekinn 107 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.890.000. Rnr.113613.**



**BMW X5 3,0d. Árgerð 2006, ekinn 129 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.219317.**



**AUDI Q7 quattro s-line . Árgerð 2007, ekinn 108 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.390.000. Rnr.113176.**



**FORD Escape limited 4wd. Árgerð 2008, ekinn 65 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.113598.**



**SUZUKI Swift sjálfskiptur. Árgerð 2012, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.311581.**



**NISSAN Note tekna . Árgerð 2008, ekinn 65 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790.000. Rnr.113597.**



**MAZDA 6 wagon t. Árgerð 2007, ekinn 95 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690.000. Rnr.219306.**



**RENAULT Trafic langur. Árgerð 2010, ekinn 93 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.113627.**



**FORD Mondeo trend. Árgerð 2007, ekinn 52 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.550.000. Rnr.219304.**



**HONDA Cr-v i-v-tec 150 hö . Árgerð 2006, ekinn 104 Þ.KM, bensín, sjálf-skiptur. Verð 1.850.000. Rnr.219309.**



**CHRYSLER Town - country ltd 4x2 stow and go. Árgerð 2007, ekinn 145 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. ásett verð 1.980 þ Sértilboð 1.590.000. Rnr.113620.**


Bílafjármögnun Landsbankans



## Góður vinnustaður á í góðu sambandi við nágranna sína

Reitir er stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leggjum okkur fram við að vanda framkvæmdir og tökum mið af umhverfi okkar þegar byggja á nýtt eða breyta því sem fyrir er. Þannig sjáum við til þess að þinn vinnustaður sé í takt við umhverfi sitt.

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

# Fylgjum keðjunni frá A til Ö

*Sports Direct á Íslandi er við það að tvöfalda hjá sér verslunarrýmið með flutningi frá Smáratorgi yfir í Lindir. Verslunin er þekkt fyrir lágt verð og mikið úrval. Mikið hægt að læra af samstarfi við alþjóðlega verslunarkeðju.*

**VERSLUN**

Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

„Gengið hefur verið fram úr vonum,“ segir Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri verslunar Sports Direct í Kópavogi. Umferð í verslunina, sem var opnuð fyrir um einu og hálfu ári, hafi verið þétt og góð.

„Samt höfum við ekki mikið gert í því að láta á okkur bera. Við höfum ekki auglýst að ráði en fregnir af versluninni hafa borist frá manni til manns.“ Þar segir Sigurður Pálmi hafa lagst á eitt, gott verð og mikið vöruúrval.

„Við erum með mjög góða blöndu af þessu tvennu og svo sem engin geimvísindi þar að baki. Við fylgjum Sports Direct keðjunni frá A til Ö. Þótt við rekum búðina sjálfir undir franchise-samningi hagar hún sér í rauninni eins og fyrirtækisbúð,“ bætir hann við.

Sama hátt segir hann hafðan á þar sem Sports Direct á í samstarfi við sjálfstæða söluaðila, en að það sé undantekningin fremur en hitt hjá keðjunni. „Þeir eiga líka í einhverju samstarfi í Portúgal og á Írlandi.“ Sigurðir Pálmi segir allnokkuð hagræði af nánu samstarfi við keðjuna. Kassakerfi verslunarinnar er tengt Sports Direct og öll innkaup fara fram í gegn um keðjuna. Þar með njóti verslunin hér stærðarinnar hjá Sports Direct.

### Ein stór búð nægir

Í næsta mánuði flytur verslunin frá Smáratorgi í Kópavogi yfir í Lindir. „Við erum nánast að tvöfalda verslunina,“ segir Sigurður Pálmi. Frekari landvinningar séu ekki í kortunum.

„Ég held að það þurfi ekkert meira og þetta eigi eftir að duga þessum litla markaði ágætlega. Hins vegar ætlum við að auka vöruúrval til muna á nýja staðnum.“ Hann hefur áður gagnrýnt hversu margir fermetrar fari hér á landi undir verslunarhúsnæði. „Og það endar alltaf í verðinu.“

Hér segir Sigurður Pálmi marga kvarta yfir ýmsum þáttum í umhverfi verslunarreksturs. „Auðvitað er rétt að tollar og skattar eru of háir. Tollakerfið hér er eitt það flóknasta sem ég veit um. En það er samt svo margt annað sem hægt er að laga líka.“ Að auki kveðst Sigurður Pálmi líka óttast að verði tollar og skattar lækkaðir skili það sér ekki sem skyldi í útsöluverði vöru. „Ef menn ætla í alvöru að taka til í álagningu geta þeir vel gert það heima hjá sér fyrst, áður en nokkuð kemur frá ríkinu.“

Sigurður Pálmi segir opnun verslunar Sports Direct hér á landi hafa átt sér nokkurn aðdraganda. „Meðeigandi minn, Jeff Blue, kynnti mig fyrir Sports Direct 2009 og ég man að þegar ég labbaði þar inn hugsaði ég með mér að þetta væri málið, bæði út af verði og úrvali. Í rauninni er þetta ekki íþróttavöruverslun þannig séð, heldur skó- og fataverslun. Við bjóðum upp á svo miklu meira en íþróttavörur.“

Þótt fyrstu fundir hafi átt sér stað 2009 þá gerðist lítið í um eitt og hálft ár þaðan í frá. „Þá er ég að klára skóla og ákvað að kýla á þetta,“ segir Sigurður Pálmi, en þá varð gangurinn líka slíkur að hann þurfti að sleppa síðustu önninni. „En það var nú allt í lagi.“



SIGURÐUR PÁLMI SIGURBJÖRNSSON Ætli menn sér raunverulega að taka til í álagningu er nær að byrja heima hjá sér en bíða eftir breytingum hjá ríkinu, segir Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Sports Direct á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Með verslunarrekstur í blóðinu

Hér á landi segir Sigurður Pálmi mikið hafa verið einblínt á verð matvöru, en fatnaður sé líka stór kostnaðarliður hjá fjölskyldum landsins. „Ég hef alveg hitt viðskiptavini hér niðri sem hafa sagt mér að þeir hafi nú í fyrsta sinn í langan tíma getað keypt takkaskó á öll börn fjölskyldunnar í einu.“

Sigurður Pálmi segir ekki útilokað að val hans á starfsvettvangi kunni að vera genetískt að hluta. Afi hans, Pálmi Jónsson, stofnaði Hagkaup og móðir hans er athafnakonan Ingibjörg Pálmadóttir, aðaleigandi 365. Eiginmaður Ingibjargar er Jón Ásgeir Jóhannesson sem gert hefur garðinn frægan í verslun bæði heima og erlendis.

„Maður er náttúrulega alinn upp við verslun og þetta hefur verið í allri fjölskyldunni. Maður hefur því svo sem haft það á tilfinningunni að maður ætti eftir að enda í einhverju verslunartengdu,“ játar Sigurður Pálmi. „En það sem mér finnst einna skemmtilegast við þetta, því það sem fjölskyldan hefur verið að fást við er mestanpart heimatilbúið, er að komast í tæri við alþjóðlega keðju. Mér finnst ég hafa lært meira á þessu en mörgu öðru í gegnum tíðina.“

Ganginn hjá Sports Direct keðjunni segir Sigurður Pálmi líka mikinn. „Í sumar opnuðu þeir nýja búð í annarri hverri viku og eru að færa sig í auknum mæli inn í Austur- og Suður-Evrópu líka.“ Í slíku samstarfi þurfi maður ekki stöðugt að vera að finna upp hjólið líkt og stundum hafi viljað brenna við í íslenskum rekstri.

# Heilluð af indverskri menningu

*Regína Bjarnadóttir var nýverið ráðin í starf forstöðumanns greiningardeildar Arion banka. Hún hefur komið víða við og veit fátt skemmtilegra en að ferðast til framandi staða. Hún segist hafa sérstakt dálæti á Indlandi.*

**SVIPMYND**

Samúel Karl Ólason | samuel@frettabladid.is

Regína Bjarnadóttir er verðandi forstöðumaður greiningardeildar Arion banka og mun hún hefja störf í nóvember. Hún hefur búið og starfað töluvert erlendis og helsta áhugamál hennar eru ferðalög á framandi staði. „Þegar ég fór síðast í ferðalag fór ég með fjölskyldunni til Madagaskar. Það er alveg magnað land en þó er ekki mikið af ferðamönnum þar,“ segir Regína. Annað áhugamál hennar er matargerð og að halda matarboð. „Ég er einnig ótrúlega heppin að eiga mikið af vinum sem eru frábærir kokkar.“

Regína er með BS-próf í hagfræði frá Háskóla Íslands og meistaragráðu í þróunarhagfræði frá University of London. Hún er gift Henry Alexander og saman eiga þau þrjú börn, Elínu Kötlu sem er tíu ára, Emmu Karen sem verður bráðum fimm ára og Henry Benedikt sem er eins árs. Regína hefur starfað sem hagfræðingur á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands í sex ár.

„Ég hef búið mikið erlendis og bjó í eitt ár á Indlandi þar sem ég var að ferðast og skrifa BS-ritgerðina mína. Ég er mjög heilluð af Indlandi, þarlendri matarmenningu og öllu sem við kemur Indlandi. Ég skrifaði um Indland í BS-ritgerðinni.“ Regína vann svo fyrir Sameinuðu þjóðirnar í Suður-Ameríku og bjó hún í Georgetown í Gvæjana í tvö ár. „Þar vann ég að verkefnum sem tengdust þúsaldamarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, meðal annars kynnti ég endurnýjanlega orkugjafa í indíánaþorpum, sólarrafhlöður og annað slíkt svo hægt væri að hafa ljós og ísskápa fyrir lyf í heilsugæslustöðvum,“ segir Regína.

Regína var í fimm ár í stjórn UN Women á Íslandi. „Réttindi kvenna eru ástríða mín og síðan ég flutti heim hefur stærsti hluti frítíma míns farið í að vera í stjórn UN Women í fimm ár og þar af var ég formaður í þrjú ár,“ segir Regína og bætir við að hún sé mjög stolt af þeim árangri sem náðst hefur við að koma UN Women á Íslandi á kortið. „Eftir hrun fórum við að biðja einstaklinga um að styrkja systur sínar um allan heim með mánaðarlegum framlögum. Það hefur vaxið gríðarlega þrátt fyrir efnahagsástandið og það er alveg frábært,“ segir Regína.



NÝJAR ÁSKORANIR Regína hefur störf hjá greiningardeild Arion banka í næsta mánuði.

## RÁÐAGÓÐ OG SAMKVÆM SJÁLFRI SÉR



**ÁSGEIR BJARNASON** bróðir Regínu.

„Ég held mikið upp á litlu systur mína og er mjög stoltur af henni. Hún er einstaklega vel gefin, góð og dugleg. Hún er þjóðhagfræðingur og ég er rekstrarhagfræðingur og við erum rosalega oft ósammála. Hún er með yfirvegaðri manneskjum sem ég þekki, ráðagóð, skynsöm og skemmtileg. Það er frábært að eiga svona systur. Hún gerir lítið af sér, en ég man að þegar hún var að klára BS-námið voru hún og maður hennar að velta fyrir sér hvort þau ættu að kaupa íbúð eða fara í ferðalag til Indlands í níu mánuði. Þetta er það mesta út-úr-karakter sem mér finnst hún hafa gert.“



**INGA DÓRA PÉTURSDÓTTIR** framkvæmdastýra UN Women.

„Regína er alveg frábær manneskja. Hún er virkilega skemmtileg og jákvæð og það er mjög gott að vera nálægt henni. Hún er alger orkubolti og ég þekki engan sem kemur jafn miklu í verk á skömmum tíma. Þegar hún var formaður UN Women var hún um tíma í barneignarfríi, en starfið er allt í sjálfboðavinnu. Það hefur líklega engin kona verið jafn upptekin og hún því hún er í öllu, en samt var hún eins og fjórði starfsmaðurinn hjá okkur og tók þetta bara yfir. Regína er nefnilega líka svolítið stjórnsöm.“



**HALLA FRÓÐADÓTTIR** lýtalæknir og vinkona Regínu.

„Það er margt gott um Regínu að segja. Hún er dásamleg manneskja og alveg „rock solid“. Hún er samkvæm sjálfri sér og býr yfir sterkri réttlætiskennd. Hún er dugleg og samviskusöm í öllu sem hún gerir en hún getur verið svolítið þver. Hún er frændrækin og dugleg að rækta vini sína. Regína er ævintýragjörn og mjög skynsöm. Hún er rosalega greiðvikin og það er alltaf hægt að leita til hennar. Ég held að þeir í Arion banka séu algerlega að veðja á rétta manneskju.“

# VERÐLAUNASJÓNVÖRP




ambi light · Pixel Plus HD · Full HD LED · Pixel Precise HD · 300 Hz Perfect Motion Rate · SmartTV · WiFi CERTIFIED · skype · EASY 3D



- Örþunnt LED háskerpu sjónvarp með Incredible Contrast
- Pixel Plus HD örgjörvi tryggir hágæða Philips myndgæði
- 300 Hz Perfect Motion Rate gerir hröðustu myndir skarpar og skýrar
- Glæsileg hönnun með örþunnum ramma
- Snjallsjónvarp með þráðlausu neti sem opnar heim afþreyingar á netinu
- Ambilight baklýsing gefur aukna upplifun
- Simply Share - einfalt að skoða efni af tölvum og senda efni yfir á spjaldtölvur og síma
- MyRemote - hægt að nota spjaldtölvur og síma til að fjarstýra tækinu
- Easy 3D svo hægt er að horfa á efni í þrívídd - 2 gleraugu fylgja

85 YEARS AS A LEADING TV BRAND

EISA AWARD **Best Product 2013-2014**
GREEN TV
Philips 50PFL5008

| 32" | 42" | 47" | 50" |
|---|---|---|---|
| Philips 32PFL5008T | Philips 42PFL5008T | Philips 47PFL5008T | Philips 50PFL5008T |
| VERÐ 149.995 | VERÐ 189.995 | VERÐ 259.995 | VERÐ 299.995 |
| FRÁBÆRT VERÐ | FRÁBÆRT VERÐ | FRÁBÆRT VERÐ | FRÁBÆRT VERÐ |




**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Netfang
ritstjorn@markadurinn.is
Sími 512 5000 Fax 512 5301

Netfang auglýsingadeildar
auglysingar@markadurinn.is
Veffang visir.is

klinkið
Ásgeir Jónsson, lektor í hagfræði við Háskóla Íslands.
vísir

Hin hliðin



ÞÓRANNA K. JÓNSDÓTTIR

## Markaðsfólk er ekki með horn og hala

Við markaðsfólkið erum eins og iðnaðarmennirnir. Við gleymum að sinna hlutunum heima við. Við eigum við ímyndarvandamál að stríða. Margir virðast halda að við séum bara einhver stoðstarfsemi við fyrirtækið, bara aukaatriði sem eyðir peningum og spanderar. Ég man eftir að hafa starfað með stóru fyrirtæki þar sem markaðsdeildin var kölluð dótadeildin. Enn sjáum við sum fyrirtæki setja markaðsstarfið í hendur starfsmanna sem eiga að sinna því sem aukastarfi. Þetta er hins vegar byggt á miklum misskilningi. Misskilningi sem við markaðsfólkið þurfum að fara að leiðrétta.

### Markaðsstarf og nýsköpun

Stjórnunargúrúinn Peter Drucker sagði að markaðsstarf og nýsköpun væru það sem skipti mestu máli hjá fyrirtækinu. Markaðsstarf og nýsköpun sköpuðu tekjur, hitt væri kostnaður. Það er nefnilega þannig að ef markaðsstarfið er ekki að gera sitt þá eru engir viðskiptavinir. Og ef það eru engir viðskiptavinir skiptir engu máli hversu góður fjármálastjórinn er, eða framleiðslustjórinn, eða starfsfólkið eða nokkuð annað. Fyrirtækið einfaldlega lifir ekki án viðskiptavina.

### Tilgangurinn að mæta þörfum fólks

Drucker hitti þarna naglann á höfuðið en svo fataðist honum flugið. Hann sagði að tilgangur fyrirtækisins væri að búa til viðskiptavini. Markaðsfólk veit að það er ekki svo. Tilgangurinn er að mæta þörfum fólks og viðskiptavina þarna úti með því sem þú býður – og það er einmitt það sem markaðsstarfið og nýsköpunin eiga að gera. Finna út hvað það er sem fólk þarfnast og uppfylla þær þarfir með því sem skapað er. Og þar er kjarni málsins. Markaðsstarfið á ekki að snúast um „ég er með dót, ég ætla einhvern veginn að plata þig til að kaupa það“ heldur á það að snúast um að vita hvað viðskiptavinurinn þarf og mæta þeim þörfum. Þjónusta hann. Veita honum það sem hann vill. Það er þá sem fyrirtæki vaxa og dafna. Þegar að þessu kemur, þá hafði Botnleðja rangt fyrir sér. Fólk er ekki fífl. Fólk er fljótt að sjá í gegnum það þegar einhver reynir að troða hlutunum upp á það. Og það eru ekki góð viðskipti.

### Bæta þarf ímyndina

Markaðsstarf er ekki bara auglýsingar og dótarí. Markaðsstarf er kjarnatilgangur fyrirtækisins. Markaðsmálin eiga heima við stjórnarborðið. Þau eiga heima við framkvæmdastjórnarborðið. Þau eiga heima í rekstrinum frá A til Ö. Það er kominn tími á að við markaðsfólkið förum að bæta ímynd okkar og að stjórnendur geri sér grein fyrir því út á hvað þetta gengur allt saman.






**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

## Nudd

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



**TIFSÖGUN-VÍRAVIRKI-TÁLGUN**
Gler Tiffany's í kvöld Tifsögun 19.10. Tálgun Fuglar 21.10. Fatatölur 19.10. Steinaborun 28.10 Nánar handverkshusid.is S:5551212.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalhrauni 13. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshrauni 13.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 12-18. www.leiguherbergi.is**

Góð 81fm íbúð til leigu í 111 frá 1. nóv. V. 135þ. kr. með öllu. Nánari upplýsingar á netfangið wiking@emax.is

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Rúmlega 50 iðnaðarmaður óskar eftir íbúðarhúsnæði til leigu, helst í 104 rvk. uppls. s. 770-1608.

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 700 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

## Geymsluhúsnæði

**Geymi fellihýsi og tjaldvagna.**
16 ára reynsla, vönduð umgengni.
**Uppl. í s. 897 1731**

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUHÚS.IS**
Hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar, upph, húsnæði. Uppl. í síma 770-5144.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Starfskraftur óskast í verslun. Fullt starf. Enskukunnátta nauðsynleg. Uppl. í s. 899 5992.

Sexy Iceland leitar samstarfs við konur sem vilja blogga um kynlíf gegn greiðslu. Sjá nánar á SexyIceland.com (Atvinna).

**atvinna**

**SMIÐIR**
**VERKAMENN**
**MÚRARAR**
ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF
**S. 777 2 333**

**HÚSVÖRÐUR ÓSKAST**
Húsfélagið Slettuvegi 11-13 rvk óskar eftir að ráða húsvörð sem fyrst. Íbúð ca 90 fm fylgjir starfinu. Uppl. um aldur,fyrri störf og símanr. skulu fylgja með skriflegri umsókn, sem berast skal stjórn húsfélagsins eigi síðar en 1 nóv n.k. Umsókn skal senda á Stjórn Húsfélag Sléttuvegi 11 103 Rvk.

**RAFVIRKJAFYRIRTÆKI**
Óskar eftir rafvirka m/sveinspróf til starfa umsókn sendist á rafogn@rafogn.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Gott slökunarnudd í boði. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl. nr. 8997.

48 ára KK vill kynnast KK, er í bænum núna. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8156.






KL. 20:25 KOLLA

Fjölbreyttur spjallþáttur á mannlegu nótunum þar sem Kolla spjallar við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

**Frábært** miðvikudagskvöld

KL. 20:05
HEIMSÓKN
Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.



KL. 21:00
GREY'S ANATOMY
Dramatíkin er í hámarki á Grey Sloane Memorial-spítalanum í vinsælasta erlenda þætti Stöðvar 2.



KL. 21:45
MISTRESSES
Fjórar vinkonur hafa ólíkar þarfir og þrár þegar kemur að samskiptum við hitt kynið.



Krakkastöðin KL. 07:00-20:30
BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 KL. 20:50
ARROW
Önnur þáttaröðin um milljónamæring og glaumgosa sem berst gegn glæpum í skjóli nætur.




3 KL. 21:30
DAMAGES
Lögfræðitryllir með Glenn Close og Rose Byrne í aðalhlutverkum.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.

2 3 Krakkastöðin POPP TÍVÍ BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | 7 | | | | | |
| 6 | | 2 | | 3 | | | 1 | 4 |
| | 3 | 1 | 9 | | 6 | | | 5 |
| | 8 | | | | 1 | 7 | | |
| | 5 | 4 | 2 | 6 | | 8 | | |
| | | 6 | | 9 | 8 | 3 | | 2 |
| 1 | 9 | | 5 | | | 4 | | 8 |
| | | 3 | | | | | | 7 |
| | | | 6 | | | | 3 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 4 | | | 7 | | | 8 |
| | | 2 | | 8 | | | 7 | |
| | 8 | | | | | | 1 | |
| 9 | 1 | | | | 4 | | | |
| | | | | 7 | 8 | 1 | | 5 |
| | | 7 | 6 | 9 | | 3 | | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 9 | 1 | 4 | | 2 | | 6 | |
| | 4 | | | | | 5 | 2 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 7 | | | | 4 |
| 6 | | | | | | | 3 | |
| | | | 2 | | 5 | | 6 | |
| | | | | 2 | 8 | | | |
| 7 | | 9 | | 4 | | 3 | | |
| | | 3 | | | | 6 | 1 | |
| 3 | | 2 | 4 | | | 8 | | |
| | 8 | 5 | | | | 4 | 9 | |
| | 9 | | | | 1 | | | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 9 | 7 | 2 | 6 | 5 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 2 | 8 | 5 | 3 | 6 | 7 | 9 |
| 5 | 6 | 7 | 9 | 4 | 1 | 8 | 2 | 3 |
| 6 | 9 | 4 | 1 | 3 | 8 | 7 | 5 | 2 |
| 7 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 9 | 1 | 8 |
| 1 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 5 | 3 | 1 | 7 | 2 | 9 | 6 |
| 9 | 7 | 6 | 4 | 8 | 2 | 1 | 3 | 5 |
| 2 | 3 | 1 | 6 | 9 | 5 | 4 | 8 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 3 | 5 | 9 | 8 | 7 | 1 |
| 8 | 5 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 3 | 6 |
| 7 | 1 | 3 | 6 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 8 | 6 | 3 | 2 | 5 |
| 1 | 8 | 5 | 4 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 2 | 5 | 9 | 7 | 1 | 4 | 8 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 1 | 5 | 7 | 6 | 2 |
| 2 | 7 | 1 | 9 | 6 | 4 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 6 | 8 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 9 | 6 | 2 | 3 | 4 | 7 | 1 | 8 |
| 8 | 7 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 1 | 4 | 3 | 6 | 7 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 6 | 2 | 7 | 8 | 4 | 3 | 1 | 9 | 5 |
| 9 | 3 | 5 | 1 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 |
| 4 | 8 | 1 | 7 | 5 | 9 | 2 | 6 | 3 |
| 7 | 5 | 9 | 3 | 6 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 2 | 1 | 4 | 9 | 8 | 5 | 3 | 7 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 9 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Það skiptir ekki máli hvaðan þú kemur,
það sem skiptir máli er hvert þú ert að fara.

*- Brian Tracy*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT 2.** áfall, **6.** í röð, **8.** kúgun, **9.** keyra, **11.** öfug röð, **12.** samtímis, **14.** kryddblanda, **16.** kúgun, **17.** eldsneyti, **18.** við, **20.** bókstafur, **21.** blaðra.

**LÓÐRÉTT 1.** íþróttafélag, **3.** tveir eins, **4.** tegund af brauði, **5.** málmur, **7.** frávik, **10.** skel, **13.** struns, **15.** skál, **16.** mælieining, **19.** hæð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lost, **6.** rs, **8.** oki, **9.** aka, **11.** on, **12.** meðan, **14.** karrí, **16.** ok, **17.** kol, **18.** hjá, **20.** ká, **21.** masa.

**LÓÐRÉTT: 1.** fram, **3.** oo, **4.** skonrok, **5.** tin, **7.** skekkja, **10.** aða, **13.** ark, **15.** ílát, **16.** ohm, **19.** ás.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Atli Antonsson (TR-c) tefldi æsispennandi skák við danska FIDE-meistarann Sören Bech Hansen (KR-a) í þriðju deild Íslandsmóts skákfélaga.**

**Svartur á leik**

**29. Rxe6! Kf7 30. Dg7+ Ke8 31. Rxd8**



(31. Rxf8 er jafnvel enn betra). Atli fékk gjörunnið tafl en var óheppinn að missa það niður í jafntefli. KR-ingar eru efstir í þriðju deild, b-sveit Skákfélags Akureyrar er í öðru sæti og Skákfélag Selfoss og nágrennis í því þriðja. **www.skak.is.** Gagnaveitumótið hefst aftur eftir hlé.

# Blomberg

# TILBOÐSDAGAR

## 15-40% AFSLÁTTUR

## AF FJÖLDA BLOMBERG HEIMILISTÆKJA

*Eldavélar, uppþvottavélar, þvottavélar, kæliskápar og fleiri heimilistæki frá Blomberg á frábærum tilboðsverðum.*

**Nokkur verðdæmi**



Blomberg BEO9444X
**BÖKUNAROFN**
**Áður 109.990**
**Nú 79.990**



Blomberg MIN54306N
**SPANHELLUBORÐ**
**Áður 99.990**
**Nú 79.990**



Blomberg WNF7462A20
**ÞVOTTAVÉL 7kg / 1600sn**
**Áður 109.990**
**Nú 79.990**



Blomberg HKT9330
**ELDAVÉL / HVÍT***
**Áður 119.990**
**Nú 89.990**



Blomberg DSM9510
**144sm KÆLISKÁPUR**
**Áður 79.990**
**Nú 64.990**

*Myndin sýnir stál eldavél af sömu gerð.

*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Eru fornbókmenntir merkilegar?

Hádegisfyrirlestrar þjóðfræðinga hefjast í Þjóðminjasafninu.

Félag þjóðfræðinga á Íslandi stendur í vetur fyrir hádegisfyrirlestri í Þjóðminjasafninu einu sinni í mánuði.

Fyrsti fyrirlesturinn verður í hádeginu í dag og er það Gísli Sigurðsson, kennari í þjóðfræði og rannsóknarprófessor á Árnastofnun, sem mun flytja fyrirlesturinn „Hvað er merkilegt við íslenskar fornbókmenntir?“.

**➜ Umræðuefni**
Hvað er merkilegt við íslenskar fornbókmenntir?

**➜ Staður**
Þjóðminjasafnið.

**➜ Tími**
Frá 12 til 13 í dag.



**FYRIRLESARINN** Gísli Sigurðsson rannsóknarprófessor.






**GJÖRNINGALISTAMENN** Bergþóra Snæbjörnsdóttir skáld og Rakel McMahon myndlistarkona áttu sér þann draum að skapa eitthvað saman og útkoman varð Betus the Fetus. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íslenskt fóstur á svið í Finnlandi

Verkið The Days of the Child Prodigy Are Over eftir Bergþóru Snæbjörnsdóttur og Rakel McMahon verður sýnt á föstudaginn í Pluckhouse í Helsinki, einu þekktasta tilraunaleikhúsi Finna.

Þetta er í raun og veru gjörningaröð sem við höfum verið að vinna í síðan 2011, með öðru,“ segir Bergþóra Snæbjörnsdóttir, skáld og annar höfunda gjörningaverksins The Days of the Child Prodigy Are Over. Hinn höfundurinn er Rakel McMahon myndlistarkona. „Okkur langaði að skapa eitthvað saman og fórum að spinna sögu. Ég samdi texta og Rakel teiknaði myndir og svo hentum við hugmyndunum á milli okkar. Þegar verkið fór að taka á sig mynd langaði okkur að setja það upp í þrívídd þannig að áhorfendur gætu gengið inn í þennan heim sem við vorum búnar að skapa,“ segir Bergþóra.

The Days of the Child Prodigy Are Over er röð gjörninga á jaðri tilraunaleikhúss þar sem fléttað er saman ljóðlist og myndlist í brotakenndri frásögn af undrabarninu Betus og baráttu hans við að að finna tilgang í veröld sem hann er ekki enn fæddur í. „Raunveruleikinn hefur aðeins verið uppfærður í þessum heimi,“ útskýrir Bergþóra.

Betus hefur áður verið sýnt í Nýlistasafninu í Reykjavík, á Art in Translation í Norræna húsinu og Gruentaler9 í Berlín. Aðrir listamenn sem hafa komið að vinnslu verksins eru Saga Sigurðardóttir, dansari og danshöfundur, Eva Berger, búninga-og leikmyndahönnuður, Einar Tönsberg tónlistarmaður, Yair Vardi gjörningalistamaður og Anat Eisenberg, leikstjóri og danshöfundur.

Sýningin í Helsinki er hluti af Dimanche Rouge, alþjóðlegri gjörningahátíð sem fer fram í þremur löndum, Finnlandi, Frakklandi og Eistlandi, frá 17. til 20. október.

- fsb



**BETUS THE FETUS** Bergþóra í hlutverki móður hins ófædda barns sem er aðalpersónan í verkinu.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI I | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK |




HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17 & Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18, laugard. 11-16, sunnud. LOKAÐ EITT SÍMANÚMER 558 1100

# Góðir danskir gestir hjá Gradualekórnum

Sameiginlegir tónleikar Viborg Domkirkes Ungdomskor og Gradualekór Langholtskirkju í Langholtskirkju.

Viborg Domkirkes Ungdomskor undir stjórn Jette Haslund Birch og Gradualekór Langholtskirkju undir stjórn Jóns Stefánssonar syngja bæði hvor í sínu lagi og saman í Langholtskirkju í kvöld. Saman syngja þeir Sofðu unga ástin mín og Sensommervise en meginverk tónleikanna er A Little Jazz Mass eftir John Rutter sem samin var árið 2004 og frumflutt í New Orleans sama ár. Litla jazzmessan er samin við hinn sígilda latneska messutexta Kyrie, Gloria, Sanctus, Benedictus og Agnus Dei og sýnir hver kafli mismunandi stíltegundir djassins, svo sem „groove funk“, rokk, ballöðu og blues. Á tónleikunum koma Tómas Guðni Eggertsson orgelleikari og Gunnar Hrafnsson bassaleikari einnig fram.

➜ Tómas Guðni Eggertsson orgelleikari og Gunnar Hrafnsson bassaleikari koma einnig fram á tónleikunum í kvöld.



**VIBORGS DOMKIRKES UNGDOMSKOR** Kórfélagar eru á aldrinum 12 til 18 ára.



**LJÓSMYNDARINN** Heimir Stígsson skildi eftir sig mikilvægan heimildabanka.

## Myndir af margvíslegum toga

Sýning um Heimi Stígsson ljósmyndara (1933-2009) verður opnuð í Bíósal Duushúsa á morgun, fimmtudag, klukkan 17.30. Hann hefði orðið áttræður þann dag. Allir eru velkomnir.

Heimir rak ljósmyndastofu í Keflavík frá 1961 fram undir aldamótin síðustu og eftir hann liggur fjöldi mynda sem bæði eru teknar á stofunni og í bæjarlífinu. Safn hans er í eigu Byggðasafns Reykjanesbæjar og það er mikilvægur heimildabanki um sögu og menningu svæðisins á ofanverðri 20. öld.

Ljósmyndararnir Oddgeir Karlsson og Sólveig Þórðardóttir völdu myndir úr safni Heimis til sýningar með áherslu á sjöunda áratuginn og upphaf þess áttunda.

Sýningin stendur til 22. desember og er opin virka daga frá 12 til 17 og um helgar frá 13 til 17. Aðgangur er ókeypis.



**MYNDLISTARMAÐUR** Innsetningar Elínar taka á sig margvíslegar myndir.

## Talar um það sem að baki býr

Elín Hansdóttir myndlistarmaður heldur hádegisfyrirlestur um vinnuaðferðir sínar og verk í fyrirlestrasal Listaháskóla Íslands að Laugarnesvegi 91 á föstudaginn, 18. október, klukkan 12.30.

Þrátt fyrir ungan aldur á Elín að baki áhugaverðan feril og hafa verk hennar vakið athygli á alþjóðlegum vettvangi. Hún hefur skapað innsetningar fyrir nokkur sýningarrými, svo sem Frieze Projects, ZKM í Karlsruhe, Den Frie Udstillingsbygning, Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur og KW – Institute for Contemporary Art Berlin.

Í fyrirlestrinum mun Elín fjalla um það sem liggur á bak við verk hennar, um það hvernig eitt leiðir af öðru, um ójafnvægi og ófullkomleikann. Hann er á íslensku og aðgangur er ókeypis.

FUDGE Þú kemst fljótt að!
FUDGE ...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
FUDGE
FUDGE Rakarastofan Klapparstíg
FUDGE
FUDGE S: 551 3010




Sigurgangan heldur áfram! Sænska neytendablaðið Råd & Rön gerði á þessu ári nýja úttekt á uppþvottavélum frá ýmsum framleiðendum og Siemens uppþvottavélin SN 45M231SK kom best út. Þetta er fjórða árið í röð sem Siemens uppþvottavél hlýtur fyrsta sætið*. Vélin fær toppeinkunn fyrir þurrkhæfni, þökk sé einstakri nýjung: **zeolite**-þurrkun, sem skilar sérlega þurru og glitrandi hreinu leirtaui. Frekari upplýsingar um þessa uppþvottavél er að finna á heimasíðu okkar, www.sminor.is.

*SN 45M203SK, Råd & Rön, 8. tbl. 2010; SN 45M206SK, Testfakta, 16.9. 2011 (www.testfakta.se); SN 45M205SK, Råd & Rön, 4. tbl. 2012; SN 45M231SK, Råd & Rön, 3. tbl. 2013.

Råd & Rön HÆSTA EINKUNN April 2013

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Maður gengur inn á lögreglustöð

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Hvað segirðu? Varstu rændur?! Hljóp burt með peningana? Hver? Stúlka? Tuttugu þúsund? Hvaða peningar voru þetta? Bíddu nú aðeins hægur, ég skal nóta þetta niður hjá mér, andaðu rólega og byrjaðu á byrjuninni. Viltu kaffi? Vatn? Te?

**JÆJA** þekktirðu þessa stúlku eitthvað? Ekki neitt? En þið höfðuð sem sagt mælt ykkur mót þarna segirðu? Gott og vel. Af hverju þarna? Til hvers? Bíddu aðeins svo ég nái að skrifa þetta allt saman niður, fáðu þér bara sopa af kaffinu á meðan…

**ALLT** í lagi, þú og þessi stúlka ætluðuð sem sagt að hafa mök þarna í bílnum? En þú réttir henni peninga út um bílgluggann? Af hverju? Hvað meinarðu með „umsamin upphæð“, til hvers voru þessir peningar? Nú, já. Ég skil. Þú ætlaðir að borga stúlkunni fyrir kynmökin! Augnablik, (leggur frá sér pennann og klórar sér í kollinum) það er eins og mig rámi í einhver lög – vændiskaup eitthvað…(fær sér snöggan sopa af kaffinu og tautar fyrir munni sér) vændiskaup, vændiskaup, æ, ég man þetta ekki í svipinn. Ég fletti þessu upp á eftir ef ég man. Ef mér finnst það skipta máli. Haltu áfram.

**UMSAMIN** viðskipti ykkar stúlkunnar höfðu sem sagt ekki farið fram segirðu? En hún tekur peningana samt sem áður og hleypur! Ég á ekki eitt einasta orð! Þetta er náttúrulega ekki hægt! Ungdómurinn nú til dags. Hafðu engar áhyggjur vinur, við göngum í málið fyrir þig. Þessa stúlku verður að draga fyrir dóm!

**OFANRITUÐ** skýrslutaka er uppspuni, hreinn uppspuni frá rótum. Tilbúningur og algjört bull. Vitleysa. Vitleysa sem gæti allt eins hafa verið tekin beint upp úr brandarabók: „Maður gengur inn á lögreglustöð…“

**ÞÁ** bráðfyndnu brandarabók væri kannski að finna í hillu við hliðina á annarri brandarabók: „Kona gengur inn á lögreglustöð – til að kæra…“

**EN** sú bók ætti reyndar ekki heima innan um brandarabækur. Hún er ekkert fyndin.

# Yfirnáttúrulegur gítargjörningur

★★★★★

**Steve Vai**
Silfurbergi, Hörpu, 11. október

**TÓNLEIKAR**



**GÍTARSNILLINGUR** Steve Vai fór á kostum á tónleikum sínum í Silfurbergi í Hörpu. MYND/JÓHANN SMÁRI KARLSSON

Bandaríski gítarleikarinn Steve Vai var að spila í þriðja sinn á Íslandi er hann steig á svið í Hörpu seint á föstudagskvöld, rétt eftir að landsleik Íslendinga og Kýpur í fótbolta lauk. Hann byrjaði á að óska Íslendingum með hamingju með sigurinn í leiknum og tók fram hversu yndislegt væri að vera á Íslandi og geta loksins spilað sína eigin tónlist hérna.

Honum til halds og trausts voru trommari, bassa- og gítarleikari, hver öðrum fremri. Sýndu þeir snilli sína svo um munaði þegar Vai hvíldi sig baksviðs. Tónlistin sem Vai og félagar fluttu var ósungin en yfirleitt skemmtileg. Þar svissuðu þeir á milli rokks og rólegri laga, auk þess sem Vai settist einn niður með kassagítarinn um miðbik tónleikanna. Einnig mætti hann á myrkvað sviðið í upplýstum galla með hjálm á höfði og minnti helst á geimveru þegar hann framkvæmdi yfirnáttúrulegan gítargjörning sinn. Undir það síðasta fékk hann svo tvo áhorfendur upp á svið sem aðstoðuðu hann við að semja nýtt lag, eitthvað sem hann gerir á öllum sínum tónleikum.

Í upphafi tónleikanna var tilkynnt að Vai ætlaði að spila í tvær og hálfa klukkustund án hlés. Á endanum spilaði hann í tæpar þrjár klukkustundir. Fyrir fram óttaðist maður að tónleikarnir yrðu langdregnir, enda þekkti maður lögin ekki og var líka hræddur um að þau yrðu keimlík með öllum þeim gítarsólóum sem fylgdu hverju þeirra. Vissulega voru lögin stundum lík og kannski hefði Vai mátt halda aftur af sér í gítarkúnstunum þegar líða fór á seinni hlutann. En þar sem hann er einn besti gítarleikari heims, æstur í að sýna Íslendingum hvað í hann er spunnið sem sólótónlistarmaður, var auðvelt að fyrirgefa honum. Það hjálpaði líka til hversu duglegur Vai var við að brjóta tónleikana upp á ýmsan máta.

Þegar allt kemur til alls var þetta sannkölluð gítarsýning þar sem Vai sýndi að fáir ef einhverjir eru honum fremri á hljóðfærið. Yfirvegun hans var með eindæmum og virtist hann geta gert hvað sem honum datt í hug án þess að þurfa að hafa nokkuð fyrir því.

Eftir að hafa spilað með tönnunum og meira að segja tungunni undir það síðasta og einnig skellt sér í íslensku landsliðstreyjuna við mikil fagnaðarlæti var komið að „leikslokum“. Vai kvaddi með bros á vör og stóð við loforð sitt um að láta áhorfendum sínum líða vel.

**Freyr Bjarnason**

**NIÐURSTAÐA:** Sannkölluð gítarsýning hjá einum fremsta gítarleikara heims.

# Sá besti þjálfar Rimmugýgi

## Danski bardagamaðurinn Christoffer Kold heimsækir víkingafélagið Rimmugýgi.

Danski bardagamaðurinn Christoffer Kold er staddur hér á landi í boði víkingafélagsins Rimmugýgjar. Hann ætlar að þjálfa félagið alla þessa viku og miðla af mikilli reynslu sinni.

„Hann er alveg magnaður bardagamaður og er búinn að vera bestur í mörg ár,“ segir Úlfar Daníelsson hjá Rimmugýgi. Hann bætir við að mikill fengur sé að fá Kold til landsins. „Þetta er eins og ef Ronaldo eða Messi færu að koma og taka æfingu með okkur.“ Víkingafélagið hefur alltaf fengið einn erlendan bardagamann til sín á hverju ári og núna var röðin komin að Kold.

Vetrarstarfið hjá Rimmugýgi er að byrja og verða nýir meðlimir teknir inn fram í nóvember. Æft er tvisvar í viku í Hafnarfirði og eru virkir meðlimir um eitt hundrað talsins.

Rimmugýgur fer á stjá á sumrin þegar víkingahátíðin hefst við Fjörukrána í Hafnarfirði. Eftir það eru haldnar hátíðir um allt land einu sinni í viku fram í ágúst. Einnig er farið á eina til tvær hátíðir erlendis á hverju ári. **-fb**



**MAGNAÐUR BARDAGAMAÐUR** Danski bardagamaðurinn Christoffer Kold, til vinstri, ásamt Úlfari á æfingu í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

➜ Margir meðlimir Rimmugýgjar hafa leikið í bardagaatriðum í sjónvarpsþáttunum Game of Thrones.


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| MÁLMHAUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MÁLMHAUS LÚXUS | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| TÚRBÓ 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |
| ABOUT TIME | KL. 8 - 10.40 | 10 |
| RUNNER RUNNER | KL. 10 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 | 12 |
| AULINN ÉG 2 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| 2 GUNS | KL. 10.15 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| LA VIE D'ADELE | KL. 5.30 - 9 | 16 |
| BLUE JASMIN | KL. 5.30 | 10 |
| HROSS Í OSS | KL. 8 - 10 | 12 |
| SVONA ER SANLITUN | KL. 10 | L |
| DON QUIXOTE | KL. 6.45 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| MÁLMHAUS | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| ABOUT TIME | KL.8 (10) / RUNNER RUNNER KL. 10.10 | 12 |
| TURBO 3D | KL.6 | L |

Miðasala á: midi.is og eMiði

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| MÁLMHAUS | 5:50, 8, 10:10 | 12 |
| ABOUT TIME | 9 | 10 |
| TÚRBÓ - ÍSL | 5:50 3D | L |
| DIANA | 8 | 12 |
| DESPICABLE ME 2 - ENS | 5:50 2D | L |
| MALAVITA | 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| RUSH | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| RUSH VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| PRISONERS | KL. 6 - 8 - 9 - 10 | 16 |
| TÚRBÓ ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| TÚRBÓ ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| DON JON | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| AULINN ÉG ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| RUSH | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| PRISONERS | KL. 10:10 | 12 |
| MÁLMHAUS | KL. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| RUSH | KL. 5:25 - 8 - 10:35 | 12 |
| PRISONERS | KL. 5 - 8 - 10:10 | 16 |
| TÚRBÓ ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| DON JON | KL. 5:50 - 8 - 11 | 16 |
| RIDDICK | KL. 8 | 16 |
| THE CONJURING | KL. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| RUSH | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| PRISONERS | KL. 5 - 8 - 10:40 | 16 |
| THE BUTLER | KL. 5:20 - 8 | 14 |
| DON JON | KL. 11 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| RUSH | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| PRISONERS | KL. 5:30 - 8:30 | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

BÍÓ★PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


ACADEMY AWARD® NOMINEE
HUGH JACKMAN
ACADEMY AWARD® NOMINEE
JAKE GYLLENHAAL
ACADEMY AWARD® NOMINEE
VIOLA DAVIS
GOLDEN GLOBE® NOMINEE
MARIA BELLO
ACADEMY AWARD® NOMINEE
TERRENCE HOWARD
WITH
ACADEMY AWARD® WINNER
MELISSA LEO
AND
PAUL DANO
„BESTA SPENNUMYND ÁRSINS“
PRISONERS
MAGNAÐUR ÞRILLER
★★★★★
„Besta spennumynd ársins.“
S.G.S. - Mbl.
★★★★★
The Hollywood Reporter
★★★★★
Entertainment Weekly
★★★★★
Jobio.com
100/100
MÖGNUÐ TÓNLIST EFTIR JÓHANN JÓHANNSSON
Variety
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
KOMIN Í BÍÓ
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS
SAMBÍÓIN

## Birkir hugsaði ljót orð



Birkir Már Sævarsson var bæði glaður og svekktur í leikslok í gærkvöldi. Birkir fékk áminningu í fyrri hálfleik og verður fyrir vikið í leikbanni í fyrri leiknum í umspilinu.

„Mér fannst þetta ekki vera gult. Mér fannst ég ekki geta gert mikið. Hann hljóp inn í mig,“ sagði Birkir og óhætt er að taka undir skoðun hans. Átta leikmenn í landsliðshópnum voru á hættusvæði en bakvörðurinn var sá eini sem hlaut spjald. Birkir var skiljanlega fúll.

„Ég hugsaði orð sem ég ætla ekki að segja í sjónvarpi,“ sagði bakvörðurinn eldfljóti sem var þrátt fyrir vonbrigðin afar sáttur.

„Þetta er langstærsta fótboltaaugnablikið á ferlinum,“ sagði Birkir um afrek liðsins.

## Eiður Smári: Getum verið stoltir hvað sem gerist

**FÓTBOLTI** „Þetta er kannski enn skemmtilegra eftir að hafa verið í landsliðinu allan þennan tíma, sautján til átján ár. Auðvitað er þetta mikið afrek og við höfum stigið stórt skref í sögu íslenskrar knattspyrnu.“

Þannig dró Eiður Smári Guðjohnsen saman afraksturinn í Ósló í gærkvöldi og undankeppni HM sem nú er lokið hjá öllum Evrópuþjóðum nema átta. Eiður fagnaði gríðarlega þegar úrslitin úr Sviss voru ljós og sætið í umspili tryggt.

„Það var komin spenna í mannskapinn á hliðarlínunni undir lokin. Þetta var mikill léttir og sama hvað gerist í framhaldinu getum við verið stoltir af því sem við höfum afrekað,“ sagði Eiður Smári. Framherjinn hefur unnið flesta af stærstu titlum sem í boði eru á Englandi, Spáni auk Meistaradeildar Evrópu. Hann líkir afreki Íslands við það að hljóta titil.

„Ég held við getum alveg verið raunsæir og sagt að við verðum aldrei heimsmeistarar. En fyrir okkur sem knattspyrnuþjóð, að hafa komið inn í þennan riðil í sjötta styrkleikaflokki en hafnað í öðru sæti og vera komnir í umspil, það er frábært afrek. Það sýnir gæðin í íslenskri knattspyrnu.“ -ktd



**EIÐUR SMÁRI** Var nálægt því að skora á móti Noregi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**1-1** (Noregur – Ísland)

**Ullevaal-leikvangurinn**
**Tagliavento frá Ítalíu (7)**

**Mörkin:** 0-1 Kolbeinn Sigþórsson (12.), 1-1 Daniel Braaten (30.).

**Skot (á mark):** 11-13 (4-5) **Horn:** 3-5

**Varin skot:** Rune Jarstein 4 - Hannes 3.

**Aukaspyrnur:** 3-12 Rangstöður: 4-3

### LOKASTAÐAN Í RIÐLINUM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Sviss | 10 | 7 | 3 | 0 | 17-6 | 24 |
| Ísland | 10 | 5 | 2 | 3 | 17-15 | 17 |
| Slóvenía | 10 | 5 | 0 | 5 | 14-11 | 15 |
| Noregur | 10 | 3 | 3 | 4 | 10-13 | 12 |
| Albanía | 10 | 3 | 2 | 5 | 9-11 | 11 |
| Kýpur | 10 | 1 | 2 | 7 | 4-15 | 5 |

## Alltof stoltur

**FÓTBOLTI** „Þetta er eitthvert ánægjulegasta móment sem ég hef upplifað á fótboltavellinum,“ sagði Kolbeinn Sigþórsson í leikslok. Markaskorarinn átti erfitt með að koma tilfinningum sínum í orð.

„Ég er eins og er alltof stoltur. Ég held að allir séu í skýjunum með þetta. Það verður fagnað í kvöld,“ sagði framherjinn. Hann þakkaði Sviss kærlega fyrir hjálpina en sigur þeirra á Slóveníu kom Íslandi til góða. Hann segir enn skemmtilegra að ná svona árangri sem Íslendingur.

„Það er sérstaklega sætt þegar við erum svona lítið land að afreka þetta. Ég set þetta algjörlega á toppinn á afrekaskránni.“ -ktd



**FRÁBÆR ÁRANGUR** Lars Lagerbäck kom Íslandi í umspil. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Getum unnið alla segir Lars

**FÓTBOLTI** „Ég get ekki komið gleði minni í orð. Leikmenn og starfsfólk hafa lagt svo hart að sér. Þetta ár hefur verið frábært enda strákarnir bætt leik sinn stöðugt,“ sagði þjálfarinn Lars Lagerbäck.

Lagerbäck kom Svíum á hvert stórmótið á fætur öðru á síðasta áratug. Hvernig metur hann þetta afrek í því samhengi?

„Þetta afrek er sérstakt. Á ferðalögum mínum í kjölfar þess að ég tók að mér starfið voru allir sem ég hitti eitt stórt spurningamerki. Hvers vegna hafði ég tekið að mér starfið? Hvers vegna að fara til Íslands? Þið eigið enga möguleika. Það gerir það enn þá yndislegra að eiga kost á tveimur leikjum í viðbót og geta komist til Brasilíu.“

Svíinn segir íslenska liðið eiga töluverða möguleika í umspilinu.

„Við getum unnið hvaða lið sem er. Ég veit auðvitað ekki hver andstæðingurinn verður en við eigum alltaf möguleika.“ -ktd



**SÖGULEG STUND** Íslensku strákarnir fagna hér sæti í umspili um laus sæti á HM í Brasilíu sem var í höfn eftir 1-1 jafntefli á móti Noregi á Ullevaal. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bíða spenntir eftir nóvember

Íslenska landsliðið í knattspyrnu náði sögulegu afreki í Ósló í gær. Þjálfarinn segir afrekið glæsilegt en að ballið sé ekki búið. Tveir leikir standa á milli þess að Ísland verði fámennasta lokaúrslitaþjóð í sögu HM.

**Kolbeinn Tumi Daðason**
kolbenntumi@frettabladid.is
**Vilhelm Gunnarsson**
villi@365.is
Frá Ósló



**FÓTBOLTI** Þeir sem voru spenntir í aðdraganda viðureignar Íslendinga og Norðmanna í Ósló í undankeppni heimsmeistaramótsins fóru vafalítið á taugum í þær tvær klukkustundir sem leikurinn stóð yfir í gær. Fjölmiðlamenn af Klakanum voru engin undantekning. Frá fyrstu mínútu var ljóst að kvöldið yrði langt og ekki fyrir hjartveika.

Leikmenn Íslands voru áhorfendur fyrstu tólf mínúturnar og bættust þannig í hóp á annað þúsund stuðningsmanna sem létu vel í sér heyra frá fyrstu mínútu. Sofandaháttur í vörn heimamanna var þó eitthvað sem Gylfi Þór Sigurðsson og Kolbeinn Sigþórsson gátu nýtt sér. Sá síðarnefndi skoraði í fimmta landsleiknum í röð.

### Náðum einni góðri sókn

„Við byrjuðum ekki vel og ekkert lá í loftinu. Við náum einni góðri sókn og nýttum það vel,“ sagði markaskorarinn.

Markið efldi sjálfstraustið lítillega en hvergi nærri nógu mikið. Flestir þeirra bláklæddu virkuðu stressaðir og ekki nærri jafnklárir í leikmenn og undirritaður hafði á tilfinningunni fyrir leikinn. Jöfnunarmark Norðmanna var verðskuldað og jafnt í hálfleik.

„Við spiluðum ekki nógu vel sem lið í fyrri hálfleik,“ sagði Lars Lagerbäck. Birkir og Eiður Smári fengu sitt dauðafærið hvor snemma í síðari hálfleik en Jarstein í markinu sýndi frábær tilþrif. Norðmenn voru alltaf hættulegir þótt færi væru fá. Því var léttirinn mikill þegar tíðindin bárust frá Bern. Heimamenn komnir í 1-0 og stundarfjórðungur eftir af leiknum.

Stuðningsmenn Íslands á Ullevaal ærðust og það sem eftir lifði leiks stóðu þeir í stúkunni og öskruðu úr sér lungun. Fréttirnar frá Bern efldu einnig okkar menn sem settu í áður óséðan gír í leiknum. Þeir fundu bragðið af umspilinu og kunnu að meta það. Norðmenn komust aldrei nærri því að skora og okkar menn voru ekki fjarri því að tryggja sér stigin þrjú.

### Heyrðu að Sviss hefði skorað

„Við heyrðum fögnuðinn í áhorfendum og vissum að Sviss hafði skorað. Það er eins og það hafi komið einhver ró yfir mannskapinn eftir það og við fórum að spila boltanum.“

Það er til marks um hve langt landslið okkar er komið þegar jafntefli við Noreg á útivelli eru hálfgerð vonbrigði. Sækja átti til sigurs og sleppa því að treysta á hjálp frá Sviss. Okkar menn voru fjarri sínu besta enda í nýrri stöðu. Þegar flautað var til leiksloka var takmarkinu þó náð. Sæti í umspili staðreynd sem var eitthvað sem aðstoðarþjálfinn Heimir Hallgrímsson brosti að þegar Lagerbäck nefndi það sem raunhæft markmið í fyrsta skipti fyrir tveimur árum. Lái honum hver sem vill. Um draum var að ræða sem nú er orðinn að veruleika.

„Við njótum kvöldsins en það er mikilvægt að leikmenn átti sig á því að þetta var ekki lokaleikurinn. Það eru tvö þrep eftir. Þetta var aðeins tíunda lota af tíu. Hnefaleikakappi sem stendur enn uppréttur eftir tíundu lotu á enn möguleika,“ sagði Lagerbäck og undir þau orð tók Gylfi Þór.

### Getum átt tvo frábæra leiki

„Það getur allt gerst í tveimur leikjum. Við getum átt frábæra leiki og lélega leiki líka. Við bíðum spenntir eftir nóvember.“

Þótt strákarnir okkar hafi oft spilað betur þá náðust góð úrslit, öfugt við það sem hefur svo lengi verið tilfellið. Ágæt frammistaða en léleg úrslit. Strákarnir okkar hafa farið á kostum í yfirstandandi undankeppni frá fyrsta leik þótt lægðir hafa eðlilega komið inn á milli. Hæðirnar hafa verið mun fleiri, hvort sem litið er til leikjanna í Laugardalnum eða á útivelli. Sögulegu afreki er náð sem landsmenn allir geta verið stoltir af. Strákarnir eru þó ekki hættir.

> **Það getur allt gerst í tveimur leikjum. Við getum átt frábæra leiki og lélega leiki líka. Við bíðum spenntir eftir nóvember.**
> *Gylfi Þór Sigurðsson*

## FRAMMISTAÐA LEIKMANNA

**HANNES ÞÓR HALLDÓRSSON** 6
Ekki nógu ákveðinn í marki Norðmanna. Varði í tvígang vel í seinni hálfleik.

**BIRKIR MÁR SÆVARSSON** 5
Úr stöðu í markinu og virkaði stressaður. Barðist þó vel.

**RAGNAR SIGURÐSSON** 6
Hafði í nægu að snúast. Tefldi oft á tæpasta vað í varnarleik sínum

**KÁRI ÁRNASON** 7
Bjargaði á ögurstundu í síðari hálfleik og bestur í vörninni.

**ARI FREYR SKÚLASON** 5
Átti í erfiðleikum í vörninni en duglegur að aðstoða Birki í sókninni.

**BIRKIR BJARNASON** 6
Hljóp úr sér lungun og þeir norsku áttu í basli með hann.

**GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON** 7
Fékk lítinn tíma með boltann en dreifði honum vel. Lagði upp markið með frábærri sendingu.

**ARON EINAR GUNNARSSON** 8
Akkerið á miðjunni. Oft leikið betur sóknarlega en var traustur að vanda í baráttunni inn á miðjunni.

**JÓHANN BERG GUÐMUNDSSON** 5
Týndur á löngum köflum í fyrri hálfleik en efldist í þeim síðari.

**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** 6
Sýndi gæði inn á milli en kom ekki við boltann í langan tíma þess á milli.

**KOLBEINN SIGÞÓRSSON** 6
Fullkomin færanýting en oft komið meira út úr honum. Gekk illa að finna hann.

VARAMENN:

**ALFREÐ FINNBOGASON (INN Á 69. MÍN. FYRIR EIÐ SMÁRA)** 6
Innáskipting hans hjálpaði spili okkar manna.

**RÚRIK GÍSLASON (INN Á 90. MÍN FYRIR JÓHANN BERG)** -




ENNEMM / SÍA / NM57928

Vertu með fyrirtækið
í **sterkara sambandi**

**Láttu sérfræðinga okkar finna lausnina sem hentar þínu fyrirtæki.**

Í Þjóðleikhúsinu vinnur fjöldi skapandi fólks við það að láta galdurinn ganga upp á hverju kvöldi. Eins og rúmlega 15.000 önnur íslensk fyrirtæki treystir það á fyrirtækjaþjónustu Símans.

Síminn býður fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum upp á bæði fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu. Starfsfólkið getur þannig einbeitt sér að sínu aðalhlutverki meðan Síminn sér um rekstur, viðhald og öryggi kerfanna.

Nánar á siminn.is eða í síma 800 4000.

Síminn








**REYNSLUBOLTARNIR** Wayne Rooney og Steven Gerrard tryggðu Englendingum sigurinn í sínum riðli. Danir vilja eflaust gleyma gærdeginum sem allra fyrst en liðið komst ekki í umspilið á minnstum mun. NORDICPHOTOS/GETTY

# Danirnir sátu eftir

Mótherjar íslenska landsliðsins í umspilinu um sæti á heimsmeistaramótinu í Brasilíu verða af sterkari gerðinni en liðið á samt sem áður raunhæfa möguleika á því að komast á lokamótið. Dregið verður í umspilsleikina á mánudaginn.

**FÓTBOLTI** Það varð ljóst í gær hvaða níu lið tryggðu sér farseðilinn á heimsmeistaramótið í Brasilíu árið 2014 en þjóðirnar sem unnu sína riðla voru Belgía, Þýskaland, Ítalía, Holland, Sviss, Rússland, Bosnía, England og Spánn.

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu er komið í umspil um laust sæti á HM og verður mótherjinn ekki af lakari gerðinni. Miðað við styrkleikalista FIFA mun Ísland mæta Króatíu, Svíþjóð, Portúgal eða Grikklandi í umspilinu sem fram fer um miðjan nóvember. Ísland getur samt sem áður ekki mætt mætt Rúmenum, Úkraínu og Frökkum en Frakkar höfnuðu í öðru sæti I-riðils á eftir Spánverjum.

Nágrannar okkar Danir vilja sennilega gleyma gærdeginum sem allra fyrst en eftir frábæran sigur, 6-0, á Maltverjum náðu þeir öðru sætinu í B-riðli. Liðið fékk samtals 16 stig í riðlinum sem er lakasti árangurinn í öðru sæti riðlanna níu. Örlög þeirra voru því að falla úr leik og komast Danir því ekki í umspilið.

Englendingar unnu frábæran sigur á Pólverjum, 2-0, og tryggðu sér því sigurinn í H-riðli. Wayne Rooney gerði fyrsta mark leiksins á Wembley og gaf tóninn fyrir heimamenn. Það var síðan Steven Gerrard sem innsiglaði sigurinn fyrir Englendingana undir lok leiksins úr vítaspyrnu og liðið á leiðinni til Brasilíu.

## Enskir á HM

„Við vorum magnaðir gegn Pólverjum og Svartfellingum í síðustu tveimur landsleikjum og sú frammistaða er að koma okkur á HM,“ sagði Steven Gerrard, fyrirliði Englands, eftir leikinn í gær.

„Liðsheildin er frábær í þessum hóp og það er það sem skiptir öllu máli þegar um landsliðið er að ræða. Leikmenn hafa leikið vel undir pressu að undanförnu sem sýnir hversu öflugir við erum.“

„Við lögðum upp með að vera þolinmóðir í þessum leik og bíða eftir markinu,“ sagði Wayne Rooney, leikmaður enska liðsins, eftir leikinn en hann gerði fyrsta mark leiksins undir lok fyrri hálfleiksins.

„Við höfum verið gríðarlega jákvæðir undanfarna viku og menn voru einbeittir á verkefnið. Liðið er skipað ungum og efnilegum leikmönnum í bland við reynslubolta og það er oft og tíðum uppskrift að frábærum liðum. Ég finn það á mér að enska liðið á eftir að vera sterkt á heimsmeistaramótinu í Brasilíu.“

Portúgal er ein af þeim þjóðum sem Íslendingar geta mætt í umspilinu en liðið er skipað heimsklassaleikmönnum í hverri stöðu. Liðið hafnaði í öðru sæti F-riðilsins en Rússar komu öllum á óvart og unnu riðilinn. Leikmenn á borð við Cristiano Ronaldo og Luis Nani gætu því mætt á Laugardalsvöllinn um miðjan nóvember.

Möguleikar Íslands verða að teljast ágætir gegn Svíum og Grikkjum en dregið verður í umspil mánudaginn 21. október.

stefanp@365.is

## UNDANKEPPNI HM

### A-RIÐILL

**SERBÍA - MAKEDÓNÍA 5-1**
**BELGÍA - WALES 1-1**
**1-0 Kevin De Bruyne (64.), 1-1 Aaron Ramsey (88.).**
**SKOTLAND - KRÓATÍA 2-0**
**1-0 Robert Snodgrass (28.), 2-0 Steven Naismith (73.)**
**Lokastaðan:** Belgía 26 stig, Króatía 17, Serbía 14, **Skotland 11, Wales 10, Makedónía 7.**

### B-RIÐILL

**BÚLGARÍA - TÉKKLAND 0-1**
**DANMÖRK - MALTA 6-0**
**1-0 Morten Rasmussen (9.), 2-0 Daniel Agger (11.), 3-0 Andreas Bjelland (28.), 4-0 Daniel Agger (39.), 5-0 Morten Rasmussen (74.), 6-0 Nicki Niels Nielsen (84.).**
**ÍTALÍA - ARMENÍA 2-2**
**0-1 Yura Movsisyan (5.), 1-1 Alessandro Florenzi (24.), 1-2 Henrikh Mkhitaryan (70.), 2-2 Mario Balotelli (76.)**
**Lokastaðan:** Ítalía 22 stig,Danmörk 16, Tékkland 15, Búlgaría 13, Armenía 13, Malta 3.

### C-RIÐILL

**ÍRLAND - KASAKSTAN 3-1**
**0-1 Dmitriy Shomko (13.), 1-1 Robbie Keane (17.), 2-1 John O'Shea (26.), 3-1 Dmitriy Shomko, sm (78.)**
**SVÍÞJÓÐ - ÞÝSKALAND 3-5**
**1-0 Tobias Hysén (6.), 2-0 Alexander Kačaniklić (42.) 2-1 Mesut Özil (45.), 2-2 Mario Götze (53.), 2-3 André Schürrle (53.), 2-4 André Schürrle (66.),3-4 Tobias Hysén (69.) 3-5 André Schürrle (76.)**
**FÆREYJAR - AUSTURRÍKI 0-3**
**Lokastaðan:** Þýskaland 28 stig, Svíþjóð 20, Austurríki 17, Írland 14, Kasakstan 5, Færeyjar 1.

### D-RIÐILL

**UNGVERJALAND - ANDORRA 2-0**
**RÚMENÍA - EISTLAND 2-0**
**TYRKLAND - HOLLAND 0-2**
**0-1 Arjen Robben (9.),0-2 Wesley Sneijder (47.)**
**Lokastaðan:** Holland 28 stig, Rúmenía 19, Tyrkland 16, Ungverjaland 17, Eistland 7, Andorra 0.

### E-RIÐILL

**KÝPUR - ALBANÍA 0-0**
**NOREGUR - ÍSLAND 1-1**
**0-1 Kolbeinn Sigþórsson (12.), 1-1 Daniel Braaten (30.)**
**SVISS - SLÓVENÍA 1-0**
**1-0 Granit Xhaka (73.)**
**Lokastaðan:** Sviss 24 stig, Ísland 17, Slóvenía 15, **Noregur 12, Albanía 11, Kýpur 5.**

### F-RIÐILL

**ASERBAÍDSJAN - RÚSSLAND 1-1**
**0-1 Roman Shirokov (16.), 1-1 Vaqif Cavadov (90.)**
**ÍSRAEL - NORÐUR-ÍRLAND 1-1**
**PORTÚGAL - LÚXEMBORG 3-0**
**1-0 Silvestre Varela (30.), 2-0 Nani (36.), 3-0 Hélder Postiga (79.)**
**Lokastaðan:** Rússland 22 stig, Portúgal 21, Ísrael 14, Aserbaídsjan 9, Norður-Írland 7, Lúxemborg 6.

### G-RIÐILL

**GRIKKLAND - LIECHTENSTEIN 1-0**
**LITHÁEN - BOSNÍA 0-1**
**LETTLAND - SLÓVAKÍA 2-2**
**Lokastaðan:** Bosnía 25 stig, Grikkland 25 Slóvakía 13, Litháen 11, Lettland 8, Liechtenstein 2.

### H-RIÐILL

**ENGLAND - PÓLLAND 2-0**
**1-0 Wayne Rooney (41.), 2-0 Steven Gerrard (88.).**
**SVARTFJALLALAND - MOLDAVÍA 2-5**
**SAN MARÍNÓ - ÚKRAÍNA 0-8**
**Lokastaðan:** England 22 stig, Úkraína 21, Svartfjallal. 15, Pólland 13, Moldavía 11, San Marínó 0.

### I-RIÐILL

**FRAKKLAND - FINNLAND 3-0**
**1-0 Franck Ribéry (8.), 2-0 Joona Toivio, sm (76.), 3-0 Karim Benzema (87.)**
**SPÁNN - GEORGÍA 2-0**
**1-0 Negredo (26.), 2-0 Juan Mata (61.).**
**Lokastaðan:** Spánn 20 stig, Frakkland 17, Finnland 9, Georgía 5, Hvíta-Rússland 4.


RAFVÖRU MARKAÐURINN
ÚRVAL RAFLAGNAEFNA
Fellsmúla - Reykjavík
VERÐ FRÁ 495
UTANÁLIGGJANDI ROFAR & TENGLAR
VERÐ FRÁ 495
INNLAGNAEFNI ROFAR OG TENGLAR
VERÐ FRÁ 995
RAKAÞOLNIR ROFAR OG TENGLAR
37.990
VINNULJÓSATAFLA
INNLAGNAEFNI - 4 LITIR
PASSAR Í TICINO DÓSIR
Lágvöruverð
Kynntu þér málið
Innlagnaefni
Rofar og tenglar
VERÐ FRÁ 475
6.990
10.995
8.350
6.995
6.965
GREINAKASSAR / TÖFLUR
RÖR - LAGNARENNUR - BARKI
BEYGJUR - HÓLKAR - DÓSIR
VERÐ FRÁ 1.295
NEOSET VARROFAR 1, 2 OG 3 PÓLA
SJÁLFVÖR 1 PÓLA 995
VÍR OG KAPLAR
VERÐ FRÁ 699
IÐNAÐARTENGLAR OG KLÆR
3.595
LEKASTRAUMSROFI 4 PÓLA
2.975
LEKASTRAUMSROFI 2 PÓLA
1.695
SJÁLFVÖR 2 PÓLA
2.595
SJÁLFVÖR 3 PÓLA
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl 20.25
**Kolla**

Vandaður og fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem ætlar að spjalla við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.



### Two And A Half Men
**STÖÐ 2 GULL KL. 19.35** Áttunda sería þessa bráðskemmtilega þáttar um bræðurna Charlie og Alan. Charlie er eldhress piparsveinn sem kærir sig ekki um neinar flækjur en Alan er sjúklegur snyrtipinninn sem á í stöðustu vandræðum með sjálfstraustið.

TV.COM 8,4 IMDb 7,2



### Kiljan
**SJÓNVARPIÐ KL. 21.15** Í þættinum Kiljunni, sem er í umsjón Egils Helgasonar, er fjallað um bækur úr ýmsum áttum og af öllum toga. Bragi Kristjónsson bókakaupmaður segir frá forvitnilegum bókum og fólki.



### Borð fyrir fimm
**SKJÁR EINN KL. 20.30** Bráðskemmtilegir þættir þar sem Siggi Hall, Svavar Örn og vínsérfræðingurinn Alba kíkja í matarboð heim til fólks og meta kosti þess og galla.

### Rás 2 kl. 09.05
**Virkir morgnar**

Virkir morgnar er þáttur sem ætlaður er öllum og ekki síst þeim sem eru að koma sér af stað í morgunsárið. Þættinum er stjórnað af Andra Frey Viðarssyni og Guðrúnu Dís Emilsdóttur. Þátturinn er í léttum dúr og kemur hann til með að fjalla um skemmtileg mál líðandi stundar auk liðinna og komandi stunda.








## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm in the Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **Spurningabomban**
**11.05** **Glee**
**11.50** **Grey's Anatomy**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Covert Affairs**
**13.45** **Chuck**
**14.30** **Making The Crooked Straight**
**15.00** **Last Man Standing**
**15.20** **Big Time Rush**
**15.45** **Tricky TV**
**16.10** **Kalli kanína og félagar**
**16.30** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Stelpurnar** *(13:20)*
**19.40** **The Big Bang Theory** *(12:24)*
**20.05** **Heimsókn**
**20.25** **Kolla** Vandaður og fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem ætlar að spjalla við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.
**21.00** **Grey's Anatomy** *(4:22)*
**21.45** **Mistresses** *(11:13)*
**22.30** **Hung** *(4:10)*
**23.00** **Tossarnir**
**23.40** **Pathology**
**01.15** **The Blacklist**
**02.00** **NCIS: Los Angeles**
**02.45** **Person of Interest**
**03.30** **Any Given Sunday**
**05.55** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.15** **Einvígið á Nesinu** Sýnt frá skemmtilegu golfmóti sem haldið er árlega til styrktar góðs málefnis en þar keppa bestu kylfingar landsins í þrautakeppni.
**18.10** **Þýski handboltinn 2013/2014** Bein útsending frá leik Gummersbach og Flensburg í þýska handboltanum.
**19.40** **Kraftasport 2013**
**20.20** **Brasilía - Sambía**
**22.00** **England - Pólland**
**23.40** **Þýski handboltinn**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00** **Premier League World**
**17.35** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**18.35** **Goals of the Season 2005/2006**
**19.30** **Football League Show 2013/14**
**20.05** **Arsenal - Tottenham**
**21.50** **Messan**
**23.00** **Man. Utd. - Liverpool**

## ÍNN

**20.00** Árni Páll **20.30** Tölvur, tækni og kennsla **21.00** Fasteignaflóran **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**15.45** **The X-Factor US**
**17.50** **Bunheads**
**18.35** **Bob's Burgers**
**19.00** **Junior Masterchef Australia** *(6:16)*
**19.50** **Cherry Healy: How to Get a Life** *(6:6)*
**20.50** **Arrow** *(1:23)*
**21.30** **Damages** *(6:10)*
**22.20** **2+6** *(6:8)*
**22.50** **Shameless** *(5:12)* Bráðskemmtileg þáttaröð um skrautlega fjölskyldu.
**23.35** **Banshee** *(5:10)* Magnaðir spennuþættir um Lucas Hood sem er fyrrverandi fangi og afar útsmoginn þjófur.
**00.25** **Junior Masterchef Australia**
**01.15** **Cherry Healy: How to Get a Life**
**02.15** **Arrow**
**03.00** **Damages**
**03.50** **2+6**
**04.20** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.23** Svampur Sveinsson **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.46** Latibær **09.00** Strumparnir **09.25** Ævintýri Tinna **09.47** Skoppa og Skrítla **10.00** Lukku láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.45** UKI **10.50** Hvellur keppnisbíll **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.23** Svampur Sveinsson **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.46** Latibær **13.00** Strumparnir **13.25** Ævintýri Tinna **13.47** Skoppa og Skrítla **14.00** Lukku láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.45** UKI **14.50** Hvellur keppnisbíll **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.23** Svampur Sveinsson **15.46** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.46** Latibær **17.00** Strumparnir **17.25** Ævintýri Tinna **17.47** Skoppa og Skrítla **18.00** Lukku láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.45** UKI **18.50** Hvellur keppnisbíll **19.00** Arthúr 2 **20.35** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55** **Strákarnir**
**18.20** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men** *(3:16)*
**20.00** **Kalli Berndsen – Í nýju ljósi** *(4:10)*
**20.25** **Örlagadagurinn** *(20:30)*
**20.55** **Cold Feet** *(3:8)*
**21.45** **Prime Suspect 3** *(1:2)*
**23.30** **The Drew Carey Show** *(10:24)*
**23.55** **Curb Your Enthusiasm** *(5:10)*
**00.25** **Kalli Berndsen – Í nýju ljósi**
**00.50** **Örlagadagurinn**
**01.20** **Cold Feet**
**02.10** **Prime Suspect 3**
**03.55** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**12.15** **Baddi í borginni**
**13.50** **Diary of A Wimpy Kid**
**15.20** **Big Miracle**
**17.05** **Baddi í borginni**
**18.40** **Diary of A Wimpy Kid**
**20.15** **Big Miracle**
**22.00** **The Tenants**
**23.35** **Ray**
**02.05** **The Grey**
**04.00** **The Tenants**

## RÚV

**16.30** **360 gráður**
**16.55** **Djöflaeyjan**
**17.20** **Friðþjófur forvitni**
**17.43** **Nína Pataló**
**17.50** **Geymslan**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.23** **Á götunni**
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.00** **Læknamiðstöðin** *(12:13) (Private Practice VI)* Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Meðal leikenda eru Kate Walsh, Taye Diggs, KaDee Strickland, Benjamin Bratt og Paul Adelstein.
**20.45** **Krabbinn** *(4:8) (The Big C IV)* Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem er með krabbamein og reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn. Aðalhlutverkið leikur Laura Linney og hlaut hún Golden Globe-verðlaunin fyrir þættina.
**21.15** **Kiljan** Bókaþáttur Egils Helgasonar.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Eftirsjá** *(Ångrarna)* Sænsk heimildarmynd um tvo menn á sjötugsaldri sem hittast og ræða um kynleiðréttingaraðgerðir sínar og leiðréttingar á þeim.
**23.25** **Verðlaunamyndir Kvikmyndaskóla Íslands - Mósaík**
**23.40** **Kastljós**
**00.00** **Fréttir**
**00.10** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**16.50** **Design Star**
**17.40** **Dr. Phil**
**18.20** **Kitchen Nightmares**
**19.10** **Parks & Recreation** *(7:22)*
**19.35** **Cheers** *(22:26)*
**20.00** **Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course** *(10:20)*
**20.30** **Borð fyrir fimm – NÝTT** *(1:8)* Bráðskemmtilegir þættir þar sem Siggi Hall, Svavar Örn og vínsérfræðingurinn Alba kíkja í matarboð heim til fólks.
**21.10** **Unforgettable** *(5:13)*
**22.00** **Ray Donovan** *(4:13)*
**22.50** **CSI Miami** *(4:24)*
**23.40** **Málið – gerð þáttanna**
**23.50** **Málið**
**00.20** **Dexter**
**01.10** **Borð fyrir fimm**
**01.40** **Ray Donovan**
**02.30** **The Borgias**
**03.20** **Excused**
**03.45** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.00** Golfing World **08.50** Frys.com Open 2013 **12.00** Golfing World **12.50** Frys.com Open 2013 **15.05** Frys.com Open 2013 **18.00** Golfing World **18.50** Frys.com Open 2013 **20.40** Champions Tour - Highlights **21.35** Inside the PGA Tour **22.00** Golfing World **22.50** Ryder Cup Official Film 1999 **00.25** Eurosport

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |


hópkaup.is
SHALIMAR
EN EF ÉG KAUPI 1.051 MÁLTÍÐ Á SHALIMAR?
PIPAR\TBWA • SÍA
Tilboð dagsins á hopkaup.is er máltíð á Shalimar.
HÓPKAUP
í krafti fjöldans
HÓPKAUP 100% VÖRUVERND
100% VÖRUVERND
Hópkaup bjóða viðskiptavinum sínum 100% vöruvernd!
Ef kaupin standast ekki væntingar geturðu óskað eftir endurgreiðslu. Þannig tryggjum við ánægju viðskiptavina.

## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn minn er Suits. Ég er náttúrulega brjáluð í Harvey Specter.**

Elín Eyþórsdóttir tónlistarkona

# Fimmta Íslandsmeistaramótið í póker haldið

Um næstu helgi fer fram lokaborðið á Íslandsmeistaramótinu í póker en þar eru karlmenn í meirihluta.

„Í upphafi voru 152 manneskjur skráðar til leiks í mótið en það hófst um síðustu helgi. Lokaborðið fer svo fram næstu helgi,“ segir Eirný Sveinsdóttir, formaður Pókersambands Íslands, um fimmta opinbera Íslandsmeistaramótið sem fram fer um næstu helgi.

Mikill munur er á þátttöku kynjanna í mótinu. Einungis sex konur voru skráðar til leiks í mótið en til gamans má geta að Aníka Jóhannsdóttir er ríkjandi Íslandsmeistari í póker. Þá er þetta þriðja árið sem kona kemst á lokaborð, en á lokaborði keppa níu keppendur.

Kvenfólk er þó í miklum meirihluta sem gjafarar á borðunum. „Í mótinu núna eru sextán gjafarar og þar af voru fjórir strákar og tólf stelpur,“ segir Eirný. Íslandsmeistaramótið fer fram á hótel Natura. „Það kostar 70.000 krónur að taka þátt og fyrstu átján sætin fá peningaverðlaun.“ Sigurvegari mótsins fær 2.150.000 krónur í verðlaun og annað sætið fær 1.500.000 krónur. - glp

➜ Pókersamband Íslands stendur fyrir tveimur stórum mótum á ári hverju, Íslandsmeistaramótinu sem nú fer fram þar sem spilað er Texas Holdem og Íslandsmeistaramótinu í Omaha. Þar fær keppandi fjögur spil á hendi en ekki tvö líkt og í Texas Holdem.



**MIKILL ÁHUGI Á PÓKER** Eirný Sveinsdóttir, formaður Pókersambands Íslands, segir að það vanti fleiri stúlkur í póker. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






# Maus stígur aftur á svið eftir níu ára hlé

Hljómsveitin Maus spilar í Hafnarhúsinu 29. október á afmælistónleikum X-ins.

„Við erum komnir með góða æfingaaðstöðu og okkur langaði alla til þess að spila,“ segir Birgir Örn Steinarsson, söngvari og gítarleikari Maus.

Hljómsveitin, sem naut mikilla vinsælda bæði á tíunda áratugnum og í byrjun þess síðasta, stígur á svið á tuttugu ára afmælistónleikum útvarpsstöðvarinnar X-ins 977 í Hafnarhúsinu 29. október. Einnig koma fram Ensími, Brain Police, Mammút og Kaleo.

Þetta verða fyrstu tónleikar Maus í níu ár en hljómsveitin fagnar einnig tuttugu ára afmæli sínu á þessu ári. Síðustu árin hafa meðlimir sveitarinnar verið búsettir víðs vegar um heiminn og stundað nám og sinnt sólóferli og öðrum hugðarefnum.

„Við höfum varla verið undir sama þaki í níu ár. Síðan flutti Palli [Páll Ragnar Pálsson] heim í júlí og Danni [Daníel Þorsteinsson] í ágúst og eftir það er síminn búinn að hringja hjá okkur og við erum búnir að fá fullt af tilboðum,“ segir Birgir Örn, sem sjálfur bjó í London, auk þess sem bassaleikarinn Eggert Gíslason bjó í San Francisco.

Aðspurður segir hann hljómsveitina aðeins hafa æft þrisvar sinnum. Þeir félagar hafi ekki viljað spila opinberlega fyrr en Þorkell Máni Pétursson á X-inu fékk þá til að spila í afmælinu. Þar skipti sköpum hversu vel æfingarnar höfðu gengið. „Máni flýtti fyrir þessu ferli en þetta verða líklega einu tónleikarnir á þessu ári.“

Hann segir hljómsveitina ekkert hafa ákveðið með upptökur á nýju efni. „Það er búið að vera nóg að gera við að rifja upp þessi gömlu lög. Við höfum ekki einu sinni talað um það.“

Birgir er að læra sálfræði við Háskóla Íslands og hyggur á meistaranám að loknu BS-prófi. „Sú tilfinning að spila bestu lögin sín uppi á sviði fyrir framan fullt af fólki er rosalega skemmtileg. Þetta verður góð tilbreyting frá því að vera lokaður inni á lesstofu.“

Miðasala á tónleikana hefst á midi.is kl. 12 í dag. Forsöluverð er 977 krónur. freyr@frettabladid.is



**ENDURKOMA** Hljómsveitin kemur aftur saman eftir níu ára hlé í Hafnarhúsinu í lok október. Birgir Örn Steinarsson hlakkar mikið til. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Stofnuð fyrir tuttugu árum

Maus var stofnuð í Reykjavík árið 1993 og fagnar því tuttugu ára afmæli sínu í ár, rétt eins og X-ið 977. Árið 1994 vann hljómsveitin Músíktilraunir Tónabæjar. Hún hefur gefið út fimm hljóðversplötur og kom sú síðasta, Musick, út í júní 2003. Maus var valin hljómsveit ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum árið 1998. Meðal vinsælustu laga hennar eru Kerfisbundin þrá, Ég ímeila þig, Allt sem þú lest er lygi, Ungfrú orðadrepir og 90 krónu perla.






# Jón Jónsson fær að gefa út lag

Jón Jónsson leggur lokahönd á nýtt lag. Hann sendi síðast frá sér lag fyrir ári.

„Við erum loksins að fá að gefa út nýtt lag, við erum komnir með bunka af nýjum lögum,“ segir Jón Ragnar Jónsson tónlistarmaður. Hann gefur út lagið Feel For You á föstudag.

Tónlistarmaðurinn samdi við útgáfufyrirtækið Sony í fyrrahaust en lítið hefur gerst síðan að samningurinn var undirritaður. „Við höfum ekki fengið að gefa út efni síðan samningurinn tók gildi, það hefur lítið gerst, þetta hefur verið á ís í langan tíma og við erum orðnir mjög þyrstir í að gefa út lag,“ segir Jón.

Lagið er að mestu tekið upp í hljóðveri Jóns og félaga og sér Haffi Tempo um hljóðblöndun þess.

Aðspurður segir Jón að texti lagsins fjalli um skólapilt sem heldur partí í þeirri von að stúlkan sem hann er skotinn í mæti þangað. Hann vonast til að nýja lagið blási lífi í gamlar glæður og að hljómsveitin fari að spila af einhverri alvöru að nýju.

„Ef öllum finnst lagið glatað fer ég bara að einbeita mér að fótboltanum,“ segir Jón við að lokum, léttur í lundu. - glp



**LOKSINS NÝTT LAG** Jón Jónsson sendir frá sér nýtt lag í vikunni. Hann gaf síðast út lag fyrir rúmu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Magnað **tilboðsverð** á sérvöldum vörum

Advania býður breitt vöruúrval sem svarar þörfum og kröfum fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Við leggjum metnað okkar í að veita framúrskarandi þjónustu.




**Hagkvæm og áreiðanleg**
Dell Optiplex 3010 borðtölva er vinnustöð fyrir hvaða skrifstofu sem er.

Verð áður: ~~179.990~~ kr.
**Verð nú: 109.990 kr.**

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast. Verð með vsk.



**Öflugur vinnuhestur á góðu verði**
Dell Latitude E5430 fartölva er með styrkta umgjörð og hentar því vel fyrir fólk á ferðinni.

Verð áður: ~~266.090~~ kr.
**Verð nú: 169.900 kr.**



**Bjartur og skarpur tölvuskjár**
Dell Professional P2312H 23" skjárinn er hæðarstillanlegur, hefur marga tengimögu-leika og býður bjarta og góða mynd.

Verð áður: ~~43.990~~ kr.
**Verð nú: 38.990 kr.**



**Öflugt og hraðvirkt fjölnotatæki**
Xerox WorkCentre 6605dn er gríðarlega öflugt fjölnotatæki með þægilegum 4,3" 50 bls. sjálfvirkum pappírsmatara og duplex prentun.

Verð áður: ~~277.950~~ kr.
**Verð nú: 177.990 kr.**

**Velkomin í verslanir okkar í Guðrúnartúni Reykjavík og Tryggvabraut Akureyri.**

Nánari upplýsingar má finna á **www.advania.is/tilbod**, í síma **440 9010** eða í tölvupósti á **sala@advania.is**

advania
Welcome to IT

DELL xerox

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, **ritstjorn@frettabladid.is** **AUGLÝSINGADEILD** **auglysingar@frettabladid.is** **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



WOW MOMENT Í PARÍS


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kvennablað eftir tvær vikur

Það styttist í fyrsta tölublað Kvennablaðsins en forsprakkar útgáfunnar eru þær **Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir** og Soffía Sigurgeirsdóttir. Ritstjórnin fer ört vaxandi en Andrea Sóley Björgvinsdóttir bættist í hópinn á dögunum. Hún er að vinna að mastersritgerð sinni í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst. Í myndbandsfærslu á Facebook-síðu Kvennablaðsins kemur fram að Steinunn og Soffía vonast til þess að fyrsta blaðið komi út eftir um það bil tvær vikur. **- vg**



### Þingmaður söng Let it be

Kaffihúsið Bryggjan í Grindavík hefur verið með svokölluð „open mic"-kvöld um nokkurt skeið. Þá leika tónlistarmenn lög sem gestir staðarins syngja. Á föstudaginn mætti þangað **Páll Valur Björnsson**, þingmaður Bjartrar framtíðar, og lét ekki segja sér tvisvar að fara upp á svið og taka lagið. Þingmaðurinn söng lögin Ford 57 (Komdu í partý) og Let it be við góðar undirtektir hressra áhorfenda sem voru eflaust í gleðivímu eftir sigur íslenska landsliðsins í fótbolta á Kýpur fyrr um kvöldið. **- sm**



## Mest lesið VÍSIR

1. Slökkt vegna norðurljósa í kvöld
2. Foreldrar sem láta ekki bólusetja börn sín ábyrg fyrir útbreiðslu sjúkdóma
3. Umfjöllun, viðtöl og myndir: Ísland U-21 - Frakkland U-21 | 3-4 Fyrsta tap Íslands
4. Ekki ólympíuandinn að selja silfurverðlaunin
5. Skaut í slána og sló í gegn


ÞEKKIR ÞÚ BÖRNIN ÞÍN?




Átakanleg saga um margslungna sekt

www.forlagid.is



WOW

FLUGFÉLAG **FÓLKSINS**

ÁN GRÍNS

PARÍS

OG

KÖBEN

Á

9.900 KR.

FREKARI UPPLÝSINGAR Á SÍÐU 7

LÆGRA VERÐ · STUNDVÍSI · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ

LOFORÐ WOW

**Við fljúgum til** >> London >> Kaupmannahafnar >> Parísar >> Berlínar >> **í allan vetur**

wow.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wow@wow.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-2781